



12

Stefnt að loftslagsvænstu landbúnaðarafurðum heims

30

Fylgja eigin sannfæringu



36

Skógrækt kemur öllum bændum við



7

Besti vinur bónðans




Baedablaðið

20. tölublað 2024 • Fimmtudagur 7. nóvember • Blað nr. 667 • 30 árg. • Upplag 80.000 • Vefur: bbl.is



Þrátt fyrir að búa við sérstakar aðstæður, nyrst á Tröllaskaga, hafa hjónin Jóhannes Helgi Ríkharðsson og Stefánia Hjörðís Leifsdóttir, bændur á Brúnastöðum í Fljótum, rekið gróskumikið blandað bú í um aldarfjórðung. Þær má finna nær allar húsdýrategundir landsins, matvælavinnslu, verslun og ferðapjónustu, svo fátt eitt sé nefnt. Dagarnir eru erilsamir en hugsjón hjónanna um hæglæti og sjálfbærni skín í gegnum alla starfsemina. Þau ræða meðal annars áskoranir ársins, samfélagshlutverk bænda á strjálbýlum svæðum, þyrluskiðaferðir og lífræna geitfjárrækt. – Sjá nánar á síðu 22. Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir



Kosningar

Stjórnmálflokkarnir sem eru í framboði til alþingiskosninga koma áherslum sínum í landbúnaðarmálum á framfæri.

– 20 –



Bokashi

Í sumar hafa tveir 25 tonna safnhaugar lífræns úrgangs verið í gerjun í Döldum, þar sem japönsku aðferðinni Bokashi er beitt til að búa til jarðvegsbæti.

– 28 –

Nýting augna

Fiskaugu innihalda margvísleg efni sem gátu verið akkur fyrir líftækniðnaðinn. Ekki hefur þó enn fundist farvegur fyrir sérstaka vinnslu augna úr sjávarafla hérlandis.



– 18 –

Lambakjöt:

Framleiðslan dregst saman um 340 tonn

Áfram heldur þeim lömbum að fækka sem koma til slátrunar ár hvert. Í liðinni slárturtíð komu rúmlega 13 þúsund færri lömb til slátrunar miðað við árið á undan.

Pað leiðir til samdráttar í lambakjötsframleiðslu sem nemur 340 tonnum.

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnum var alls 404.672 lömbum slátrað nú í haust, en 418.202 haustið 2023. Þegar litið er aftur til ársins 2021 hefur fjölda þeirra lamba sem farið hefur til slátrunar fækkað um 60 þúsund.

A síðasta ári fækkaði slátröldum um tæplega 28 þúsund miðað við 2022 en þá minnkaði kjötframleiðslan um 200 tonn.

Ástæðan fyrir því að kjötframleiðslan varð ekki minni skýrist af því að meðalfallþunginn á landinu var þá 17,22 kíló, sem reynist sá annar mesti í sögunni. Um 1.300 færra fullorðið fé kom til slátrunar í haust miðað við 2023, en á milli áranna 2022 og 2023 varð fækkinum um 3.600 gripir.

Um 1.300 færra af fullorðnu fé

Meðalfallþungi á landinu var 16,94 kg nú í haust, sem er sá þriðji mesti í sögunni. Mestur var fallþunginn á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi vestra – alls staðar vel yfir 17 kg

Sláтурhús	Dílkar '24	Dílkar '23
Kaupfélag Skagfirðinga	80.303	72.712
Slátfélag Suðurlands	85.020	87.117
Norðlenska Húsavík	76.838	71.922
Fjallalamb Kópaskeri	19.952	18.945
Sláтурhús KVH ehf.	78.206	79.075
SAH afurðir ehf.	63.219	65.576
Sláтурhús Vesturlands	590	841
Sláтурhúsíð Refsstaður 1	544	0
Sláтурhús Vopnfirðinga	0	22.014
Alls	404.672	418.202

– en minni á Norðurlandi. Meðaleinkunn fyrir gerð var 9,45 og 6,39 fyrir fitu.

Meðalvigt auðist

Meðalvigt hefur auðist nokkuð á síðustu árum sem vegur að einhverju leyti upp á móti fækken slátrugripa. Sem dæmi má nefna að á árunum 2010 til 2017 nær meðalvigt aldrei 16,5 kílóum, en hefur öll árin síðan verið yfir 16,5 kílóum.

A árinu 2017 komu 560.465 lömb til slátrunar, rúmlega 543 þúsund árið 2018 og tæplega 507 þúsund árið 2019.

/smh

Mjólkurkvóti:

Jafnvægisverð lækkar áfram

– Mest fer í Skagafjörð

Á markaði með greiðslumark í mjólk, haldinn 1. nóvember, myndaðist jafnvægisverðið 250 krónur á lítrann, sem er lækkun úr 265 krónum frá síðasta markaði.

Eins og á fyri mörkuðum flyst greiðslumark mest til Skagafjarðar, eða 400 þúsund lítrar af alls rúmlega 778 þúsund lítrum sem keyptir voru. Næstmest fer á Suðurland, eða tærí 140 þúsund lítrar. Sunnlenskir kúabændur selja mest af greiðslumarki, eða tæpa 370 þúsund lítra.

Alls voru 1.268.229 lítrar boðin fram til sölu, en óskað eftir 913.450 lítrum.

Matvælaráðuneytinu bárust 35 gild tilboð um kaup og gild sölutilboð voru 24. Alls voru 20 seljendur með tilboð á jafnvægisverði eða lægra og selja 76 prósent af framboðnu magni. Kaupendur voru 29 sem

buðu tilboð á jafnvægisverði eða hærra og fá allt magn sem sóst var eftir. Pannig voru sex kauptilboð undir jafnvægisverði og fjögur sölutilboð yfir jafnvægisverði. Tvö tilboð uppfylltu skilyrði um forgangsúthlutun til nýliða.

I gildi er ákvörðun ráðherra um að hámarksverð skuli vera þrefalt afurðastöðvaverð, sem við lok tilboðsfrests var 398 kr. fyrir hvern lítra.

I reglugerð um stuðning í nautgripaþakt stendur um jafnvægisverð að það sé það verð sem myndast þegar framboðið magn er jafnt og eftirsputr magn eða lægsta verð sem jafnvægismagn getur verið selt og keypt á.

Greiðslumark sem boðið er til sölu á hærra verði en jafnvægisverði skal vísað frá markaði og á sama hátt kauptilboðum sem eru lægri en jafnvægisverð. /smh

Hveitikynnbætur alger nýlunda

Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands er verið að hefja vinnu að hveitikynbótum í fyrsta sinn í Íslandssognum.

„Í kynbótaverkefninu ætlum við að fara að byrja á hveitikynbótum sem aldrei hafa verið stundaðar á Íslandi,“ segir Hrannar S. Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrækt LbhÍ, en Hrannar fer einnig fyrir plöntukynbótaverkefninu Völu sem styrkt er af MAR.

„Það er hvorki til hveitistofn né íslensk hveitivirkri. Við erum að byrja frá grunni. Því fórum við á fund með Norræna genabankanum og báðum þau um að opna vetrarhveitisafn sitt og senda okkur sýni af hverri einstu vetrarhveitiarfgerð sem þau eiga. Það var gríðarlega stór aðgerð fyrir bankann,“ segir hann.

Að sögn Hrannars eru gerðirnar rétt tæplega þúsund talsins. Þeim var sáð í Gunnarsholti í haust. Nú verður því unnt að leita að erfðabreytileika fyrir flíti og vetrarpoli. „Þetta ætlum við svo að gera í nokkur ár og safna gögnum um þessu eiginleika,“ heldur Hrannar áfram. „Síðan ætlum við líka að erfðagreina allt þetta hveiti til að fá gott mat á erfðabreytileikum safnsins.



Það er óhætt að segja að þetta er verkefni sem er að veikja talsvert mikla athygli á Norðurlöndum og mögulegt að fleiri rannsóknastofnanir og kynbótafyrirþæki hafi áhuga á að taka þátt í þessu. Þetta safn Norræna genabankans hefur aldrei verið metið með þessum hætti áður, þ.e. sáð út saman og rannsakað. Við þetta má bæta að þetta er með stærstu verkefnum sem hafa það að markmiði að aðlagta vetrarhveiti að svo norðlægum aðstæðum,“ segir hann.

Vetrarhveiti er notað sem fóður fyrir búfé. Eftirsputn eftir hveiti í fóðurgerð á Íslandi hefur verið að vaxa talsvert. Hrannar segir að með öllum fyrirhugum landeldisáætlunum þá gæti eftirsputn eftir hveiti tvöfaldast hér á landi. /sá

Alifuglabændur:

Áframhaldandi vöxtur í neyslu og framleiðslu á kjúklingi

– Stækkan á eina kjúklingabúinu í Dölum

Nýtt kjúklingframleiðsluhús er á teikniborðinu á Miðskógi í Dölum, sem verður sömu gerðar og það sem tekið var í notkun í lok síðasta árs með um 180 tonna framleiðslugetu á ári.

„Við byggjum húsið og leigjum svo Reykjagarði það, sem á allan sérhæfða tækjabúnaðinn, kjúklinginn og reksturinn, en við vinnum við reksturinn,“ útskýrir Skúli Hreinn Guðbjörnsson, sem rekur kúabú á Miðskógi ásamt konu sinni, Guðrún Esther Jónsdóttir.

Komið á fullt í byrjun sumars

„Dóttir okkar, Sunneva Hlín, og maður hennar, Jóhannes Örn Pálsson, fluttu hingað til okkar í maí 2023 og vinnum við saman að rekstrinum, bæði hvað varðar kjúklingaeldið, kúabúskapinn og kjötframleiðsluna. Grunnurinn fyrir nýja húsið er tilbúinn og við steftum á að byrja að reisa það næsta vor þannig að það verði komið á fullt í byrjun sumars. Við ætluðum að vera búin að reisa það núna, en skortur á þakefni hefur leitt til seinkunarinnar,“ bætir Skúli við.

Hann segir að þau fjögur muni ráða vel við að sinna nýju kjúklingahúsi til viðbótar við númerandi búrekstur. Samanlagt geti um 26 þúsund kjúklingar verið í húsunum tveimur á sama tíma.

Skúli og Esther eru aðflutt í Dalinu, Esther er þó fædd og uppalin í Saurbæ í Dölum en Skúli ólst upp á Vatnsnesinu. Þau hittust á Hvammstanga og bjuggu þar til 2004, fluttu þá á Akranes þar sem Skúli var verslunarstjóri í Húsasmiðjunni í 11 ár.



Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Guðrún Esther Jónsdóttir á Miðskógi. Mynd / smh

Þau keyptu svo Miðskógi árið 2015 og fluttu þangað 1. maí það ár, auk kjúklingaeldisins eru þau með eigin kjötvinnslu og heimasölu á nautakjöti sínu, auk mjólkurframleiðslunnar.

Góð afkoma eftir mögur ár

Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs, segir að samstarfið við Skúla og fjölskyldu hafi gengið mjög vel og virkilega ánægjulegt hafi verið að fylgjast með hvernig til hafi tekist hjá þeim.

„Til að nái árangri í kjúklingaeldi þarf að sinna því af natni og umhyggju. Þau hafa sannarlega lagt metnað í sín störf og skilað toppafurðum. Í því ljósi ákváðum við að ráðast í frekara samstarf,“ segir hann og játar að vel gangi í kjúklingframleiðslu

á Íslandi í dag. „Loksins, eftir mjög erfið ár, höfum við farið að sjá til sólár. Það var viðvarandi stórt tap á þessari framleiðslu alveg frá 2017 og í raun til 2022, má segja. Ástæðan var bara erfitt rekstrarumhverfi, hækkan á fóðurverði og öllum kostnaði en of lágt afurðaverð.

Svo kom Covid-faraldurinn inn í þetta, en ég held að það sé óhætt að segja að faraldurinn hafi komið hardast niður á kjúklingaframleiðslunni af öllum kjötframleiðslugreinunum hér. En neyslan á kjúklingi hefur hins vegar alltaf verið að aukast,“ segir Guðmundur og bætir við að Reykjagarður ætli á næstu vikum að byrja á eigin byggingu á Ásmundarstöðum í Asahreppi, sem verði sömu stærðar og húsin eru á Miðskógi.“ /smh

Nýr verðlagsgrunnur og ný verðlagsnefnd

Drög að nýjum verðlagsgrunni kúabús liggja fyrir, sem er uppfærsla á grunnum frá 2001.

Ekki fæst uppgefið út matvælaráðuneytinu hvað felst í nýjum grunni, en hann þjónar tvenns konar tilgangi; vera grundvöllur útreikninga fyrir afurðaverð til kúabænda annars vegar og á heildsöluverði mjólkur og mjólkurvörum hins vegar, sem verðlagsnefnd bívöru ákveður.

Hagstofa Íslands aflar gagna fyrir verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara, tekjur annarra stéttu og verð og verðbreytingar á einstökum kostnaðarliðum verðlagsgrundvallar.

Endurspeglar rekstur kúabús af hagkvæmri stærð

Samkvæmt upplýsingum út matvælaráðuneytinu er það mat nefndarinnar að nýi grundvöllurinn endurspeglar rekstur kúabús af hagkvæmri stærð og taki mið af hagkvæmum



framleiðsluháttum dagsins í dag. Næstu skref séu að setja verðlagsgrundvöllinn upp á skipulegan hátt og yfirfara alla grunnnætti, skrifa lýsingu á því sem er til grundvallar og fleira. Í svari ráðuneytisins segir að gerð verði betri grein fyrir þeim þáttum sem verðlagsgrundvöllur byggir á, þegar tímabært sé að setja hann formlega á fót.

Tafir á skilum Hagfræðistofnunar

Um síðstu mánaðamót rann úr skipunartími verðlagsnefndar búvöru, sem hefur starfað frá árinu 2022. Af sjö tilnefndum fulltrúum eiga Bændasamtök Íslands (BÍ) tvo fulltrúa og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) tvo. BÍ hefur tilnefnt Rafn Bergsson, formann deildar kúabænda hjá BÍ og bónda í Litlu-Hildisey 1, og Sigurbjörn Ottesen, nautgripa- og sauðfjárbóna á Hjarðarfelli, sem situr í stjórn BÍ, sem sína fulltrúa í nýja nefnd. Rafn mun sitja áfram í nefndinni en Sigurbjörn kemur ný inn. SAM tilnefnið Elínu Margréti Stefánsdóttur og Pálma Vilhjálmsdóttir til áframhaldandi setu í nefndinni.

Fráfarandi formaður nefndarinnar, Kolbeinn Hólmar Stefánsson, hefur skýrt tafirnar á uppfærslu verðlagsgrunnsins hér í blaðinu svo að það hafi tekið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands lengri tíma að skila rammanum fyrir nýjan grunn. Farið var í vinnu við þá endurskoðun þegar fráfarandi nefnd var skipuð í september 2022. /smh

Eggjaskortur vegna dýravelferðar

Litlar birgðir á eggjum í verslunum má rekja til umfangsmikilla breytinga sem bændur hafa þurft að leggjast í vegna nýrra reglugerða sem skylda þá að breyta hefðbundnu búreldi í lausagönguhús.

Frá þessu greinir Halldóra Kristín Hauksdóttir, formaður búgreinadeildar eggjabænda, í aðsendri grein á síðu 56. Hún segir að þetta sé mikilvægt skref í átt til dýravelndar, en framkvæmdaferlið hefur víða tekið lengri tíma en til

stóð vegna ytri þáttu sem bændur hafi lítil áhrif á. Nefnir Halldóra í því samhengi meðal annars skipulagsmál. Íbúafjölgun og aukin neysla á hvern mann hefur jafnframt aukið eftirsprung.

Vonir standa til að jafnvægi náist á eggjamarkeðnum á næstu vikum. Halldóra vill þó benda á að íslenskir eggjabændur megi ekki viðhafa samráð um framleiðsluáætlun og sölu. Þetta er ólít því sem tiðkast víða í nágrennalöndunum



þar sem stóð eggjasamlög hafa yfirsýn yfir framboð og eftirsprung. /ál

LÍFLAND

Kjarngóðar ærblöndur

Ærblöndurnar frá Líflandi eru samsettar með efnaþarfir íslensks sauðfjára að leiðarljósi.

TILBOÐ Á FLUTNINGI

Þú færð **Ærblöndur** sendar frítt á stöð hjá Samskipum hvert á land sem er eða frían flutning með Líflandsbílum á viðeigandi dreifingarsvæði skv. áætlun.

Gildir til 15. desember 2024 og m.v. að pantauður sé minnst heill stórasekkur eða 12 smásekkir.

sala@lifland.is
sími 540 1100



LAND CRUISER 250

KOMDU OG REYNSLUAKTU **LAND CRUISER 250** HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.



Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.



TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjavik
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfist viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaadstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Geitur:

Nóg af sæði í hafrastöðinni

Nog er til af frystu hafrasæði og geitabændur hvattir til að nýta sér það til að breikka ættarlínur og koma í veg fyrir skyldleikaræktun.

Geitfjárræktarfélagið hefur flest undanfarin ár tekið sæði úr höfnum í hafrastöð sinni á Hvanneyri og fryst til varðveislu.

„Als voru sjó hafrar teknir á stöð á síðasta ári og voru það hafrar frá Háafelli, Eskiholti, Hrísakoti og Háholi. Sæði var nýtt frá fjórum bæjum og er mikilvægt að fleiri nýti sér hafrastöðina,“ segir Brynjar Þór Vigfússon, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands, aðspurður um gang mála í stöðinni.



Brynjar Þór Vigfússon.

söfnun sæðis, frystingu, nýtingu og langtíma varðveislu erfðaefnis íslenska geitastofnsins.

Í fyrri var tekið sæði í um 560 strá og segir Brynjar Þór augljóst að mikil magn sé til staðar fyrir áhugasama. „Allt sæði er djúpfrost og geymt og hefur myndast góður banki. Hefur á Háafelli verið reynt að sæða með yfir tíu ára gömlu sæði og var góður árangur af því,“ segir hann.

Geitfjárbændur hvattir til að sæða

„Ráðgert er að sama snið verði á stöðinni áfram og eru geitabændur hvattir til að athuga hvort sæðingar henti. Þá sérstaklega í ljósi þess að breikka út ættarlínur sínar og forðast skyldleikaræktun,“ segir Brynjar og bætir við að árangur hafi því miður verið misjafn en nokkrir þó náð góðum árangri.

„Hins vegar er reynslan aðeins frá fáum búum og því ekki hægt að segja með fullnægjandi hætti hversu góður árangur er,“ segir hann enn fremur og minnir á að sæði sé bændum að kostnaðarlausu.



Ken Noda, forstjóri iFarm Iceland ehf., t.v., ásamt gestum sem heimsóttu plöntuverksmiðjuna í Helguvík. Hann segir japónsku jarðarberin koma á markað í janúar nk.

Myndir / Aðsendar

Japanir ætla sér mikla hluti í ræktun á Íslandi

– Áform um hrísgrjónaræktun og sake-brugghús

Japansk fyrirtæki hyggst bæta hrísgrjónarækt við jarðarberjaframleiðslu sína á Íslandi og brugga hér japansk sake.

Japanska sprotafyrirtækið iFarm Iceland ræktar nú jarðarber í lóðrétri vatnsræktun í Græna iðngarðinum í Helguvík. Í ár hefur framleiðslan numið um 70 kg á mánuði en áætlað er að auka hana í 500 kg á mánuði á næsta ári. Áform eru um að ræktunin verði í slíku magni að flytja megi jarðarberin út til kaupenda í helstu stórborgum heims.

Eingöngu eru ræktuð japónsk yrki og þau markaðssett undir vörumerkinu ICHI-GO, sem þýðir jarðarber á japónsku. Fyrstu jarðarberin úr japónsku ræktuninni voru kynnt í húsi Sjávarklasans sl. vor. Græni iðngarðurinn er í húsnæði sem áður var ætlað undir álver Norðuráls á iðnaðarsvæðinu í Bergvík og Helguvík.

ICHI-GO á íslenska og breska markaði í janúar

iFarm Iceland ehf., dótturfyrirtæki hins japansk-alþjóðlega fyrirtækis iFarm corp., var stofnað í nóvember árið 2022. Tilgangur fyrirtækisins er plöntuverksmiðjurekstur, framleiðsla og sala á landbúnaðarvörum og útflutningur þeirra.

Ken Noda, forstjóri iFarm Iceland ehf., segir Ísland vera fullkomíð umhverfi fyrir nýsköpun í matvælakerfinu. „Við getum starfrækt sjálfbæra verksmiðju með endurnýjanlegri orku, og án losunar koldfóxiðs, með litlum tilkostnaði,“ segir Noda.

Fyrirtækið hefur m.a. kynnt jarðarberjaframleiðsluna með beinum nálgun; með því að gefa almenningi jarðarber, en lítið er til þess að hugsanlegir viðskiptavinir hérlandis verði betri veitingastaðir og matvöruverslanir. Jafnframt er stefnt að útflutningi og þá horft til veitingastaða í Bretlandi.

„Við kynnum jarðarberin okkar á íslenskum og breskum mörkuðum í janúar 2025,“ segir Noda. Fengist hafi söluleyfi í september 2024. „Við viljum útvega hágeða jarðarber og grðóðursettum því 5.000 nýjar plöntur af japónsku yrki um miðjan október,“ bætir hann við.

Hrísgrjónarækt og sake-brugghús

Sömuleiðis eru uppi áform um að ræcta hrísgrjón hér á landi og opna sake-brugghús. Noda segir næstu áskorun iFarm Iceland vera að ræcta japónsk hrísgrjón í plöntuverksmiðjunni. „Við munum brugga



Græni iðngarðurinn er í Helguvík.

Próunin frá byrjun til uppskeru

iFarm Inc.



japansk sake úr íslensk-ræktuðu hrísgrjónum og stefnum að því að selja japansk sake sem brugga verður á Íslandi,“ upplýsir hann.

Þá hafa verið uppi hugmyndir um að hefja ræktun wasabi hérlandis til útflutnings og hafa staðið yfir ræktunartilaunir í Japan á árinu tengdar því verkefni. Jafnframt hefur verið rætt að opna sushi-veitingastað hér á landi þar sem íslensk sjávarfang og japónsk hrísgrjón væru í öndvegi.

Noda segir þó engar ákvæðanir hafa verið teknar um ræktun japanskars wasabi enn sem komið er.

Fyrst til að rækta japónsk jarðarber í Evrópu

iFarm Iceland ehf. var stofnað í nóvember árið 2022. Tilgangur fyrirtækisins er plöntuverksmiðjurkstur, framleiðsla og sala á landbúnaðarvörum og útflutningur landbúnaðarvöru.

Í viðskiptaáætlun iFarm Iceland fyrir árið 2025 kemur fram að með plöntuverksmiðju sé unnt að rækta í stöðugu umhverfi allt árið um kring og þannig skapa reglulegt framboð vörum í hæsta gæðaflokki ásamt því að stuðla að matvælaöryggi.

Astaða þess að framleiðslunni sé valinn staður á Íslandi sé gnægð

vatns, hreint loft og náttúruleg orka. Ræktunin er gervigreindarstýrð, notaður er kolefnisrafall og UVB-LED-birta í stað varnarefna.

Japónsk jarðarberjarki eru sögð notuð þar sem þau hafi verið þróuð mjög nákvæmlega til að gera þau sem lífsvænlegust. iFarm Iceland segist vera fyrsta fyrirtækið til að ræcta japónsk jarðarber í Evrópu.

Stórnýtendur jarðarberja

iFarm (iFarm corp.) er í grunninn japansk, en nú alþjóðlegt fyrirtæki, sem þróar hugbúnað og vélbúnað fyrir lóðréttan búsakap og vatnsræktun. Tæknin er notuð til sjálfvirkar, varnarefnalausrar ræktunar á salati, jarðarberjum, kryddjurtum og sprettum. Um er að ræða lóðréttu vatnsræktun sem hámkar þéttleika plantna og orkusarnað, með lágmarks mannafla.

Japanir eru stórnýtendur á ferskum jarðarberjum. Þar í landi eru framleidd um 160 þúsund tonn af þeim árlega og eru Japanir í 11. sæti yfir stærstu framleiðendur jarðarberja á heimsvisu, með um 1,7% alþjóðlega markaðshlutdeild. Jarðarberjarki í ræktun í Japan eru um 300 talsins eða um helmingur allra jarðarberjarkja á jördinni, að sögn iFarm.



Heilmikið er til af frystu hafrasæði og geitabændur hvattir til að nýta það til að breikka út ættarlínur og forðast skyldleikaræktun.

Mynd / sá

Leiðréttigar

Í grein um ræktunarþársins í hrossarækt sem birtist í síðasta tölublaði var ekki rétt greint frá hverjir væru aðstandendur ræktunarinnar á Þóroddsstöðum, en það eru þau Bjarni Bjarnason og Freyja Rós Haraldsdóttir. Beðist er velvirðingar á þessu.

Einnig var ranglega farið með mannanöfn sem birtust í greininni „í hálfa öld á bak við borðið“. Sigurgeir Ísaksson var feðraður Ævarsson. Einnig var Páll Steinþórsson í greininni „Karlar í skúrum“ nefndur Páll Steindórsson í meginmáli. Beðist er velvirðingar á þessu.

/bk & sp

Fóðurblandan er nýr umboðsaðili RØ-KA mjólkurtanka á Íslandi

Nánari upplýsingar á www.fodur.is eða hafið samband við sölumann okkar fyrir ráðgjöf eða verðtilboð. Sími: 570 9820 • oskar@fodur.is



LANDSHÚS
Síðan 2013

**ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR**

FOSSAR EINBÝLISHÚS



Foss nr. 4 - Einbýlishús (180fm)

EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.

KLETTAR HEILSÁRSHÚS

Klettar eru sterkyggð hefðbundin timburgrindarhús með rúmgóðu svefnlofti. Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni.

Upsetning húsanna er afar fljóleg.

Vorpantanir hafnar á öllum húsunum okkar Tryggðu þér pláss!

UPPSETNINGARTEYMI

Vísum á vana uppsetningaraðila með mikla reynslu af húsunum okkar.

EININGAKERFIÐ - Með hagkvæmni að leiðarljósi

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

Húsið á myndinni er af gerðinni **Klettar 80** sem reist var 2019 á Vesturlandi.

JÖKLAR GESTAHÚS



Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.

Jöklar Flat

Jöklar Burst

Jöklar íslensku húsin



STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - www.landshus.is

Öll verð má finna á heimasiðu okkar



LANDSHÚS
Síðan 2013

Bændablaðið

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
 Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 80.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.

Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is
 Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
Útgefandi: Bændasamtök Íslands.

Fæðuöryggi og matvælaöryggi

Hugtökunum fæðuöryggi og matvælaöryggi ætti ekki rugla saman. Þau hafa ólíka merkingu, rétt eins og hugtökun umhverfisvernd og sjálfbærni eða veður og loftslag.

Hugtakið fæðuöryggi (*e. food security*) var notað á opinberum vettvangi árið 1974. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðamatvælastofnun (WFP) komu þá fram með skilgreiningu á hugtakinu sem trygging þess að allt fólk hafi aðgang að nægu magni af grunnumatvælum til að viðhalda heilbrigðu lífi. Á svipuðum tíma hóf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) umfjöllun um matvælaöryggi (*e. food safety*) sem heilsufarsmál.

Skilgreining fæðuöryggis hefur þróast með tímanum og tekið mið af framboði af matvælum, gæðum þess og sjálfbærni. Í dag er fæðuöryggi til staðar þegar allt fólk hefur ávallt raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum og öruggum matvælum til að uppfylla náringarþarfir sínar með frjálsu fæðuvali, til að geta lífð virku og heilsusamlegu lífi.

Í þessu samhengi er einnig vert að nefna hugtakið fæðusjálfstæði (*e. food dependency*) en það hefur verið útskýrt sem sú geta til að framleida innanlands þá fæðu sem dugar til að uppfylla þarfir viðkomandi þjóðar.

Árið 2021 gaf Lbhí út gött yfirlit yfir stöðu fæðuöryggis. Þar segir að Ísland sé í þeiri stöðu að geta framleitt fæðu langt fram yfir það sem þarf til að hafa fullt fæðusjálfstæði, en engu að síður séum við meðal þeirra landa sem flytur inn hvað hæst hlutfall af sinni fæðu. Þetta kemur til vegna þess að við flytjum út mikinn fisk en flytjum inn þann mat sem hnattstaða okkar takmarkar okkur til að skapa hér. Við getum aflað okkur próteins en

áskoranir okkar felast í framleiðslu á kóvetnum til manneldis. „Í sumum tilfellum er þó innflutningur matvörðu óbeinn stuðningur við lágá staðla í umhverfismálum, hreinlæti, heilbrigði og dýravelferð, léleg kjör og aðbúnað bænda og landbúnaðarverkfólk,“ segir í niðurstöðum skýrslunnar.

Fæðuöryggi á Íslandi er, sem og í flestöllum löndum, að einhverju leyti háð utanaðkomandi aðföngum, svo sem eldsneyti, áburði og fóðurhráefni. Þannig getur fæðuöryggi verið ógnað vegna hræringa í alþjóðamálum, eins og við urðum vör við þegar heimsmarkaðsverð á áburði og korni hækkaði upp úr öllu valdi, sem varð til þess að ríkið þurfti að stíga inn með afgerandi hætti svo hægt yrði að viðhalda eðlilegri búvöruframleiðslu. Það var fæðuöryggismálefni. Verkefni okkar er því að leitað til að vera minna háð utanaðkomandi aðföngum. Framfarir hafa orðið á því svíði á allra síðustu árum. Dæmi um það er átak í kornrækt, en í fyrnefndri skýrslu var sá þáttur fæðuöflunar hér á landi nefndur sem vannytur möguleiki. Ónnur teikfaði til að auka fæðuöryggi landsins blasa við þegar horft er til tekniframfara og betri nýtingu auðlinda.

Fæðuöryggi ætti ekki að flækja saman við hugtakið matvælaöryggi. Á meðan fæðuöryggi snýst um að hafa aðgang að nægum matvælum beinist matvælaöryggi að því að tryggja að matvælin sjálf valdi neytendum ekki heilsutjóni, heldur séu örugg og heilnæm. Að tryggja matvælaöryggi felur í sér að koma í veg fyrir að sýklar og bakteríur berist í matvæli á einn eða annan hátt, t.d. með því að gæta að geymslu matvælanna og hreinlæti í matargerð. Þannig eru tilfelli e.coli-smita hjá leikskólabörnum í Reykjavík í síðustu viku á málefnaviði matvælaöryggis, ekki fæðuöryggis. Rétt meðhöndlun matvæla var þar lykilatriði.

Allt okkar matvælakerfi, frá frumframleiðslu að matreiðslu, þarf að vera þannig úr garði gert að fólk hér á landi hafi öruggt aðgengi að fæðu og að maturinn sé öruggur til neyslu. Því er brýnt að bæði fæðuöryggi og matvælaöryggi séu tekin til gagngerrar umræðu en ekki blandað saman.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.



Fjárvældingur skilar árangri í kornrækt

Erfðarannsóknir í íslenskri kornrækt sækja í sig veðrið um þessar mundir, ekki síst fyrir tilstuðlan nýlegs ríkisstyrks sem á að renna stoðum undir kornrækt í landinu.

Á alþjóðlegri byggerfðafræðiráðstefnu, sem haldin var í Argentínu í októberlok, vakti framlag íslenskra vísindamanna frá Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) talsverða athygli. Á ráðstefnunni, sem haldin hefur verið reglulega í hálfa öld, koma saman helstu byggerfðafræðingar heims. Þar eru kynntar nýjustu niðurstöður rannsókna og vísindafólk ber saman bækur sínar.

Meginframlag Íslands á ráðstefnunni var kynning á frumniðurstöðum rannsóknarverkefnisins „Erfðaleg aðlögnun byggs að krefjandi umhverfisaðstæðum“ sem styrt er af Rannsóknasjóði. Egill Gautason, lektor við Lbhí, stýrir verkefninu en að því koma Anna G. Þórðardóttir doktorsnemi, Gunnhildur Gísladóttir, aðstoðarmaður í rannsóknum, og einnig Hrannar S. Hilmarsson, tilraunastjóri Lbhí. Anna flutti fyrilegst a ráðstefnunni, sem telst mikill heiður, og vakti hann mikla athygli. Þá var Gunnhildur með veggspjald tengt sínu verkefni og Egill kynnti aðferðafræði og rannsóknir í tengslum við kynbótaþapr í plöntukynbótaverkefninu Völu.

Ahugi á íslensku rannsóknunum

Íslenski hópurinn sagði greinilegt að erfðamengjaúrval væri að ryðja sér til rúms í byggkynbótum og skýr merki um það á ráðstefnunni að fleiri vísindamenn og kynbótafræðiræki eru að færa athygli síná af einstökum genum yfir á kynbótaþapr sem byggja á erfðareiningum. Ísland sé að taka þátt í þeim straumhvörfum.

Erlendir kynbótafræðingar voru áhugasamir um samstarf við Ísland í kynbótum, og að prófa sínar kynbótaþlínur og yrki á Íslandi. Verkefnið sem Anna kynnti í Argentínu byggir á grunni langs samstarfs milli Íslands og Svíþjóðar fyrir tilstuðlan Porsteins Tómassonar, sérstaklega þó milli Jónatans Hermannssonar og sánska kynbótafræðingsins Lars Gradin, um byggtíraunir í báðum löndum á sánsku og íslensku byggi, víxlunum og gerð nýrra einstaklinga. Segja má að úr hafi sprottið stórmerkileg

gagnasöfn beggja vegna ála og verkefnið ekki síst að sameina þau.

Það sem vakti mesta athygli er að notaðar eru í verkefnið aðferðir dýrakynbóta í plöntukynbótum. „Við erum að kynna til leiks aðferðir til plöntukynbóta sem eru kannski þekktari í dýrakynbótum. Það vekur athygli að bakgrunnur minn er í dýrakynbótum og að ég noti þá aðferðafræði við plöntukynbætur. Hún virðist alveg hugsanlega geta virkað og er spennandi. Þótt aðferðin hafi verið þekkt í mórg ár er hér verið að beita henni á nýjan hátt,“ segir hún.

Aðferðin gagnist til að prófa sama einstakling í tveimur löndum og fá skýra mynd af hversu mikil áhrif ræktunarskilyrði í hvoru landi hafa. Markmiðið sé að leita eftir einstaklingum sem skili meiri uppskeru við íslenskar aðstæður en sánskar.

Áherslubreytingar í kynbótastarfi

Kynning Gunnhildar var á frumniðurstöðum úr mastersverkefni sem hófst í haust. Hún skoðar sérstaklega uppruna íslenska byggisins, hversu blandaður stofninn er við aðra stofna og hvernig hann hefur aðlagð sig að íslenskum aðstæðum. Hún upplýsir að nokkrar breytingar séu að verða á áherslum í kynbótastarfinu. „Við erum komin á kjörstað með flýti og erum að fara að leggja meiri áherslu á að ræktar frekar fyrir eiginleikum sem snúa að gæðum kornsins. Úrval fyrir flýti með áherslu á skriðag virðist hafa skilað miklu árangri, en nú teljum við að stofninn sé nálaðt kþjorgildi þegar kemur að skriðdegi. Frekra kynbótastarf mun snúa að því að auka uppskeru, rúmþyngd og þroska,“ útskýrir Gunnhildur. Mikill áhugi erlendra vísindamanna sé á starfinu.

Stuðningurinn skiptir sköpum

Egill segir ótvírett að styrkur matvælaráðuneytisins til eflingar kornræktar hafi skilað árangri.

„Það stærsta er náttúrlega að kynbæturnar séu fjármagnaðar. Nú er hópur fólkis að vinna í kynbótum, sem breytir miklu.“

Hvað varði stuðning matvælaráðuneytisins við kornrækt hafi fjárfestingarstuðningurinn sem var greiddur út í sumar, og mikil ásókn var í, skilað sér í stóraukinni þurkgetu í landinu, með uppbryggingu í

Eyjafirði, Þingeyjarsýslu, á Flatey í A-Skaftafellssýslu svo dæmi séu tekin. „Ég held að það muni alveg skipta sköpum að auka þurkgetu og geymslugetu með sílóum. Þegar fram líða stundir geri ég ráð fyrir að verði fjárfest í flutningsettu, sem sagt vögnum til að flytja korn til þessara stöðva og til kaupenda. Þetta er gríðarlega jákvætt, þessi útkoma sem er strax búin að raunerast á þessum skamma tíma. Bændur voru líka tilbúnir til að bregðast við. Það er augljóst hvað þeir voru snöggr að fara í þessa uppbryggingu,“ segir Egill.

Samtal við fagráð bænda

Hrannar situr í stýrinefnd um útgáfum yrkja, nöfn þeirra og kynbótamarkmið.

„Eins og er eru þrír eiginleikar sem við kynbætum fyrir,“ útskýrir hann. „Það er uppskera, þurrefni við skurð og rúmþyngd. Þessir eiginleikar eru allir hagrænir fyrir bændur og skipta þess vegna miklu máli. Prátt fyrir að þetta séu aðeins þessir þrír eiginleikar eru um við að safna gögnum um margfalt fleiri eiginleika sem við getum bætt við kynbótamarkmiðin hvenær sem er. Það getur t.d. verið stráhæð eða hálmagn, strástyrkur eða sjúkdómsþol. Hvenær og hvort eigi að bæta þessu við kynbótamarkmiðin þyrfti að gerast í samtal við bændur. Sem eru svo á endanum þeir sem rækta kornið. Það væri augljós ávinnungur af því að koma upp formlegu samtal við ræktendur,“ segir hann.

Meiningin sé að hefja samtal við fagráð bænda um markmiðin, enda forgangsatriði að gæta hagsmuna þeirra.

Uppskera að aukast á Íslandi

Athygli vekur að uppskera er að aukast á Íslandi, en viða er uppskera að dragast saman vegna loftslagsbreytinga. Þá er uppskera byggs á Íslandi ekki lítil í samanburði við mörg lönd, t.d. Vestur-Astralíu. Bygguppskera á Íslandi er í kringum 3 tonn að meðaltali og hefur farið hækkandi. Hún er sambærileg meðaltalsuppskera í heiminum.

Í ljós kemur að íslenskir bændur nota nú langmest af íslensku yrkjum Kríu og Smyrli. Hrannar segir augljóst að þau komi betur út en erlend yrki, m.a. í þeim veðurfarslegu aðstæðum sem voru sl. sumar. Ekki liggur enn fyrir hver kornuppskera ársins var. /ghp-sá


DeLaval

Ekki láta smákálfunum verða kalt

15% afsláttur
af kálfaábreiðum

Tilboðið gildir frá 7. nóv. til 21. nóv.

Bústólpi



Arya er afar blíð, barngóð og elskar fjölskylduna sína meira en allt. Væmin og gefur frá sér ofboðslega mikla ást. Á sama tíma er hún algjör trúður og mjög mikil brussa.



Vaskur er eins árs blendingur sem átti að vera mikill smalahundur en gerir helst gagn í að taglensnýta hrossin og elta ketti nágrannanna ásamt því að dreifa lífraumum áburði um alla garða óumbæði. Hans uppháaldsfæða er allt sem hann má ekki éta eins og framleingarsnúrur, finir skór, spýtur og sjálfdaðar gæsir. Hann þarf bæði mikla hreyfingu en líka vitsmunalegar áskorunir, eitthvað sem reynist uppeldi. Grýla er undan hinum fræga Elvis frá Flögu sem vann helst til afreka að fylgja sér af eldmóði.



Kubbur er rólegur og yfirvegaður labradorblendingur, mikill matgæðingur, ofboðslega ljúfur og gerir engum mein. Þolir ekki ókunnuga bíla og lætur vel í sér heyra nálgist þeir hans svæði. Elskar spjall, athygli og hvers kyns strokur og klapp og kælandi baðferðir á heitum dögum.



Doppa hefur gaman af smalamennskum og að hitta góða vini. „Einn þeirra er fyrverandi forsætisráðherra sem var svo elskulegur að hjálpa mér að smala kindunum mínum. Við eignum sameiginleg áhugamál sem er íslenskur landbúnaður, hreint og ómengoa íslenskt kjöt.“



Kvika, öðru nafni Flúffmaster, er tólf ára Border Collie. Hún er taminn fjárhundur en þegar hún kemst í að smala kum þykir henni gefast best að hoppa fyrir framan þær. Á efri árum vill hún þó helst lúra í sófa.



Hera Sigfús heldur að hún sé eilífðartáningur sem aldrei þurfi að fullorðnast. Hún er með eindæmum heyrnarlitil oft og tíðum og mjög sjálfstæð. Meðfærilegt sjálfstæði myndi ég telja til kosta góðs smalahunds en bessi valkvæða heym hennar og mikli sjálfstæði vilji gerir það að verkum að tæplega fellur hún í þann flokk. Óstýrláta hún er þó alltaf (oftast) skemmtileg og tekur alltaf við bita með dillandi rófu af gleði.

Besti vinur bóndans

Góður vinnuhundur eru bændum gulls ígildi enda gegna þeir oft mikilvægu hlutverki í búskapnum. Samband hunds og eiganda getur verið afskaplega gjöfult, hrífandi og underlegt í senn. Því hefur gjarnan verið slegið fram að hundum svipi til eiganda síns, hvort sem er í útliti eða háttum. Hér má sjá úrval frambærilegra sveitahunda sem lesendur geta skemmt sér við að tengja mögulegum eiganda. Gangi ykkur vel.

/sp



Sigurbjörg Ottesen, nautgripa- og sauðfjárþóndi.



Eydís Rós Eyglóardóttir kjúklingabóndi.



Reynir Atli Jónsson hrossabóndi.



Stella Sólveig Pálmarsdóttir hrossabóndi.



Jóna Björg Hlöðversdóttir nautgripabóndi.



Þórarinn Ingi Pétursson sauðfjárþóndi.



Monika Björk Hjálmarsdóttir sauðfjárþóndi.

Vísnahornið

Haraldur frá Kambi var þekktur, hann orti eitt sinn:

Nú fer ég að lesa lög og læra um svik og hrekki, því lítí gagnar höndin hög og heiðarleikinn ekki.

Bókin *Morgungolan* svala svalar dregur nafn sitt af vísu **Puru í Garði**:

Morgungolan svala svalar, syndugum hugsunum. Sínu máli talan talar, talan úr buxnum.

Vísuna orti Puru þegar hún gætti Lystigarðsins á Akureyri en sagðan segir að hún hafi fundið bælt gras í runna og tölu af buxnaklauf.

Indriði Helgason, rafvirkjameistari á Akureyri, orti þessa á 90 ára afmælinu.

Eitt það vita allir menn að endirinn er ráðinn. Karlinn veit að kemur senn kortslíting á þráðinn.

Um áhugamál sín orti Indriði:

Lokaskrefin lítil met lífs við ystu gjögur ef ég lesið ekki get Íslendingasögur.

Sveinn frá Elivogum var kunnur á sinni tíð og þótti níðskældinn. Sagt er að móðir hans hafi ort:

Gætu þess að guð er einn, gáfurnar er léði. Ef þú yrkir svona Sveinn, sál þín er í veði.

Hins vegar orti Sveinn líka margt annað en skammarvísur.

Blunds af dýnum drótt er leyst, deyfðum týna allir. Allt mér sýnist endurreist, einnig mínar hallir.

Pessa orti Sveinn í sínum raunum:

Ekki mér um æviskeið, oftar byggi hallir. Hrundir eru á langri leið, loftkastalar allir.

Sagt er að einu sinni hafi ungur oflái verið með svívirðingar í garð Sveins og fékk þessa:

Hafðu ungur hóf við Svein, hreyfðu 'ei þungum nótum, eiturþrunginn á hann flein, undir tungurótum.

Nú er pólitkin allsráðandi og hefur auðvitað ætíð verið. **Björn Sigvaldason** orti 1971:

Viðreisnin er fallin frá, fagnar þjóð að vonum, ef ekki bregðast heitin hjá Hannibal og sonum.

Karl Kristjánsson orti þessa sléttubandavísu um Jón frá Akri:

Akrahöldur staupastór stýrir málajingum. Vakra öldu boðnar bjór brýtur manninn kringum.

Jón Hermannsson, bóndi á Högnastöðum, orti nýlega:

Einhvern veginn á mér finn að enn nun styrkast Klausturlíðið því Gunnar Bragi gapuxinn gengur keikur inn á svíðið

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

Vinnumarkaður:

Nýtt merki vottar gott starfsmannahald

Friðheimar eru í samstarfi við Báruna, stéttarfélög, að innleiða nýtt merki, Í lagi, sem ætlað er að votta að starfsmenn fyrirtækja hafi kjarasamninga við stéttarfélög. Merkið er að danskri fyrirmynnd.

Á málþingi á degi landbúnaðarins kom fram hjá Halldóru S. Sveinsdóttur, formanni Bárunnar, stéttarfélags, að Báran hefði undanfarið unnið með garðyrkjubændum í Friðheimum að merki sem nefnist Í lagi. Þetta væri hugmynd sem kæmi frá Danmörku og lýsti því að starfsfólk á viðkomandi stað hefði kjarasamning og að hugað væri vel að því launafólk.

Unnið með bændum í Sölufelagi garðyrkjumanna

Hugmyndin að innleiðingu slíks merkis á Íslandi er upprunnin í Friðheimum í Reykholti. Knútur Rafn Ármann í Friðheimum segir verkefnið búið að vera í vinnslu um allnokkurt skeið og til standi að koma merkinu í umferð síðar í vetur. Hópur bænda innan Sölufélags garðyrkjumanna muni taka merkið upp þegar undirbúningsvinnu sé að fullu lokið, en hún felur meðal annars í sér gerð gæðahandbóka innan viðkomandi fyrirtækja.

„Merkið er hugsað sem jákvaður hvati til fyrirtækja og verkalýðsfélaga – að búa til jákvað samtal þessara aðila með hvatningu,“ segir Knútur. Hugsunin sé að fyrirtæki geti haft vottun um að hugað sé vel að starfsfólk og það sé, ásamt fleiri þáttum, jákvætt að neytandinn geti valið sér voru sem hafi slíka vottun, auk þess sem það styrki innlenda framleiðslu gagnvart innfluttri vörum. ASÍ hefur einnig lagt verkefinu lið.

Undirbúnningi að ljúka og merkið í samþykktarferli

„Fyrirmynndin kemur frá Dan-



I lagi er byggt á danska OK-merkinu.
Mynd / Ok-maerket.dk

mörku,“ segir Halldóra. „Það sem við erum að tala um er að fyrirtæki fær þetta merki ef það hefur kjarasamning við viðkomandi stéttarfélag. Hér erum við að þekja 90% markaðarins með kjarasamningum,“ útskýrir hún. Fyrirtækin geti þannig merkt vorur sínar með Í lagi, til glöggvunar fyrir neytendur.

„Hugmyndin er að við samþykkjum að fyrirtækin séu að fara eftir kjarasamningum og að greiða rétt laun og þá fá þau stimpilinn í lagi. Þetta hefur verið samvinnuverkefni okkar og Friðheima eingöngu enn þá. Friðheimar eru svo að vinna í baklandi garðyrkjubanda,“ segir hún enn fremur. Undirbúnningi sé nánast lokið en merkið hafi ekki verið formlega samþykkt enn sem komið er.

Danir notað OK-merki í mörg ár

Danska OK-merkið er líklega fyrirmundur í lagi-merkisins. Það hefur verið allmörð ár í umferð og er sameiginlegt átak um 65 danska verkalýðsfélaga. Merkið á að tryggja öryggi til mannsæmandi launa skv. kjarasamningi, orlofs og fæðingarorlofs. Um 1,3 milljónir launafólk í Danmörku munu vera undir OK-merkinu.

/sá



Jakob K. Kristjánsson, skógarbóndi frá Hóli í Hvammssveit í Dalabyggð, með ungar Hryms-trjáplöntur. Mynd / smh

Skógrækt:

Stórtæk ræktun á Hrym í Búðarda

Ræktunarstöð fyrir lerkitegundina Hrym hefur verið stofnsett í Búðardal þar sem byrjað er að framleiða plöntur frá stiklingum, en samhlíða verður reist fræhöll til að auka framboð enn frekar á þessari eftirsóttu trjátegund.

Hópur skógarbænda og fyrirtækja stendur á bak við verkefnið, sem felst í að byggja upp stórtæka ræktun á þessari lerkitegund.

Hrymur er einkar hentugur til skógræktar á þeim svæðum á Íslandi þar sem miklir umhleypingar eru, auk þess sem hann þykir afar öflugur við kolefnisbindingu.

Ætla að tryggja framboð næstu árin

Að sögn Jakobs K. Kristjánssonar, skógarbóna á Hóli í Hvammssveit í Dalabyggð, eru nokkrir skógarbændur af nálægum svæðum þáttakendur í verkefni, eða fagfólks. „Þar sem við erum sjálfir skógarbændur, þá höfum við hugsað okkur að byrja næsta vor á að byggja upp akra, eða stór beð með Hrym-stiklingamæðrum til að tryggja framboð af góðum stiklingum næstu árin. Síðan hugsum við að nota helminginn af framleiðslunni til að byrja með í eigin skógrækt en selja hitt til að byrja að afla tekna fyrir verkefnið.“

Hann útskýrir að Hrymur sé lerkiblendingur og svipaðar tegundir séu talsvert notaðar í skógrækt í Kanada, Kína og í Evrópu. En jafnvel á svæðum þar sem hægt sé að ná nægilegum árvissum fræþroska þá sé náttúruleg kynblöndun flókin og erfið. Ekki sé heldur hægt að nota fræ frá fullvöxnun trjám því blendlingsþrótturinn glatist í fræjum næstu kynslóðar. Fjölgun frá stiklingum eða með frumurækt sé einnig snúin, enda þurfi til þess sérhæfða kunnáttu, aðstöðu og tejkjabúnað.

„Við fórum samt þá leið að fjölgja Hrym frá stiklingum, enda hafði Rakel Jónsdóttir gert tilraunir með það hjá Skógræktinni sem sýndi fram á að það væri vel gerlegt, en vandasamt,“ segir Jakob og bætir við að til mikils sé að vinna því talið sé að eftirsprungur sé á bilinu tvar til þrjár milljónir trjáplantna ári hverju. Við stefnum á að framleiða að minnsta



Sjö ára Hrymur í haga í Dölunum.



Stiklingaráræktun er sú leið sem skógarbændurnir ætla að fara til að geta boðið upp á þessa eftirsóttu trjáplöntu.

kosti 5–10 þúsund plöntur á næsta ári, sem yrði hægt að planta út í júní til september.“

Fræframleiðsla Skógræktarinnar minnkar

„Framleiðsla Skógræktarinnar frá fræi hefur farið minnkandi, en aðeins 12 þúsund plöntur voru í boði á þessu ári og á því næsta verður engin planta í boði frá þeim,“ heldur Jakob áfram.

„Fræplöntur Skógræktarinnar eru farnar að ganga úr sér og blómgunin farið minnkandi síðustu ár. Þar sem Hrymur er kynblendingur af rússalerki og evrópulerki þurfa baði afbrigðin að blómgast álíka vel og á sama tíma – svo parf að víxlfrjóvgva handvirkt á milli og það er bara nokkurra daga gluggi á vorin. Síðasta vor misförst blómgunin hjá þeim, eða var ekki á sama tíma, þannig að víxlfrjóvgunin tókst ekki. Þess vegna verður ekkert Hrym-fræ í boði næsta vor.“

Myndar sjaldan fræ á Íslandi

Jakob segir að lerki myndi ekki, eða afar sjaldan, fræ við íslenskar aðstæður þó svo að það vaxi svona vel á Íslandi. „Til að svo geti orðið er nauðsynlegt að hafa fræplöntunar í grðurhúsi og stýra aðstæðum. Við ætlum samt að láta reyna á það. Nýjar fræplöntur eru valdar og ágraðdar á stofn eldri öflugri planta – þetta er

allt nokkur nákvæmnisvinna og síðan tekur að minnsta kosti 5–7 ár þar til nýjar fræplöntur byrja að mynda fræ í einhverjum mæli. Svo þetta er heldur ekki neitt einfalt mál og líka kostnaðarsamt,“ segir Jakob.

Hann segir að ekki sé farið að selja neitt úr tilraunaframleiðslunni, þó hún hafi heppnast nokkuð vel.

„Það er enn þá óvissa hversu gott árangurshlutfallið verður – það er hlutfall stiklinga sem mynda rætur – svo við þurfum að skala þetta upp nána í vetrur. Við byrjum að klippa stiklinga af fullum krafti næstu vikurnar og setja af stað,“ segir hann og bætir við að það taki um 6–8 mánuði í uppeldi áður en planta telst söluhæf.

Að klippa stiklinga og setja ræktun af stað taki um einn mánuð, ræting um þrjá til fjóra mánuði og áframræktun í sterri bökkum um two til þrjá mánuði áður en komið sé að aðlögun úti sem taki um hálfan til einn mánuð.

„Það er samt gott að þetta ferli er nánast óháð árstíma, nema síðasta skrefið um útiðlögun. Ef tíminn passar ekki við íslenska sumarið þá er hægt að stýra því og setja plönturnar í dvalarástand yfir hluta úr vetrri og vekja þær svo næsta vor. Pannig að ef við höfum nægan aðgang að stiklingum af ungum tveggja til fimm ára plöntum, þá er hægt að keyra að minnsta kosti tvær lotur ári á sama búnaði og aðstöðu.“

Toppurinn í dælum er frá JUNG PUMPEN



Eigum til Jung dælur á lager.

- Brunndælur
- Skolpdælur
- Stýringar

Frekari upplýsingar á www.set.is

SET
Set ehf • Röraframleiðsla • Selfossi Vöruhús • Klettagördum
Sími: 480 2700
Netfang: sala@set.is
www.set.is

PENTAIR
JUNG PUMPEN

Jung Pumpen var stofnað í Steinhausen í Þýskalandi árið 1924 og hafa framleitt hágæða dælur alla tíð.

ODDVITAR MIÐFLOKKSINS



ÁFRAM ÍSLAND
MIÐFLOKKURINN

X M



Ærin á myndinni er Lokkaprúð 22-886 á Þorgautsstöðum 2, Hvítársíðu. Hún reiknast 94 prósent af feldfjárrættum.

Skipulega haldið utan um feldfjárrækt í Fjárvís

Nýverið bárust tíðindi af því að verið væri að setja inn upplýsingar um feldfé í Fjárvís, skýrsluhaldsforritið í sauðfjárrækt, en þar hefur ekki fyrr verið haldið skipulega utan um þessa ræktun.

Að sögn Árna Brynjars Bragasonar, ráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, er með ræktun á feldfí sósóft eftir ákveðnum feldeiginleikum hjá íslensku fí, það sé jafnálsenskt og annað fí í landinu en ræktunarmarkmið eru önnur. Fyrst og fremst séu það bændur í Rangárvallasýslu og á Vesturlandi sem hafa sýnt feldfjárrækt áhuga utan heimasvæði og konur séu í miklum meirihluta ræktenda.



Árný Brynjars Bragason.

Hann segir ræktun á feldfí hafa aukist á síðustu árum og segir Árni að 1.356 kindur hafi í dag fengið útreiknaða feldprósentu sem segir til um hversu hátt hlutfall hægt er að rekja til feldræktunarinnar í Vestur-Skaftafellssýslu. „Raunverulegur fjöldi feldfír sem verður settur á vetur liggur ekki fyrr enn í desember, þegar bændur hafa flestir skilað haustgögnum í Fjárvís,“ segir hann.

Betra aðgengi að upplýsingum um feldgæðin

Í Fjárvís er nú hægt að sjá feldgæðadóma gripa undir flípanum „Feldgæði“, sem birtist í „Yfirlit grips“, en áður var aðeins hægt að fletta dónumum upp í „Feldgæðayfirliti“. Þá er einnig hægt að fá upp yfirlit yfir allt feldfé búsinum, undir „Yfirlit – Feldfjár yfirlit“.

„Allmög bú hafa prófað að sæða með feldhrútum en talsvert færri hafa farið af stað með einhverja ræktun. Ef talin eru bú sem eiga einhverja gripi sem eru meira en 50 prósent af feldettum þá eru þau samtals 41 bú. Petta getur verið allt frá einum grip upp í yfir 100 grip eins og eru á grunnbúnum tveimur sem fyrr hafa verið nefnd,“ segir Árni enn fremur, spurður um hversu útbreidd þessi ræktun sé í landinu. /smh

Tvö bú sem bera uppi ræktunarstarfið

Með markvissu vali frá þeim tíma hefur tekist að rækta fram þessa sérstökum gærueiginleika í örþáum hjörðum í Vestur-Skaftafellssýslu. „Í dag eru það tvö bú þar eystra sem bera uppi þessa ræktun í Vestur-Skaftafellssýslu, það er á Melholi í Meðallandi og á Þykkvabæjklaustri,“ segir Árni.



Ljósmyndabók gefin út til minningar um Skarphéðin G. Þórisson náttúrufræðing.

Hreindýramyndir Skarphéðins eru heillandi og bókin er tilvalin gjöf til náttúruunnenda og annarra þeirra sem vilja minnast mikils fræðimanns og góðs félaga.

Íslenskur og enskur skýringartexti.

**Hægt er að panta bókina í netfang sigurjon@bokstafur.is
Verð: 6.500 kr. með sendingarkostnaði.
Einnig fáanleg í flestum bókaverslunum.**

Fjarðarorka:

Land tryggt undir vindmyllusvæðin

– Verkefnið liggur hjá verkefnisstjórn Rammaáætlunar

Skipulagsstofnun hefur fengið fyrirhugaðan vindorkugarð í Fljótsdalshreppi inn á sitt borð til umfjöllunar.

Um óvenjulegt vindorkuverkefni er að ræða hér á Íslandi þar sem nýta á vindorkuna til framleiðslu á rafeldsneyti á Reyðarfirði.

Ein af hlíðarafurðum verkefnisins yrði vistvæn ábúðarframleiðsla auk þess sem varmi sem fellur til sem aukaafurð verður notuð til þess að styrkja hitaveitu Fjarðabyggðar og fyrir fiskeldi á landi.

Hugmyndin er að rafeldsneytið verði notað til orkuskipta í skipum, bæði flutningsskipum og fiskiskipum.

Framleiðsla á 220 þúsund tonnum rafeldsneytis

Félagið Fjarðarorka hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar sem er eins konar verkáætlun umhverfismatsins. Magnús Bjarnason er stjórnarformaður Fjarðarorku, sem er íslenska félagið sem heldur utan um verkefnið. Að baki því stendur danska fjárfestingafélagið Copenhagen Infrastructure Partners og er það hluti af Orkugarði Austurlands, sem er samstarfsvettvangur um nýtingu grænna tækifæra á Austurlandi.


Í matsskýrslunni kemur fram að um 350 MW virkjun verður að ræða og dreifast vindmyllurnar á fimm svæði innst inni í Fljótsdal, beggja vegna hans, á 87 ferkilómetra svæði. Sú orka á að duga til að framleiða 220 þúsund tonn af rafeldsneytinu ammóníaki á ári. Er í forsendum verkefnisins gert ráð fyrr að með því megi draga úr útblæstri á koltvísýringi sem nemur útblæstri skipaflotans, um 500 þúsund tonnum á ári.

Samtal við íbúa

Magnús segir að athugun á matsáætlun taki sjóvikur, en allt ferlið við að gera skýrluna tekur tvö ár, síðan tekur við kynningarferli sem taki samanlagt 13 víkur. Þá er verkefnið líka komið til verkefnisstjórnar Rammaáætlunar og segir Magnús að beðið sé þess að hún ljúki því að vinna úr niðurstöðum faghópa og undirbúi tillögur að flokkun.

„Fjarðarorka hefur nú þegar í undirbúningi verkefnisins haft samráð við sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og mun halda því áfram meðan á verkefninu stendur.

Einnig hafa verið haldnir íbúfundir fyrir íbúa Fljótsdalshrepps,“ segir Magnús og bendir á að verkefnið um Orkugarð Austurlands hafi verið kynnt íbúum Fjarðabyggðar og Fljótsdalshrepps



Vindmyllusvæðin fimm í Fljótsdal.

Mynd / Matsskýrsla Fjarðarorku



Magnús Bjarnason. Mynd / smh

sveitarstjórnir og íbúar séu tilbúnir til að skoða þetta verkefni frekar. „Við höfum líka gert samninga við átta landeigendur á svæðinu um not a um 87 ferkilómetra svæði, þannig að þeir vilja taka þátt í þessu.

Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að orkuskipti þurfa að eiga sér stað, bæði í samgöngum á vegum en einnig í skipaflotanum. Stefna stjórnvalda í þeim málum liggr einfaldlega fyrir. Þá er spurningin, aðlum við að flytja inn það rafeldsneyti sem þarf í slík umskipti eða aðlum við að framleiða það sjálf,“ segir Magnús og telur óhjákvæmilegt verði annað en að einkrafmtakid komi að þessum orkuskiptum á Íslandi. „En auðvitað er möguleiki á opinberri þátttöku í verkefninu með einhverjum hætti,“ bætir hann við.

Fasteignagjöld forsenda leyfisveitinga

Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps, segir að vissulega séu vindmyllur stórar og hafi sjónræn áhrif, en þau séu mismunandi eftir því hvaðan horft sé.

„Helstu umhverfisáhrifin af sjálfi framkvæmdinni eru vegagerð og sökklar undir myllurnar. Núna er verið að setja upp rannsóknarstöðvar fyrir mælingar á farleidum fugla.

Miðað við þjóðfélagsumræðuna eru orkumálin umdeild og ég geri ráð fyrir að svo verði einnig um þessa framkvæmd,“ segir Helgi.

Hann bætir því við að rétt sé að fram komi að sveitarstjórn Fljótsdalshrepps vilji að aflétt verði undanþágum fasteignagjaldalorða orkumannvirkja. „Orkuframleiðsla er einn arðbærasti atvinnuvegur á Íslandi og sá atvinnuvegur ætti því að geta greitt fasteignagjöld eins og önnur og minna arðbær atvinnustarfsemi þarf að gera. Þá er því ákvæðin forsenda leyfisveitinga að nærsamfélögin fái tekjur af notkun auðlindinna í þeim.

Petta er ekki flókin aðgerð. Þáð þarf aðeins stjórnálamenn sem hafa kjark til að taka ákvörðun um þetta og koma í framkvæmd,“ segir Helgi. /smh

Skaftárhreppur:

Snjallsímar bannaðir í grunnskóla

Frá því í haust hefur nemendum Kirkjubæjarskóla verið óheimilt að vera með snjallsíma.

Valgeir Jens Guðmundsson skólastjóri segir nemendum ná að einbeita sér betur, tala meira saman og að andrúmsloftið í skólanum sé betra en áður. Meirihlut foreldra er ánægður með bannið auk þess sem velferðarráð Skaftárhrepps lýsti yfir ánægju með þessa ákvörðun. Nokkrar athugasemdir hafa borist frá foreldrum til sveita sem hafa áhyggjur af því að ekki væri hægt að hringja í

börnin. Þeir nemendum fá að koma með síma en notkun á skólatíma er óheimil. Skólastjórin telur að það sé orðið lýðheilsumál að yfirvöld banni snjallsímanotkun barna því þetta hafi ekki eingöngu verið vandamál á Kirkjubæjklaustri. „Þáð eru margir skólar á landinu sem hafa gripið til þess ráðs að banna síma. Auk þess sýnir hver rannsókn á fatur annarri fram á skaðsemina,“ segir Valgeir. Nemendum Kirkjubæjarskóla eru 46 talsins. /mhh

Vinlandsléið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

ELDRÍNGASEN



Allt á hvolfi í pólitíkinni?
Engar áhyggjur, við erum með allt á hreinu.

[®]**we-uea**

Sjálfbærni:

Stefnt að loftslagsvænstu landbúnaðarafurðum heims

Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, iðnaðarverkfræðingur og sjálfbærniráðgjafi, leiddi vinnu við gerð loftslagsvegvísíðu bænda. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ragnheiður Björk komið víða við á svíði umhverfis- og loftslagsmála bæði hérlandis og erlendis á liðnum árum.

Vægi loftslagsins í öllu þáttum samfélagsins hefur vaxið örт samhlíða aukinni vitnesku um orsök og áhrif loftslagsbreytinga. Einstaklingar, fyrirtæki, og stjórnvöld keppast við að finna leiðir í átt að loftslagsvænni rekstri og starfsemi.

Petta endurspeglast í sífellt ríkara mæli í stjórnkerfinu, þar sem vilji til breytinga er orðinn ápreisanlegur og sett hafa verið lögfest markmið og vísar sem þjóna eiga sem stefnumarkandi fyrir loftslagsvænni heim. Þannig hafa orðið til störf og verkefni fyrir fólk sem hefur þverfaglega pekkingu á umhverfis- og auðlindamálum og ný kynslóð sérfraeðinga á þessu svíði er að koma fram.

Ragnheiður Björk er af þessari nýju kynslóð. Hún rekur upphaf sinnar vegferðar á þessu svíði til sumarstarfs hjá Landsvirkjun árið 2012. „Landsvirkjun var meðal þeirra allra fyrstu fyrirtækja á Íslandi til að raunverulega huga að loftslags- og sjálfbærnimálum, ég myndi ganga svo langt að segja að það sé í DNA fyrirtakisins. Þar kvíknaði áhuginn.“

Ragnheiður flutti til Þýskalandi árið 2014 og kláraði þar meistaragráður í bæði iðnaðarverkfræði og viðskiptafræði með áherslu á stjórnun aðfangakerfa við Tækniháskólan í München. „Þetta var það sem maður myndi kalla learning-by-doing nám, en þar fékk ég tækfæri til að leysa fjölda verkefna fyrir fyrirtæki í Þýskalandi. Má þar sem dæmi nefna bestun á loftslags- og efnahagsáhrifum sendingakerfis fyrir stærstu stafrænu tiskuvörverslun Evrópu, Zalando, og greiningu á uppruna og nýtingu sojabuna fyrir Demeter vottunaraðila. Allt snerist þetta um að besta kerfin út frá fleiri þáttum en efnahagsáhrifum.“

Eftir starfsreynslu bæði hjá BMW og Mercedes Benz Cars hóf Ragnheiður störf hjá ráðgjafarfyrirtækinu McKinsey og síðan SYSTEMIQ. „Ég fann hvernig ég brann fyrir því að vinna í þágu stærri málum og ekki bara horfa á evrur og sent. SYSTEMIQ var mikill brautryðjandi á því svíði og stýrði einungis verkefnum til lykta, sem höldu raunverulegan loftslagslegan ávinning og kerfislægar breytingar í för með sér. Umhverfið var alltaf kúnni númer eitt. Við gátum því hafnað grænþottaverkefnum ólíkt flestum öðrum ráðgjafarfyrirtækjum.“

Hún nefnir dæmi um verkefni sem

hún vann. „Ég var mikil í strategískum og taktískum verkefnum. Allt frá hönnun og uppsetningu alþjóðlegs plastbanka til að byggja upp innviði söfnunarkefna í þróunarríkjum og flýta tækniþróun við endurvinnslu plasts, yfir í uppsetningu á samhæfðum sáttmála um breytingar í framleiðslu plastumbúða þvert á stærstu neysluvöruframleiðendur heimsins. Síðar færði ég mig út í pólítískari verkefni, eins og uppsetningu leiðtogaileiðbeininga í umboði framkvæmdrstjóra ESB, Ursulu von der Leyen, en einnig skilgreiningu eins konar loftslagsvegvísis, sem meðalstór fyrirtæki í Þýskalandi aflatnu nýkjörinni ríksstjórn haustið 2021. Mínar áherslur hafa alltaf legið í því að auka sjálfbærni og seiglu í rekstri, samhlíða því að besta ferla og afkomu fyrirtækja, opinberra aðila, atvinnugreina og annarra sem eftir því sækjast,“ segir Ragnheiður.

Ísland kallar

Fyrir rúnum tveimur árum fékk Ragnheiður símtal frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og hún beðin um að koma að uppsetningu loftslagsvegvísá atvinnulífsins og vera þar brúin milli stjórnvalda og atvinnulífsins sem og ljá verkefnið þekkingu sína á viðfangsefnini. „Ég hafði ákveðið að vinna sjálfstætt á þessum tíma og var farin að skoða markaði um líffræðilega fjölbreytni af miklu móð en þegar símtalið kom frá ráðuneytinu heima gat ég ekki sagt nei.“

Hún segir verkefnið hafa í grunninn snúist um samtal á milli stjórnvalda og ýmissa atvinnugreina, m.a. lífeyrissjóða, ferðajónustu, vegasamgangna, sjávarútvegs og álframleiðslu. Loftslagsvegvísar atvinnulífsins og tilheyrandi aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í þeim ellefu atvinnugreinum sem heyra undir SA voru svo kynntir í júní 2023 og segir Ragnheiður að þeir marki mikil straumhvörf í raunveruleikatengingu loftslags- og sjálfbærniáætlana á Íslandi. „Hugmyndin að baki þessari vinnu er byggð á sambærilegu verkefni í Danmörku. Þar lögðu atvinnugreinarnar fram áform um kerfislægar breytingar í þeiri vegferð að draga úr losun, ásamt ábendingum til stjórnvalda um æskilegan stuðning til að hraða vegferðinni.“

Ragnheiður minnist þess að hafa lokið verkefnið á Valentínusardegi í febrúar síðastliðnum. Þrátt fyrir að hafa liðið vel í München þá hrönnuðust upp spennandi verkefni fyrir Ragnheiði á Íslandi. Eitt þeirra var fyrir Bændasamtök Íslands.



Ragnheiður Björk Halldórsdóttir leiddi vinnu við gerð loftslagsvegvísíðu bænda fyrir Bændasamtök. Hún er nú alflutt til Íslands eftir áratug í Þýskalandi og eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum.

Mynd / ghp

Atvinnugreinunum er því falið að segja hvað er raunhæft, en með því móti verða aðgerðaætlanir stjórnvalda ekki á skjön við veruleikann. Það er mikilvægt að við höfum í huga að loftslagsmál eiga og munu ávallt borga sig ef rétu er að þeim staðið. Náið samstarf og opið samtal milli samfélags, atvinnulífs og stjórnvalda er grundvallarforsenda slíks árangurs og þýðir því ekkert að skipa fyrir hér.“

Að vinna við loftslagsvegvísá atvinnulífsins loknum fór Ragnheiður aftur til München og hélt áfram sjálfstæðum ráðgjafarstörfum. Þar sem uppfaerslu aðgerðaætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum átti að byggja á loftslagsvegvísunum var hún kölluð aftur til Íslands til að stýra þeirri vinnu.

„Áætlunin þarf að vera lifandi plagg enda mikilvægt að geta brugðist hratt við ef aðgerðir bera ekki árangur og fera áherslur á önnur viðfangsefni. Þetta er ákveðið ítrunarferli og laerdómskúrfa, þar sem Ísland stendur að miklu leyti til frammi fyrir ólíkari áskorunum en önnur Evrópuríki vegna löngu afstaðinna orkuskipta raforku og hitaveitu. Við þurfum að geta sýnt okkur mildi, einnig í opinberum verkefnum sem þessu. Þetta er það nútímkostjórnarfera sem krafist er af þeim sem ætla að fara út í þessa vegferð. Áætlunin er því allt annað en yfir gagnrýni hafin, heldur hluti af virku samtali atvinnulífs og stjórnvalda.“

Ragnheiður minnist þess að hafa lokið verkefnið á Valentínusardegi í febrúar síðastliðnum. Þrátt fyrir að hafa liðið vel í München þá hrönnuðust upp spennandi verkefni fyrir Ragnheiði á Íslandi. Eitt þeirra var fyrir Bændasamtök Íslands.

Mest spennandi atvinnugrein dagsins í dag

Síðustu misseri hefur Ragnheiður leitt vinnu við gerð loftslagsvegvísíðu bænda, í takt við loftslagsvegvísá annarra atvinnugreina. Hún segist brenna sérstaklega fyrir landbúnað sem starfsgrein í samhengi loftslagsmála.

„Landbúnaður er undirstaða lífs okkar og starfs. Grunnþörf mannsins er að nærist og matvæli eitt það mikilvægasta í okkar lífi. Þetta er því undirstöðu atvinnugrein sem stuðlar að fæðuþryggi, sem loftslagsvegferðin má ekki ógna. Fyrir okkur sem lifum og hrárumst í sjálfbærni- og loftslagsmálum myndi ég segja að landbúnaður sé mest spennandi atvinnugreinin í dag. Möguleikarnir eru óteljandi.“ Ragnheiður segir að sama skapi

í loftslagsvísinum er gengið út frá hlutverki landbúnaðar í fæðuþryggi. Helsta hlutverk landbúnaðar á Íslandi er að tryggja fæðu- og matvælaþryggi, svo við séum allavega að einhverju leyti sjálfstæð ef allt fer í bál og brand. Við lifum á óróatímum.. Við sáum alveg hversu viðkvæmt alþjóðlega matvælakerfið er þegar Rússar réðust inn í Úkraínu og verð að korni og áburði hækkaði. Þeim mun háðari sem við erum heimsvirðiskeju matvæla, því verra fyrir ríkisbúið og þjóðarþryggið.“

Hún bendir á þá staðreynd að landbúnaður sé sú atvinnugrein sem finnur ábreisanlega fyrir áhrifum loftslagsbreytinga. Því sé í lófa lagt að fá bændur sjálfa til að benda á vœlegar aðgerðir til að spora við loftslagsbreytingum og það sé einmitt gert í loftslagsvísinum.

„Við megum ekki gleyma því að engin áttar sig betur á hvernig að fara með náttúruna en þeir sem rauverulega vinna með náttúrunni og það eru bændur sem eru að nýta jarðirnar okkar. Bændur eru sérfræðingarnir í náttúrunni okkar. Við eignum að hlusta á þeirra reynslu og finna lausnir með þeim.“

Prjáttu prósenta samdráttur nú þegar

Að baki aðgerðapakkunum liggja greiningar og gögn, meðal annars frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) og Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Ragnheiður nefnir sérstaklega Loftslagsvænan landbúnað og rekstrarverkefni RML.

„Við búum að ótrúlega mikilvægum þekkingarbanka. Því er ákveðin vegferð þegar búin að eiga sér stað. Við púsluðum þessu saman og fengum út aðgerðir sem jafnvel hafa þegar sýnt fram á árangur í afkomu býla, eins og í Loftslagsvænum landbúnaði. Sumar aðgerðirnar geta sýnt fljótt fram á árangur meðan aðrar taka lengri tíma, sumar kalla á miklar fjárfestingar sem munu einfaldlega ekki vera hagkvæmar meðan aðrar geta borgað sig á stuttum tíma. En við erum altaf að miða við árangur í loftslagsbókhaldi sem Ísland er skuldbundið að standa skil á gagnvart ESB því annað gæti orðið dýrkeyp fyrir ríkiskassann. Spurningin er því hvernig við ætlum að verja skattfénu. Borgar sig að ná ekki markmiðum að fullu og þurfa að brúa bílið með kaupum á auknunum losunarheimildum, eða er hagkvæmara að nýta hluta skattfjár í hagkvæmar en jafnframt loftslagsvænar fjárfestingar?“ segir Ragnheiður. Þetta séu spurningar sem hið opinbera þurfi að kljást við.

Hún bendir á að nú þegar hafi losun gróðurhúsalofttegunda á hverja afurðaeiningu dregist saman um þjáttu prósent frá árinu 2005. „Sagan sýnir því að landbúnaður á Íslandi er megnugur um að sýna árangur og framleiða loftslagsvænni afurðir en ella. Af hverju ekki að halda þeiri vegferð áfram?“

Kynning á loftslagsvegvísíðu landbúnaðarins áttar að fara fram í október en hefur verið slegið á frest fram yfir kosningar. Ragnheiður Björk segir Bændasamtök vera komin langleiðina með skilgreiningu og fjármögnum tengdra aðgerðapakká í samvinnu við matvælaráðuneytið. Vonast sé til að samvinna sú haldi áfram sem skyldi, enda forsenda árangurs beggja aðila í loftslagsvegferðinni.

„Það er von okkar að með birtingu vegvisíðins haldi greinin sinni vegferð áfram í þá átt að framleiða loftslagsvænni afurðir í heimi og að útbreiðsla þátttöku aukist til muna þvert á stéttina.“

Ráðgjöf um starfsmannamál og kjarasamninga

- Tulkun kjarasamninga og lagareglina
- Ráðgjöf um réttindi og skyldur starfsfólks og vinnuveitanda
- Ráðgjöf við gerð og slit ráðningarsamninga
- Ráðgjöf um laun, orlof, veikindarétt, vinnutíma og önnur kjör
- Stuðningur í ágreiningsmálum á vinnustað

825 8528
695 8891
www.gottoggilt.is

GJ
GOTT & GILT

HÖLDUM ÁFRAM AÐ LÆKKA VEXTI

MEIRI ÁRANGUR
FYRIR OKKUR ÖLL

Sjálfstæðisflokkurinn xd.is





Pterourus bjorkae er af svölufiðrildaætt og vænghafið að jafnaði um átta og hálfur sentimetri. Hér er karlkynsfjöldið t.v. og kvenkyns t.h.

Mynd / Harry Pavulaan

Fiðrildategund nefnd eftir Björk

Skordýrafræðingurinn Harry Pavulaan hjá Nebraska-háskóla hefur nefnt nýja fiðrildategund í höfuðið á Björk Guðmundsdóttur tónlistarkonu, Pterourus bjorkae.

Pavulaan kynnti nafn tegundarinnar í nýri vísingadrein í veftímariti Nebraska-háskóla og segir þar að nafn fiðrildisins sé til heiðurs íslensku söngkonunni Björk Guðmundsdóttur. Hann tiltekur jafnframt að auk þess að vera söngkona sé hún einnig tónskáld, höfundur, framleiðandi, tónlistar- og tískumögull, plötusnúður, umhverfissinni og persónulegur áhrifavaldur.

Pess má geta að fiðrildategundir hafa verið nefndar í höfuðið á t.d. Angelina Jolie, Arnold Schwarzenegger og Beyoncé.

Undirtegund tígrisiðrildis

Pterourus bjorkae finnst einkum í laufskógum austanverðrar Norður-Ameríku.

Í greininni Ákvörðun nýrrar vorfljúgandi tegundar Pterourus glaucus Complex (Papilionidae) í Suður-Nýja Englandi, lýsir Pavulaan algengu Norður-Ameríkuðrildi sem ekki hafi verið greint sérstaklega áður til tegundar þótt ýmsar kenningar hafi verið á lofti. Enda sé um að ræða dulda tegundagerð, þ.e. hóp tegunda sem innihaldi formfræðilega eins einstaklinga sem tilheyri þó mismunandi tegundum.

Margir hafi áður rannsakað þessi fiðrildi en þyrringar þeirra í suðurhluta Nýja-Englands hafi lítt verið athugaðar fram til þessa. Þeir hafnar var aðgreint frá svipuðum tegundum á grundvelli formfræðilegra hegðunar- og erfðaeiginleika. P. bjorkae er af svölufiðrildaætt og er undirtegund tígrisiðrildis: New England Tiger Swallowtail. Bjorkae er stærsta undirtegundin. Að tegundin sé



Björk.

Mynd / Santiago Felipe

vorfljúgandi þýðir í raun að fiðrildi tegundarinnar koma fram og eru virkust á vorin.

Vængah fiðrildanna er að meðaltali um 8,5 sentimetrar. Þau eru skærgul að lit með áberandi svörtu og svarbrúnu munstri á vængjum og vængjöðrum, gulum, bláum og appelsínugulum doppum við vængjaðra. Ekki virðist teljandi lita- eða mynursturmunur milli kynjanna. Kvenkynið sýnir þó mest áberandi einkenni og var kvenkyns mynd af P. bjorkae því valin til að tákna tegundina.

Rísefni tuttugu þúsund fiðrildategundir

Fiðrildi eru skordýr og tilheyra, ásamt mölflugum, ættbálkinum Lepidoptera sem er innan flokks vængjaðra skordýra (Pterygota).

Ættbálkur fiðrilda og mölflugna er einn sá best þekkti og litrífkasti meðal skordýra. Pekktar eru um 120.000 tegundir sem honum tilheyra, en um 80% af þeim (um 96.000 tegundir) teljast vera mölflugur.

Flest fiðrildi lifa á blómseyki og eru mörög þeirra mikilvægir frjóbarar fyrir blómplöntur. Örfáar hitabeltistegundir lifa þó á blóði dýra og einhverjar drekka jafnvel tár spendýra.



Framkvæmdasvæði GeoSalmo í Þorlákshöfn. og tv. tölvuteikning af stöð GeoSalmo.

Fjögur landeldisfyrirtæki í Bændasamtökunum

Deild landeldis innan Bændasamtaka Íslands var stofnuð sumarið 2022. Fjögur landeldisfyrirtæki eru nú innan þeirra vélbanda, eitt hefur þegar hafið rekstur en hin eru í uppbyggingarfasa.

Formaður deildarinnar er Bjarki Már Jóhannsson frá landeldisfyrirtækinu GeoSalmo, sem er í uppbyggingu við Þorlákshöfn. Stefnt er á að rekstur seiðaeldisstöðvar fyrirtækisins að Laugum í Landsveit hefjist næsta vor. Næsti fasí verður svo að reisa sjálfa landeldisstöðina í Þorlákshöfn en gert er ráð fyrir um 24 þúsund tonna framleiðslugeta á ári í fullbyggðri stöð. Stefnt er að því að þeim afköstum verði náð í kringum 2029–2030.

Prjár stöðvar í Þorlákshöfn

Að sögn Bjarka er laxeldisstöð First Water (sem áður hét Landeldi) þegar komin í rekstur og hefur um þúsund tonnum verið slátrað þar. Áætluð framleiðslugeta þar verður um 50 þúsund tonn á ári. Ein stöð til viðbótar er fyrirhuguð í Þorlákshöfn, Thor Landeldi, með um 20 þúsund tonna framleiðslu, en uppbygging er þar að hefjast.

Þá er ónefnt eitt fyrirtæki sem er innan deildar landeldis Bændasamtakanna, stöðin Laxey í Vestmannaeyjum. Hún er í uppbyggingu en rekstur á seiðaeldisstöð er þegar

hafin og stutt í að fiskur þar fari í áframeldiskör. Framleiðslan þar verður áætluð um 32 þúsund tonn á ári af laxi úr landeldi.

Ung búgrein

„Starf búgreinadeildarinnar hefur hingað til einkennst af því að vinna með Bændasamtökunum að málum sem snúa að leyfismálum og reglugerðum í kringum búgreinina. Bügreinir er ung og því mórg atriði sem þarf að skoða. Bændasamtökun hafa staðið þétt með okkur í samtölum við eftirlitsaðila og löggjafann og aðstoðað með sinni sérþekkingu.

Nú stendur yfir vinna í matvæla-ráðuneytinu þar sem unnið er að frumvarpi varðandi ný heildarlög um sjókvældi, landeldi og hafeldi. Ráðuneytið hefur kallað eftir samtali við greinina sem hefur verið unnið með Bændasamtökunum,“ segir Bjarki.

„Einnig hafa úrgangsmál fengið mikla umfjöllun þar sem horft hefur verið til hvernig nýta megi seyruna frá fiskeldisstöðvunum sem áburð eða jarðvegsbæti fyrir baendur og hafa Bændasamtokin verið partur af því starfi,“ bætir hann við.

Straumar næringarefna

Að sögn Bjarka hefur landeldi verið stundað á Íslandi í tugi ára með



Bjarki Már Jóhannsson.

góðum árangri, þó það hafi verið á fremur litlum skala. „Í dag er staðan sú að landeldi á laxi er í miklum vexti og sýna áform fyrirtækja að greinin hefur alla burði til að verða einn af framtíðar burðarstólpum útflutnings á Íslandi. Það er mikilvægt að reyna eftir fremst megni að nýta þá strauma næringarefna sem geta nýst á milli búgreina og með því styrkja stoðir íslenskrar matvælaframleiðslu enn frekar,“ segir Bjarki og vísar þar til fiskeldisseyrunnar sem mun falla til í miklu magni frá landeldinu.

„Næstu mánuðir munu fara í að halda áfram því samtali sem hefur verið í gangi við stjórnvöld varðandi straumínlögun á umsóknarferlum hjá hinu opinbera. Verkefni eru mjög háð leyfisveitingum og því nauðsynlegt að reyna að besta þá ferla til að tryggja eðlilega málsmæðferð og að afgreiðslutími dragist ekki úr hófi. Einnig er áframhaldandi vinna varðandi bestun á leiðum til að nýta þá hliðarstrauma sem koma frá eldinu.

Framtíðin er björt fyrir greinina og ljóst að laxeldi á landi mun verða mjög áberandi í atvinnulífinu á Íslandi á komandi árum.“

/smh

Hækjun á minkaskinnum

Björn Harðarson, formaður deildar loðdýrabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir starfsbraður sína bjurtsýna eftir að skinn hækkuði í verði á síðustu uppboðum.

Íslenskir minkabændur selja sín skinn í gegnum uppboðshús í Finnlandi þrisvar á ári og varð þrjátíu prósent hækjun milli ára á uppboði í september. Björn segir það ekki eins mikil og það hljómar þar sem verðið var lágt fyrir. Skinnin fóru úr taeplega 4.000 krónum upp í rúmlega 5.000 krónur stykkið.

Undir kostnaðarverði

Björn segir útreiknað kostnaðarverð við framleiðslu vera í kringum 9.000 krónur á skinn en frá árinu 2015 hefur verið að minkaskinnum verið mjög lágt. „Fjárhagurinn er erfiður hjá okkur öllum en við höfum þraukað lengi og munum þrauka áfram,“ segir hann.

Öll skinn sem voru í boði á uppboðunum seldust sem hefur ekki gerst í nokkur ár. Björn telur fullt erindi til bjartsýni, enda hafa borist fregnir af aukinni eftirspurn eftir loðfeldum í Kína, þar sem er stærsti markaðurinn með þessar vörur. Næsta uppboð verður í mars, en þá ættu áhrif aukinnar eftirspurnar að koma í ljós.

Undirbúa betri tíð

Á landinu eru sex minkabændur, þar af fimm á Suðurlandi og einn í Mosfellsbæ. Til þess að undirbúa



Minkaskinn hækkuði upp í 5.000 kr. í september, en þurfað seljast á 9.000 kr. til að standa undir kostnaði.

Mynd / ál

sig fyrir bjartari framtíð stóðu þeir fyrir heimsókn dansks loðdýrabóna til Íslands sem var einn sá fremsti á sínu svíði áður en greinin hrundi þar í landi vegna Covid-niðurskurðar. Hann kom til að hjálpa íslenskum bændum við að flokka dýr og velja bestu einstaklingana í ræktunarstarfið til þess að þeir geti haldið uppi gæðum þrátt fyrir líttin stofn. Á árum áður var hægt að kaupa lífdýr af honum og fleirum í Danmörku. Eftir pelsen í byrjun vetrar þurfa minkabændurnir á Suðurlandi sjálfir að verka og þurka sín skinn en hingað til hafði Einar E. Einarsson á Skörðugili í Skagafirði tekið það verk að sér fyrir aðra. Bændurnir keyptu af honum allan búnað og verða með sameiginlega verkun á Túni í Flóa. /ál

ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Margskipt gleraugu **39.900 kr.**

Margskipt gler frá Essilor
(afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Gleraugu með glampa og rispuvörn **19.900 kr.**

Sérsmíðum samðægurs í
styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

OPTIC
REYKJAVÍK

SJÓNTÆKJAVERSLUN

Hamrahlið 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

VIÐ FÖGNUM 20 ÁRUMI!

20 ÁR ERU LIÐIN FRÁ STOFNUN STORMS

OG AF ÞVÍ TILEFNI BÝÐST

200.000 KR. AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FJÓRHJÓLUM, SEXHJÓLUM OG BUGGY ÚT NÓVEMBER.



POLARIS

Klettháls 15 Reykjavík / Óseyri 4 - Akureyri
www.stormur.is | Sími: 577 1717

 **STORMUR**



Haraldur Þór Jónsson segir nýju íþróttamiðstöðina vera eina af stærstu framkvæmdunum í sögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Íbúar sveitarfélagsins eru um 620 talsins.

Mynd / mhh

Byggja stóra íþróttamiðstöð

Í Árnesi er verið að byggja fyrstu íþróttamiðstöðina í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem verður ein stærsta framkvæmd í sögu sveitarfélagsins.

Húsið verður samtals 3.618 fermetrar að stærð og í því verða íþróttasalur, búningsklefar, matsalur, skrifstofuðstaða og líkamsræktaraðstaða, ásamt því að gert er ráð fyrir að byggð verði sundlaug við húsið. „Petta mun gjörbylta aðstöðu til íþróttaiðkunar ásamt því að skapa forsendur fyrir samfelli í skóla-, fristunda- og íþróttastarfi,“ segir Haraldur Þór Jónsson oddviti. Hann gerir jafnframt ráð fyrir að byggingin muni nýtast sem samkomustaður fyrir stóra viðburði í sveisinni.

Efri hæðin er 900 fermetrar

og nýtist sem skrifstofuðstaða fyrir sveitarfélagið. Þar verður jafnframt fyrirtækjakjarni þar sem fyrirtæki og einyrkjar geta verið með skrifstofuðstaðöu. Matsalur verður á jarðhæð hússins sem mun nýtast öllum starfsmönnum í húsinu ásamt nemendum og kennurum við Þjórsáskóla.

„Við höfum tekið ákvörðun um að reisa húsið og koma íþróttasal og búningsklefum í notkun í fyrsta áfanga. Við munum ekki taka ákvörðun um að byggja sundlaugina fyrir en húsið er komið í notkun, við viljum vera viss um að fjárhagsáætlunin hafi gengið eftir og fjárhagurinn sé sterkur.“ bætir Haraldur við. Vonast er til að fyrsti áfangi hússins verði tilbúinn næsta vor.

/mhh

Skrefagjald innleitt

Ísafjarðarbær hefur ákveðið að innheimta svokallað skrefagjald vegna sorphirðu.

Heimilt er að leggja það á síbúa í þeim tilfellum þar sem draga þarf sorpflát meira en tíu metra að lóðarmörkum til losunar í hirðubifl. Frá þessu er greint á vef sveitarfélagsins.

Petta nýja gjald var samþykkt af bæjarstjórn í september 2023, en ákveðið var að gefa íbúum færi á að grípa til ráðstafana í sumar. Tilgangur breytinganna er að bæta aðstæður sorphirðufólks og gera losunina skilvirkari.

Gjaldið samsvarar 50 prósent álagi á sorphirðugjald hvers fláts. Kostnaður við hefðbundið 240 lítra flát hækkar því úr 25.700 krónum á



ári í 38.550 krónur. Sveitarfélagið vill jafnframt vekja athygli á samþykktum sem varða aðgengi að sorpflátum. Í þeim segir meðal annars að ekki megi staðsetta flát sem eru 40 kíló eða þyngri þannig að sorphirðufólk þurfi að fara með þau um tröppur eða mikinn hæðarmun á lóðum.

/ál

Sjávarjarðir

Aðalfundur Landssamtaka eigenda sjávarjarða verður haldinn á Hótel Hilton, Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, föstudaginn 22. nóvember 2024 og hefst hann kl. 10:00.

Efni fundar:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Guðjón Ármannsson lögmaður mun ræða um þjóðlendmál ofl.

Sjá heimasíðu samtakanna: ses.is

Stjórnin

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Bændur læra af hver öðrum



Þórey Gylfadóttir tók þátt í að innleiða bændahópa á Íslandi eftir finnskri fyrirmynnd. Þar læra bændur hver af öðrum og er hlutverk ráðunautsins að leiða umræðuna.

Mynd / Eirikur Loftsson



Starfsemi bændahópanna fer að mestu leyti fram utandyra. Þá geta þátttakendur verið í beinni snertingu við viðfangsefnin. Mynd / Þórey Gylfadóttir

aðstæður eru ólíkar á hverjum stað er oft ekki eitt rétt svar. „Petta er ekki spurningin um það að vera bestur, heldur spurningin um það að læra af hvert öðru og geta hugsanlega komist hjá því að gera einhver mistök.“

Þórey segir nauðsynlegt að báðir ráðunautarnir á fundinum þekki aðferðir þessarar ráðgjafar og að allavega annar þeirra hafi fagbekkingu á því svíði sem tekið er fyrir. Þema hvers fundar tengist yfirleitt viðkomandi árstíð en Þórey nefnir sem dæmi að vorin sé sáðvara oft tekin fyrir og á sumrin skiptist bændurnir gjarnan á sinni reynslu og þekkingu á framleiðslu á lystugu fóðri.

Ráðunautarnir þurfa að skipuleggja fundina vel þar sem mikilvægt er að komast yfir efnið innan tímarammans. „Formlegi fundurinn er þríttímar en það dregst yfirleitt úr viðverunni,“ segir Þórey, þar sem gestgjafarnir hafa gjarnan til hressingu að loknum fundi eða bjóða upp á leiðsögn um úthúsín sín.

Arangur næst með trausti

„Til þess að við náum árangri og öllum líði vel verður að ríkja traust,“ segir Þórey, en á sínum fyrsta fundi setur hópurinn sér sjálfur reglur varðandi mætingu, símanotkun, trúnað og

fleira. Sömu tveir ráðunautarnir fylgja hverjum hóp út árið og er æskilegt að það komi alltaf sami eða sömu aðilarnir frá hverju búi á fundina.

„Þá er næstum því engin heimavinna en stundum biðum við bændur um að hugsa um eitthvað ákvæðið aður en þeir koma á fundinn,“ segir Þórey. Þá kemur fyrir að þátttakendur eru beðin um að koma með gögn, eins og heyefnagreiningar, sem er hægt að rýna í að fundinum.

Þórey segir að eitt af fyrstu símtölunum sem hún fékk eftir að hún hóf störf hjá RML fyrir fjórum árum hafi verið frá bóna sem vildi benda á grein sem var í norsku landbúnaðarriti sem fjallaði um innleiðingu bændahópa þar að finnskri fyrirmynnd. Í kjölfarið aflaði Þórey sér frekari upplýsinga og setti sig í samband við finnska ráðunautinn Anu Ellä, sem innleiddi kerfið í Noregi, og kom hún síðar til Íslands.

Í ár kostaði þátttakan allt árið 115.000 krónur án vsk. á hvert bú og geta fleiri en einn frá hverjum bæ tekið þátt. Í lok árs mun RML auglýsa eftir þátttakendum í bændahópa næsta árs og er Þórey bjartsýn að þetta starf muni festa sig í sessi. „Þá er mjög oft þannig að hóparnir vilja halda áfram ár eftir ár. Úti í Finnlandi eru til hópar sem hafa verið saman litið eða ekkert breyttir í tflu ár.“ /ál

Vilja harðfisk á lista UNESCO



Harðfiskshjallur á Íslandi.

Mynd / Wikimedia Commons - Chris 73

en auk Íslands standi Ítalía, Nígería og Pýskaland að þessari umsóknin. Markmiðið sé að efla tengsl íbúa þátttökulandanna og styrkja samfélög og hefðir tengdar skreið og harðfiski.

„Prátt fyrir afar skamman fyrirvara ákváðum við að taka þátt enda á Ísland augljóslega erindi.

Harðfiskur hefur verið verkaður hérlandis frá ómunatíð og hefðir tengdar honum samofnar sögu þjóðarinnar“, segir í fréttabréfinu.

Óskað eftir stuðningi við verkefnið

Biðlar Slow Food Reykjavík til samtaka, fyrirtækja og einstaklinga um stuðning vegna umsóknarinnar. Æskilegt sé að stuðningurinn komi frá aðilum sem tengjast umræddri hefð að margvíslegan og ólfskan máta.

„Af þeim sökum óskar stjórn Slow Food Reykjavík eftir aðstoð ykkar við að kortlegga framleiðslu á harðfiski og skreið. Eins hvernig þessar afurðir eru notaðar í dag og hafa verið notaðar. Allar upplýsingar má setja inn á Facebook-síðu verkefnisins: Harðfisks og skreiðar menning,“ segir í fréttabréfinu. /smh



EYLÍF

Hrein íslensk fæðubót frá EYLÍF

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira

EYLÍF vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó



Vörulínan frá EYLÍF

Vörulínan EYLÍF býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoothen SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólkvi vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúraufurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Íslensku hráefnini sem notuð eru í allar EYLÍF vörurnar eru:

- Kalkþorungar frá Bíldudal
- Smáþorungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica kíssil frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufjörði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfjörði



Birgir Grétar Ottósson

Ánægður með virknina

Birgir Grétar Ottósson matreiðslumeistari kynntist **Active JOINTS** frá EYLÍF þegar hann las umfjallanir fólks um vöruna í fjölmíðlum. Hann ákvað að prófa og sér ekki eftir því þar sem líðanin hefur breyst mikið til hins betra.

Birgir sem er 77 ára útskýrir að verkir sem hafa verið að hrjá hann síðustu ár séu tilkomnir vegna þess að það vantar brjósk á milli neðstu hryggjariða. „Auk þess er búið að skipta um báða mjáðmarliði,“ segir hann. „Nákvæmlega 17. apríl byrjaði ég að taka **Active JOINTS** frá EYLÍF og tveimur mánuðum síðar, 17. júní, fann ég að verkirnir voru horfnir,“ greinir hann frá.

Birgir segist hafa verið svo ánægður með árangurinn að hann gaf bæði konu sinni og syni **Active JOINTS** til að prófa. Hann hafði átt eritt með gang og breyttist fljótt, engu að síður stundar hann sundlaugarnar daglega. „Á veturna fer ég líka í ræktina þrisvar í viku. Mér finnst þetta gera mér gott og **Active JOINTS** styður við þjálfunina.

Núna get ég labbað langar leiðir án þess að finna til,“ segir hann og bætir við: „Ég hætti að vinna sjötugur en hefði líklega þurft að hætta tíu árum fyrir ef ég hefði ekki ræktað líkamann með því að synda og fara í heitu pottana. Þegar ég sá í blöðunum að fólk á öllum aldri var að taka inn **Active JOINTS** og mæla með því var ég ákveðinn í að prófa. Ég hafið reynt önnur fæðubótarefni fyrir liðina en fékk ekki sömu virkni og nú. Ég hef ekkert nema gott að segja um **Active JOINTS** og get vel mælt með því.“

„Ég byrjaði að synda í febrúar 2008 og fann strax að það hentaði mér vel. Ef ég kemst ekki í sundið þá vantar eitthvað í lífið en ég syndi 400 metra daglega,“ segir Birgir sem er þakklátur fyriraðhafafundið **Active JOINTS** líka. „Allt hjálpast að,“ segir hann og er þakklátur fyrir að varaner hundrað prósent unnin úr íslenskum náttúruefnum.

„Ég ætla sannarlega að halda áfram að taka inn **Active JOINTS** og vona að ég verði jafn hress og fósturfaðir minn norður í Skagafjörði en hann vantaði fimm daga í 99 ár þegar hann lést. Hann hætti að aka bíl þegar hann var 97 ára,“ segir Birgir hressilegur.



Ólafía Ingólfssdóttir

Eins og í lygasögu

Ég vann sem rekstrarstjóri og vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnenu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrott vegna verkja.

Ég var á leiðinni í hnéliðskipti þegar ég byrjaði að taka **Active JOINTS** síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með **Active JOINTS** og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa **Active JOINTS** frá EYLÍF. Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlegra eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga.

Einnig finn ég mikinn mun á mér og líður almennt mikið betur líkamlega og andlega. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður. Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri líðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig.

Ég mæli 100% með vörunum frá EYLÍF.



Sjávarafurðir:

Sjónum beint að fiskauganu

– Nokkur áhugi á nýtingu en þykir flókið



Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is

EKKI hefur enn fundist flötur á því hér á Íslandi að nýta fiskaugu sérstaklega úr veiddum afla þrátt fyrir næringarefni og ýmsa merkilega kosti.

Þekkt húsráð meðal sjómanna er að ef maður stingur sig á karfabeini er gott að stinga fingrinum í sprungið karfaauga og grær þá vel.

Fiskaugad inniheldur m.a. ómega-3 fitusýrur, A- og C-vítamín og prótein. Augað situr í fituvefjarlagi sem einnig er næringarríkt og sagt fremur bragðgott.

Matreiðslumenn, einkum í Kína, Rússlandi, Ceylon og vísar, nota fiskaugasteina til að bæta bragði og áferð í mat og aðrir, m.a. á Spáni, nýta maukaða augasteina sem þykkingarefni í t.d. plokkfisk og sósur.

Fiskaugu eru gjarnan notuð í súpur og seyði en einnig eru þau bökuð og steikt. Augun þykja hafa ljúffengt „umami“ bragð (fimmtra bragðskynjun til viðbótar við sett, súrt, beiskt og salt) en undir þá bragðskynjun geta m.a. kjöt og ostur fallið.

Þekkt er einnig að kanadískir fiskveiðimenn, og eflaust fleiri, nýta fiskaugu sem beitu.

Augun eru meinholl, ekki síst vegna þess hversu rík þau eru af ómega 3 fitusýrum, og nú eru þau komin á sjónarsviðið þar sem matarsóun er til umræðu. Sömuleiðis hefur sjávarlftæknið haft augastað á þessu hráefni en liftnækniafurðir eru m.a. unnar úr aukahráefnum sjávarafurða og mikil eftirspurn eftir þeim í allt frá fóðurvörum til lyfja.

EKKI sjáanlegur farvegur

EKKI hefur þótt svara kostnaði að nýta fiskaugu sérstaklega hér á landi og eru þau seld til útlanda með hliðarafurðum



eins
og t.d.
þurkuðum
þorskhausum.

Tækni og nýsköpun
í nýtingu hliðarafurða
sjávarfangs hefur fleygt

fram og verið nánast ævintýraleg
hin síðari ár. Nægir að nefna
lækningavörfyrirtækið Kerecis í því
sambandi sem í fyrra var selt dönsku
stórfyrirtæki fyrir 180 milljarða
íslenskra króna.

Pétur Hafsteinn Pálsson er
framkvæmdastjóri Vísis ehf. í
Grindavík. Hann segir hverja örðu
fisksins nýttu í eithvað hjá Vísi sem
hafi þó aldrei komist svo langt að nýta
sérstaklega fiskaugu. Þau fari með
húsunum.

„Petta hefur ekki komist lengra en
á spjallstig og ekki nein alvara í að
vinna úr augum sérstaklega og enginn

farvegur fyrir það. En ég hef heyrat af
þessu án þess að setja mig neitt inn í
það,“ segir hann.

Lögmál framboðs og eftirspurnar

Pétur útskýrir að þetta snúist um
að vinna afurð í einhverju magni
og að markaðurinn taki við því til
áframvinnslu. „Kollagenið er gott
dæmi um það. Það er markaður fyrir
kollagen sem framleitt er úr öllu lausu
roði á Íslandi. Svo eru aðrar vörur
eins og t.d. það sem fer í pensímið,
lækningavörur og húðvörur og hátt

verð
á því.
Petta þarf
að fylgjast
áð. Þegar þú ert
búinn að framleiða og
þróa þá þarf markaðurinn

að vera klár fyrir það magn til að
halda arðbærri starfsemi,“ segir hann.

„Það myndi ekki skemma
hausavöruna neitt þó að augun væru
tekin úr, hvort sem hausarnir eru
braðdir eða þurrkaðir. Ef einhver
hefur afl og áhuga að keyra að fara
að safna þorskaugum þá væri það í
sjálfu sér áhugavert,“ bætir hann við.

Vantar eldhuga í málö

Um það hvort vélar séu til í því skyni
að pilla augu úr hausum segir Pétur
þær alveg finnast en fyrist þurfi að
ákvæða hvaða vörur sé verið að hugsa
um.

„Er verið að reyna að ná augunum
heilum og ósprungnum? Er verið
að tala um augasteininn eða jafnvél
vökvann í auganu? Petta er meiri
háttar mál og sjálfsgagt flóknasta varan
af öllum aukaafurðunum. Þetta er allt
fullt af smáatriðum. Það þarf bara
einhvern sem hefur ekkert annað að
gera og hefur fjármagn og brennandi
áhuga á málinu að keyra það í gegn.
Það verður gaman að fylgjast með
þeim sem fer fyrstur í þetta,“ segir
Pétur jafnframt.

Matís hefur kannað augun

Margvíslegar rannsóknir hafa verið
gerðar hér til landi að hliðarafurðum
sjávarfangs og einhverjar þeirra skoða
fiskaugu sérstaklega.

Um 2018 var t.a.m. farið í stórt
verkefni innan Matís, Gullhausinn,
en þar komu að sögn Margréttar
Geirdóttur, sem stýrði verkefninu,

Gríðarmikill áhugi hefur verið á notkun
hliðarafurða sjávarfangs í líftækni.
Mögulega gætu augun komið sterk inn
ef vinnsla og markaður nær að stilla
samан strengi og þolinmótt fjármagn
fæst til áframhaldandi rannsókna.

Mynd / Skjáskot

„EKKI hefur fram jákvæðar niðurstöður
varðandi nýtingu á fiskaugum á
þessu stigi, hvað svo sem síðar
verður.“ Augað sé mjög lítt
hluti af hausnum og erfitt að
fjarlægja svo hagkvæmt sé.

„Þær rannsóknir/mælingar
sem við höfum hingað til gert
sýna ekki fram á að augun
innihaldi neina áhugaverða
efnasamsetningu eða virkni sem
gæti staðið undir kostnaði við að
nálgast augun. En við höfum þrátt
fyrir það hug að að kannna virkni
þeirra áfram og þetta hefur ekki
verið slegið alveg út af borðinu,“
segir Margrétt.

Dýrmætt líffræðilegt efni

Matís sendi líka frá sér skýrluna
Hliðarafurðir í verðmæti árið 2016.
Skýrslan fjallar m.a. um nýtingu
þriggja ónýttira hráefna þá: blöðs,
svilja og augna, og mögulega
nýtingu þeirra sem lifvirkra efna í
sér fóður fyrir fisk auk annarra nota.

Segir í skýrslunni að fiskaugu,
sem aukaafurð úr fisk- og
fiskeldisiðnaði, geti haft eiginleika
sem nýta mætti til meðhöndlunar
sjúkdóma í dýrum og fólki. Tekið
er sem dæmi að sjómenn þekki
vel að fá sár á hendur við vinnu
sína og segi að góð lækning til að
meðhöndla slík sár sé að kreista
karfaauga og smyrja á sárið.

Augum var safnað úr tvæmur
algengum sjávartegundum, karfa
og Atlantshafsporski, og þau
krufin og vandlega efnagreind.
Vorur niðurstöður m.a. þær að
leysanlegir hlutar augasteina
tegundanna gætu studlað að
hömlun á míťosuvirkni í vefjum
og mögulega nýst í læknisfræði til
bælingar á frumuskiptingu í illkynja
æxum. Það gæfi tilefni til að nota
augasteina fiska sem dýrmætt
líffræðilegt efni.

Til stóðu frekari rannsóknir,
m.a. á laxaaugum. Stungið var
upp á að begar hugað yrði að
stórum sjálfvirkum kerfum til
fiskaugasöfnunar mætti þróa búnað
svipaðan þeim sem notaður er til að
pressa steina úr kirsüberjum.

Rannsóknastofnun fisk-
iðnaðarins sagði í ársskýrslu
2005 að þróuð hefði verið aðferð
til framleiðslu peptídblöndu úr
aukaafurðum úr fiskivinnslu, p.e.a.s.
augum, milta og beingörðum.

Það má því mögulega leiða líkum
að því að einn daginn verði eftirspurn
eftir fiskaugum til líftækni vinnslu,
nú eða eldamennsku, raunveruleg
hér á landi.



EKKI hefur þótt svara kostnaði að nýta fiskaugu sérstaklega hér á landi og eru þau seld til útlanda með hliðarafurðum eins og t.d. þurkuðum þorskhausum.

Mynd / Matis



Vorgleði í Prag & Brno

11. – 18. apríl 2025

Fararstjórn: Pavel Manásek

Verð 319.800 kr. á mann í tvívíli

Tékkland er yndislegt að vori þegar gróðurinn er að vakna af dvala eftir veturinn.
Hér verður farið í skemmtilega ferð til gullborgarinnar Prag og keisaraborgarinnar
Brno sem eru tvær af áhugaverðustu og fugurstu borgum Tékklands, hvor með
sinn sjarma.

Bókaðu núna á [baendaferðir.is](#)Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Siðumúla 2 • 108 Reykjavík



Hafið samband við sölumenn
okkar fyrir frekari upplýsingar og
skoðið heimasíðu okkar,
www.aflvelar.is



TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Afstaða framboða til landbúnaðarmála

Alþingiskosningar 2024

Stjórnmálflokkarnir sem eru í framboði til alþingiskosninga, sem fram fara 30. nóvember næstkomandi, virðast flest allir nokkuð sammála um að bændur þurfi betri lánakjör og margir nefna aukinn fjárfestingastuðning.

Öllum flokkum gafst kostur á að koma áherslum sínum í landbúnaðarmálum á framfærni með því að svara, í hnitmiðuðu máli, eftifarandi spurningum Bændablaðsins.

- Hverjar eru áherslur framboðsins við gerð nýrra búvorusamninga sem taka eiga gildi 1. janúar 2027? Hverju viljið þið breyta efnislega miðað við núverandi stuðningskerfi?
- Hvaða aðgerðum, bendum í hag, hyggst flokkurinn þinn beita sér fyrir á kjörtímabilinu?

Afstaða framboðanna fylgja hér með en svör bárust ekki frá Lýðræðisflokknum né Ábyrgri framtíð. /ghp

Vinstri græn

1 Nýtt stuðningskerfi sem tekur við þegar nágildandi búvorusamningar renna sitt skeið þarf að virka betur fyrir bændur. Til þess þarf samtal og vandlegan undirbúnning. Við teljum að auka þurfi stuðning um 3-4 milljarða á ári frá því sem nú er til þess að áherslur okkar nái markmiðum sínum. Leggja þarf f.o.f. aukna áherslu á nýliða- og fjárfestingarstuðning. En vaxtakostnaður er íþyngjandi stærð í bókhaldi margra bænda líkt og í samfélögnum öllu. Halda þarf áfram að byggja upp akuryrkju á þeim grunni sem Svandís Svavarssdóttir hóf með stefnumótun og stórauknum framlögum til kornræktar frá árinu 2024. Þá þarf að viðurkenna hlutverk bænda sem vörlumenn landsins og gera það eftirsóknarverðara að stunda öfluga endurheimt vistkerfa og vernd náttúrugæða.

2 Að ná niður verðbólgu og þar með skapa skilyrði fyrir lækkandi vöxtum er stærsta hagsmunamál samfélagsins og þar með talið bænda. Til viðbótar þeim áherslum sem birtast í svari við fyrra spurningu telja VG að það þurfi að greina kostina við að endurreisa það fyrirkomulag sem var við lýði á Íslandi lengst af og var illu heilli einkavætt fyrir hrun, Lánaþjóð landbúnaðarins sem veitti lán á betri kjörum en buðust í bönnum. Vísir að slíku fyrirkomulagi er að finna í Byggðastofnun, sem hefur verið umsvifamikil í útlánum til bænda síðustu ár.




Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttningar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 - 2024

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11—15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.



Tekning / Hlynur Gauti



Flokkur fólksins

1 Flokkur fólksins vill efla stuðning við bændur sem glíma við himinháar vaxtagreiðslur og brostnar forsendur fyrir lántöku. Flokkur fólksins vill útrýma fátækít og liður í því er að styðja við bændur og koma í veg fyrir að þeir þurfi að bregða búi. Við munum tryggja bendum fyrirsjáanleika með því að ráðast að verðbólgunni og taka húsnaðisliðinn út úr vísítölunni og tryggja bendum langtímalán á hagkvænum fóstum vöxtum.

2 Flokkur fólksins hefur lengi barist við frekari niðurgreiðslum á raforkukostnaði gróðurhúsabænda. Það eru stór tækifær í gróðurhúsarækt á Íslandi, enda er fjarlægð milli landa slík að innflutt grænmeti er fokdýrt í verði, og þá eru aðstæður innanlands góðar vegna okkar hreina vatns og grænu raforku.



Framsóknarflokkrinn

1 Framsókn leggur áherslu á að tryggja sjálfbærni í landbúnaði og auka samkeppnishæfni íslenskra bænda. Endurskoða þarf númerandi stuðningskerfi með því að einbeita sér að því að styrkja innlenda matvælaframleiðslu, auka aðgengi að henni og stuðla að nýsköpun í landbúnaði. Einnig þarf að bæta aðstæður bænda og bregðast við erfiðri stöðu þeirra í ljós þungs regluverks og mikils innflutnings. Auka þarf fjárfestingar í innviðum og tryggja að stuðningskerfi allra bænda sé sanngjarnit, skýrt utfært og fyrirsjáanlegt. Einnig þarf að endurskoða tollaumhverfi landbúnaðar m.a. með leiðréttingu krónutölutolls sem ekki hefur þróast í takt við almennar verðlagsbreytingar frá því honum var komið á.

2 Framsókn vill tryggja bendum eðlileg starfsskilyrði og afkomu fyrir vinnuframlag sitt svo þeir geti starfað áfram og njóti sambærilegra lífskjara og aðrar stéttir. Vinna þarf að bætta afleysingakerfi fyrir bændur m.a. með það að markmiði að tryggja ungum bendum bætta möguleika á að taka fæðingarorlof, sem er einn liður í því að stuðla að frekari nýliðun ungs fólkis í greininni. Nauðsynlegt er að gera breytingar á lánsfjármögnum til jarðakaupa og bürékrstrar m.a. með því að tryggja aðgengi að þolinmóðu lánsfé á sanngjörnum kjörum. Það má meðal annars gera með því að veita bendum lán í gegnum Byggðastofnun á lágum vöxtum til lengri tíma. Einnig verður horft til hlutdeildarlána, sérstaklega til bænda. Þá er nauðsynlegt að skilvirkjt og áreiðanlegt tryggingakerfi sé til staðar fyrir bændur. Eins þarf að skoða tryggingavernd bænda í kjölfar náttúruhamfara. Framsókn vill auka möguleika bænda og býla á að skapa sér sérstöðu til að auka virði afurða og búa til hliðarafurðir sem byggja á matarmenningu og upplifun gesta. Einfaldal þarf regluverk vegna heimavinnslu og smásölu á matvælum og auðvelda þannig bendum að framleiða og selja matvæli beint frá býli. Tryggja þarf gott aðgengi bænda að dýralæknunum t.d. með bætta starfsumhverfi og stuðningi við dýralæknunema.



Sósíalistaflokkrinn

1 a) Sósíalistar vilja endurskoða landbúnaðarkerfið og koma á þjóðarsátt um hvað í landbúnaði felst, í náinni samvinnu við bændur og ábúendur jarða þar sem búskapur í viðum skilningi er stundaður. Ekki er sjálfgefið að fyrirkomulag búvorusamninga sem einblínir á kindakjöts- og mjólkurframleiðslu sé það sem best hentar.

Við leggjum áherslu á að fæðuöryggi sé tryggt á Íslandi með stöðugri og aukinni innlendi fæðuframleiðslu og eðlilegu matvælaverði og að bendum séu tryggð mannsæmandi kjör og starfsskilyrði.

Innflutt matvæli skuli lúta sömu reglum og innlendar hvað varðar matvæla-öryggi og dýravernd svo að ekki sé grafið undan innlendi framleiðslu og afsláttur gefinn af öryggi og gæðum matvæla.

b) Við viljum afnema framsalskerfi kvóta og skal kvóti vera tengdur búsetu og/eða skuldbindingu til framleiðslu en ekki verslunarvara sem hægt er að braska með. Einnig viljum við að lifræslu framleiðsla og annar búskapur í sveitum en sauðfjárdag og nautgríparækt eigi möguleika á að njóta stuðnings samkvæmt lögum.

2 Að auknir nýsköpunarstyrkir verði veittir í landbúnaði með áherslu á lífræna ræktun og heimavinnslu afurða. Með hinu síðarnefndu fylgir að gera landbúnaðarkerfið sanngjarnara og sveigjanlegra hvað varðar eftirlitsgjöld og vottorð, svo sem við slátrún og annað svo að litlar framleiðslueiningar geti lifað af.

Flokkrinn hyggst gera Landsbankann að samfélagsbanka en við það munu lánakjör bænda til framkvæmda verða mun hagstæðari. Í dag er staðan þannig að dreifbýlið býr við mikil ójafnræði og afarkosti af hendi fjármálfyrirtækja.

Við hyggjumst beita okkur fyrir breytingum á jarða- og ábúðarlögum sem koma í veg fyrir að einstaklingar eða fyrirtæki geti safnað að sér bújörðum og öðru landi til eignar. Til þess skal beita takmörkunum svo sem búsetuskilyrðum og fjölda- og stærðartakmörkunum á jörðum og landsvæðum.

Við ætlum að breyta um stefnu í meðferð fasteigna ríkisins, bæði húsa og bújarða og hreinsa frjálsþygjuna þar út. Með uppybyggingarstefnu í stað sölu og niðurrifs á eignum almennings er hægt að efla nýliðun í bændastétt og standa vör um eignir almennings í leiðinni.

Bændablaðið kemur næst út 21. nóvember

Við erum á Instagram & Facebook



Píratar

1 Áhersla Pírata snýr að því að nýr búvörusamningar taki mið af breyttum aðstæðum og áskorunum sem bændur standa frammi fyrir í landbúnaði og ræktun. Ein stærsta hindrun bænda er kostnaður við framkvæmdir til að byggja ný hús og aðstöðu, og þarf því að tryggja betri lánakjör fyrir bændur sem fara í framkvæmdir til að byggja ný hús. Sömuleiðis þarf að skapa meiri hvata fyrir bændur sem vilja fara út í yrækt og jarðrækt, þar sem þau geta sótt um styrki til að byrja þá starfsemi – ásamt því að rafmagnskostnaður verði að hluta til niðurgreiddur, þar sem hann er oft gríðarleg hindrun.

2 Að okkar mati þarf að snúa forgangsröðun stuðningskerfisins við, þannig að fyrsta hugsun sé að styðja við grunnframfærslu bænda. Þannig gæti hugmyndafreði Pírata um borgaralaun nýst til að skjóta styrkum stoðum undir byggð í landinu. Núverandi fyrirkomulag er allt of stíft, bundið framleiðslumagni og pólitik til að taka eðlilegt mið af stöðu bændastéttarinnar hverju sinni.

Stuðningskerfið þarf líka að taka meira mið af þeim gríðarlegu tækifærum í umhverfis- og loftslagsmálum sem landbúnaður býður upp á, en þar skortir verulega upp á að hið opinbera sé faglegur bakhjalr bænda sem vilja þroa sig í átt að loftslagsvænni landbúnaði.



Samfylkingin

1 Krafan um íslensk kjör á sannarlega við um bændur enda eru laun þeirra eða reiknað endurgjald við undir lágmarksлаunum landsmanna. Samfylkingin vill áfram styðja við landbúnað á Íslandi en tímabært er að ráðast í umbætur á landbúnaðarkerfinu í samráði við bændur. Markmiðið er að nýta styrki hins opinbera betur með það fyrir augum að auka frelsi og bæta hag bæði bænda og neytenda en stuðla jafnframt að nýsköpun og fjölbreytni, aukinni grænmetisrækt og umhverfisvænni matvælaframleiðslu.

2 Landbúnaður á Íslandi hefur mikla sérstöðu sem við í Samfylkingunni viljum virða. Þróun landbúnaðar er ekki aðeins þyðingarmikil fyrir fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar heldur einnig fyrir byggðabróum í landinu. Þróun heimsmála síðustu ár sýnir með óyggjandi hætti hversu mikilvægg innlend matvælaframleiðsla er þjóðarþínu. Því er nauðsynlegt að taka sérstaklega mið af landbúnaði við móton atvinnustefnu. Ljóst er að í dag stendur landbúnaðurinn ekki nóg vel. Til að skapa eftirsóknarverðari starfsskilyrði, nýliðun og tækifæri til nýsköpunar og þróunar er þörf að bæta fjármögnumarkjör til bænda svo hægt sé að lifa af greininni. Þá verður að gæta þess að regluverk og tollaumhverfi taki mið af þeim ríku kröfum sem við gerum um íslensks landbúnaðar. Hagsmunagæsla innan EES á við um landbúnað lítkt og aðrar atvinnugreinir á Íslandi. Til að bæta hag bænda er vert að líta til fyrirmynnda í Evrópu þegar kemur að vinnu við nýjan búvörusamning, svo sem til stuðningskerfa landbúnaðar í Noregi og innan Evrópusambandsins.



Sjálfstæðisflokkurinn

1 Mikilvægt er að skapa landbúnaðinum starfsumhverfi sem hvetur til aukinnar samkeppnishæfni, verðmætasköpunar, sjálfbærni og nýsköpunar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt áherslu á að atvinnugreinin búi við frelsi til að takast á við sveiflur og vinna að langtímahagsmunum bænda og neytenda. Þegar kemur að gerð nýrra búvörusamninga er mikilvægt að stuðningurinn skapi stöðugan og traustan grundvöll fyrir innlenda framleiðslu og allar þjár stöðir sjálfbærni séu til grundvallar; umhverfisleg, efnahagsleg og félagsleg. Búvörusamningar verða að tryggja bæði fæðuöryggi og matvælaöryggi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu. Taka þarf tillit til landfæðilegrar legu landsins og þeirra tækifæra sem landgæði bjóða upp á.

2 Skapa þarf landbúnaðinum hagstætt og gott rekstrarumhverfi sem bætir afkomu greinarinnar, þannig tryggjum við best nýliðun til framtíðar. Þá er viðvarandi verkefni að huga sérstaklega að því að regluverk hamli ekki nýsköpun og framþróun.

Af einstökum þáttum má nefna að móta þarf ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og landnotkun þannig að hagsmunir Íslands séu sem best tryggðir. Þá þarf að tryggja dreifingu á raforku á samkeppnishæfu verði til ylrektaðar að skapa fyrirsjánleika í rekstri garðyrkjunnar en þar eru mikil sóknarfæri.



Miðflokcurinn

1 Við endurskoðun búvörusamninga þurfa meginmarkmiðin að vera þau að tryggja hag bænda, hagsmuni neytenda og öryggi ásamt stöðugleika innlendrar matvælaframleiðslu til langrar framtíðar. Stuðningur við landbúnað verði aukinn í takt við aukna framleiðslu og fyrirkomulag hans einfaldað. Stutt verðið við nýliðun í greininni svo sem með sérstökum lánaflokkum hjá Byggðastofnun og skattaívinnum um flutning bújarða milli kynslóða. Tryggja þarf að eftirlit með landbúnaðarstarfsemi og matvælaframleiðslu sé samræmt á landsvísu og að eftirlitskostnaður sé ekki íþyngjandi.

2 Miðflokcurinn hefur ávalt lagt ríka áherslu á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu og þau stóru tækifæri þjóðarinnar til framtíðar sem felast í heilnæmi matvæla, fæðuöryggi og vaxandi möguleikum til nýtingar vistvænnar orku til matvælaframleiðslu. Auka þarf þegar í stað tollvernd innlendrar framleiðslu með uppsögn og endurskoðun tollasamninga. Koma þarf í veg fyrir óheftan innflutning á ófrosnu kjöti sem er um leið af mikilvægt lýðheilsumál fyrir þjóðina.

Stutt verði við nýsköpun, uppyggingu og markaðsstarf sem mætir þörfum samtímans. Núgildandi tollasamningar hafa skapað mikilj ójafnvægi á markaði þar sem innlend framleiðsla þarf að keppa við innflutning á vörum sem ekki sæta sömu kröfum og gerðar eru hér á landi. Koma þarf á betra eftirliti með innflutningi og setja skýrari kröfur um upprunamerkingu matvæla þar sem fram komi upplýsingar um notkun hormóna og sýklalyfja við framleiðsluna. Þá er rétt að vísa til þingsályktuntillögu Miðflokksins um „stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjánlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar“ sem þingflokkurinn hefur lagt fram ítrekað á undanförnum þingum.



Viðreisn

1 Viðreisn er vel ljóst að stöðugleiki og festa í rekstrarumhverfi bænda eru mikilvægir þættir eins og í öðrum atvinnugreinum. Í nýjum búvörusamningum þarf að stuðla að þessu en jafnframt að gæta að svigrúmi til framþróunar, nýsköpunar, landverndar og framlagi til loftslagsmála. Það þarf að draga úr miðstyringu í landbúnaði og auka frelsi til hagsbóta fyrir bæði neytendur og bændur.

2 Viðreisn telur að mikilvægasta framlag stjórnálmanna til bænda sé að draga úr verðbólgu og ná niður vöxtum. Háir vextir bitna á bændum með miklum þunga, bú eru skuldsett og yfirleitt frekar smá miðað við annan rekstur og vaxtakjör þeirra því oft lakari en í öðrum rekstri. Segja má að síðasta krónan sem verður til í virðiskeðju framleiðslu- og sölu landbúnaðarafurða renni til bónadans. Peim fækkar eftir því sem vextir og verðbólga verða hærri. Fyrir þessar kosningar leggur Viðreisn höfuðáherslu á að ná niður vöxtum og verðbólgu.

Giant

Heil fjölskylda af liðléttingum!



G3500

...er á leiðinni til landsins!

G3500 liðléttingurinn frá Giant er frábær vél í snjómoksturinn fyrir verkta og sveitarfélög. Einnig er hann hentugur fyrir hina ýmsu vinnu á verkstöðum.

- Lyftigeta: 2.800kg
- Lyftihæð: 3.292mm
- Eigin þyngd: 3.800kg
- 0-10km/0-30 km keyrsluhraði
- 66 hestöfl



ÚRVAL AUKAHLUTA Í BOÐI



Tröllaskagi:

Framtakssamir Brúnastaðabændur

– Af fjölbreytni og tækifærum landbúnaðar í síbreytilegum heimi

Um 70 kilómetrum frá heimskautsbaug, á hinum volduga Tröllaskaga, um miðja vegu milli Höfsóss og Siglufjarðar, stendur býlið Brúnastaðir í Fljótum. Par býr dugmikil fjölskylda sem heldur úti fjölbreyttri starfsemi. Hjónin Stefanía Hjörðís Leifsdóttir og Jóhannes Helgi Ríkharðsson hafa nái aldarfjórðung rekið gróskumikið blandað bú, matvælavinnslu, verslun, húsdýragard, gistingu fyrir ferðamenn og fósturheimili, svo fátt eitt sé nefnt.



Guðrún Hulda Pálsdóttir
guðrunhulda@bondi.is

Brúnastaðir eru stórt sauðfjár- og geitabú. Vetrarfóðraðar kindur eru 700–800 talsins og um 70 geitur sem nýttar eru til mjólkurframleiðslu og ostagerðar á staðnum. Þá er þar nautgrípaeldi til kjötframleiðslu. Heimavinnsla búsin selur beint frá býli og í gegnum vettvang smáframleiðenda.

Í dýragarðinum má finna nær öll húsdýr landsins; margar tegundir af hænum, endur, kanínur, geitur, heimalinga, hross og grísi, kálfa og kalkúna svo eitthvað sé nefnt. Þar að auki er þar tölverð ferðapjónusta, bæði gistiðus og sveitabúð þar sem seldar eru veitingar yfir sumartímann og í þokkabót rekur fjölskyldan félagsheimilið Ketilás.

Dagarnir eru því erilsamir en margar hendur vinna léttari verk. Fjölskyldan er fjölmenn, hjónin eiga fjögur börn sem öll taka þátt í búskapnum á einn eða annan hátt. Þá eru Hjörðís og Jóhannes einnig fósturforeldrar þriggja barna. Einnig hafa grænlenskir búfræðinamar verið í verknámi á Brúnastöðum um langt skeið og dvelja þá að jafnaði á í senn sem og nemar í gegnum Erasmus sem koma þangað til skemmdir og lengri tíma. Ávallt er því annrífki á Brúnastöðum, sjaldnast færri en tíu manns í mat, en þannig vilja hjónin hafa þáð.

„Ég er alin upp á mannmörgu og gestrisnu heimili á Keldudal í Hegranesi. Það var eins og umferðarmiðstöð, við vorum sex systkin, en líka fósturheimili fyrir börn og búið mjög stórt. Ég þekki því ekkert annað. En það er líka svo gefandi, hingað koma ungmenni sem eru frjáls í anda og hafa upplifað svo margt skemmtilegt. Þau eru góðar fyrirmyn dir fyrir börnin okkar og

fósturbörn, því þau hafa ekki látið neitt stoppa sig í að láta drauma sína rælast,“ segir Hjörðís. Við leggjum mikla áherslu á það í uppledinu að börnin tileinki sér viðsýni og fordómaleysi og forvitni um umheiminn. Leggjum áherslu á menntun og ferðalög til fjarlægra landa.

Samræðurnar við eldhúsborðið geta enda orðið mjög fjörugar. „Við raðum mikið þjóðfélagsmál og allir taka þátt í þóliðskum umræðum.“ Enda kemur í ljós í samræðum hjónanna við blaðakonu, hvar upprunaleg efnistök viðtals áttu að snúast um loftslagsmál og landbúnað, að á ansi mörgum áhugaverðum umræðupunktum var að taka.

Haeglát framleiðsla úr alfaraleið

„Við búum við mjög sérstakar aðstæður og veðrið getur verið gjörsamlega galið,“ segir Hjörðís og Jóhannes tekur undir. „Við fáum annaðhvort rosalega gott veður eða rosalega slæmt – það er engin meðalmennska hér.“

Þau njóta þess að búa svo afskekkt í stórkostlegum umhverfi. Landið sé vænt til búfjárræktar, þau hafi aðgang að bæði sjó og fjallendi sem laðar til sín ferðafólk. „Við höfum lært mikið á því að sjá svæðið í gegnum augu gesta okkar. Enda viljum við að fólk komi hingað og njóti, upplifi svæðið og sérstöðu þess, skilji söguna og menninguna og hugsunina bak við það að búa hér.“

Hugsjónin er í anda hæglætis og sjálfbærni. „Við viljum hafa þetta undir „slow“ hattinum. Slow food, slow travel, slow farming,“ segir Stefanía sem var nýkominn af matarháttíðinni Terra Madre á Ítalíu á vegum Slow Food-hreyfingarinnar. Þar var ýtt út vör verkefnini Slow Food Farms sem ætlað er að efla tengsla- og fræðslunet bænda sem stunda vistvænan landbúnað við ferðapjónustu og matreiðslumenn til



Hjónin Stefanía Hjörðís Leifsdóttir og Jóhannes Helgi Ríkharðsson hafa í aldarfjórðung staðið að baki afkastamiku búi á harðbýlu svæði á Tröllaskaga.

að fækka milliliðum. Hjörðís kom full eldmóðs frá Ítalíu þar sem hún heimsótti nokkra ítaliska bændur sem hafa fundið sér ymsar sniðugar leiðir til að auka afkomu sína með framleiðslu á gæðavörum.

Lífræn geitfjárrækt

Því tengdu stefna Brúnastaðabændur nú á þá vegferð að aðlagu geitfjárhald sitt að lífrænni vottun. Þau hafa stundað geitfjárrækt á forsendum mjólkurframleiðslu í fjölgum ár.

Geitahjörð peirra telur nú um 100 dýr en í sumar voru sjótu huðnur mjólkáðar. Þær bera kiðum í mars og fá þau að ganga undir mæðrum sínum þar til í byrjun júlí þegar þau eru send á fjall rétt eins og sauðfóð, sem er nokkuð sjaldséð.



Í sumar voru sjótu huðnur mjólkáðar daglega frá júlí fram í miðjan október. Geit skilar um hálfum lítra af mjólk á dag. Heildarframleiðsla sumarsins var á milli fjögur og fimm þúsund lítrar og úr þeim eru unnin um 4–500 kíló af geitaostu.

Mynd / Einkaeign

„Víðast hvar annars staðar í Evrópu, þar sem geitfjárrækt til ostagerðar er stunduð, er kiðum lógað strax í fæðingu rétt eins og í kúamjólkurframleiðslu. Með því að láta kiðum ganga undir erum við auðvitað að missa besta mjaltaskeiðið hjá huðnum en við viljum ekki fara aðra leið,“ segir Hjörðís.

Huðnunar eru alla jafna mjólkáðar einu sinni á dag frá júlí fram í miðjan október. Geit skilar um hálfum lítra af mjólk á dag. Heildarframleiðsla sumarsins var á milli fjögur og fimm þúsund lítrar og úr þeim eru unnin um 4–500 kíló af geitaostu, en í dag gera þau sjó gerðir sem hafa ávallt selst upp.

Nú standa yfir framkvæmdir fyrir geiturnar. Nýr braggi er í byggingu þar sem geitur verða aðskildar öðru búfé, munu geta staðið á hálmi og sótt í hey af óábornum túnum samkvæmt reglum um lífræna ræktun. Það er því stefnan að Brúnastaðir verði fljótegla fyrsta og eina lífræna geitfjárbú landsins.

Plágurnar sjö

Árið 2024 hefur verið sérstakt fyrir margra hluta sakir. Sumarið náiði þeim vafasama heiðri að vera innblástur lagsins „Skítaveður“ sem ómar nái á útvarpsstöðvum.

Norðlenskir bændur urðu hvað verst úti vegna ótfðar. Jóhannes og Hjörðís segja tímabilið án fordæma en hvert áfallið fylgdi á fætur öðru. „Þetta hefur verið hræðilegt ár. Eftir

snjóléttan vetur leit allt svo vel út, sáum fram á að sauðburður yrði búinn snemma og að við gætum farið að bera skít á túni. Svo komu páskarnir og allt fór á bála-djöfulsins-kaf og svo snjóaði stanslaust í þjár vikur.“

Við tók mikill kuldatími sem seinkaði allri jarðvinnslu. „Loks þegar snjóinn hopar eru öll okkar bestu tún steindauð.“ Jarðvinnsla og endurraðt þurfti að bíða fram yfir sauðburð.

En óveðrið rétt eftir sauðburð var skepnum og bændum mikið áfall. Þó fjölskyldunni hafi tekist að koma öllum í skjól meðan á því stóð voru afleidningar þess langvarandi. Í stað þess að setja skepnurnar á nýssprotti túnum purftu þær að sætta sig við hey og bíða lengur en ella eftir að komast á fjall. Kindurnar þrifust þar af leiðandi verr og það drog verulega af þeim.

„Sífelfd norðanskot með ískoldu úrhelli svona hálfsmánaðarlega í sumar, sem gekk svo nærrí bæði ánum og lömbumum að við vorum að finna dauðar skepnur í allt sumar. Það vantart glás,“ segir Jóhannes en tæplega sexti lömb fundust dauð á túnum áður en rekið var á fjall.


Pegar fé var loks komið á fjall var farið að endurraðta. „Við plægðum og sáðum um 20 hektara. En svo hættir ósinn á vatnini að hleypa út í sjó svo það flæðir hér allt yfir og nýræktartúnin fóru á bólakaf,“ segir Jóhannes. Býst hann við að miklum verðmætum, bæði áburður og sáðvörur, hafi skolast á haf út.

Framhald á næstu síðu.

Master hitablásari – Kraftmikið og áreiðanlegt hitakerfi fyrir fagfólk

PÓR

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500



HVAÐ MYNDIR PÚ GERA VIÐ 240 M²?

Skapaðu þér meira pláss með
stöðluðu húsi frá Límtré Vírnet

Óðal 240 m² – 17.900.000 kr. m.vsk.

Breidd 12,0m

Pakhalli 20°

Lengd 20,0m

1 x lónaðarhurð 4,0x4,0m

Vegghæð 4,15m

2 x Gönguhurðir

Mænishæð 6,33m

2 x Gluggar

Setur 160 m² – 11.900.000 kr. m.vsk.

Breidd 10,0m

Pakhalli 20°

Lengd 16,0m

1 x lónaðarhurð 3,5x3,25m

Vegghæð 3,15m

2 x Gönguhurðir

Mænishæð 4,97m

2 x Gluggar

- Hagkvæmar byggingar með burðarvirki úr límtré og veggi og þak úr steinullareiningum.
- Auðveld uppsetning og áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Úrval lita á þak og veggi.
- Aðaluppdrættir, sökkulteikningar, burðarvirkisteikningar ásamt teikningum af frágangi eininga fylgia.
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Íslensk framleiðsla

HAFDU SAMBAND 412 5380 BYGGINGAR@LIMTREVIRNET.IS



Þegar Bændablaðið bar að garði var Ólafur heima til að aðstoða við byggingarframkvæmdir. Hann heldur hér á þriggja daga gömlum kálfí.



Hvert áfallið fylgdi á fætur öðru í sumar. Kristinn Knörr smalar saman fé fyrir óveðrið í júní.

Mynd / Einkaeign



Vel gengur að koma verndandi genum gegn riðu í hjörðina á Brúnastöðum. Jóhannes var nýbúinn að merkja féð með litum samkvæmt niðurstöðum arfgerðargreininga. „Þetta breytir ræktunarstarfinu aðeins, við horfum meira í genin en gerðina,” segir hann.



„Síðan bætist ofan á þetta að óhemju fjöldi gæsa og álfta settust niður á vatninu í sumar. Svona til að gleðja okkur. Það var ekki beint óskastaða að fá þær loksns þegar grænfóðrið var komið aðeins af stað, þær hreinsuð hér allt,” segir Jóhannes og Hjörðís lískir ferlinu við plágurnar sjö í hálfgerðu gríni.

Sprettan var rýr vegna tíðarfarsins en hjónin segjast þó hafa getað heyjað nóg fyrir veturinn enda geti þau sótt í önnur tún. „Öll bestu túnin voru ónýt en öll lélegustu túmin heil.

Við gátum, þókk sé „Deplunum“, heyjað þeirra jarðir. Parna voru mörög óslétt og gömul tún sem ekki höfðu verið slegin í nokkur ár. Gæðin eru kannski ekkert sérstök en þetta hafðist.

EKKI var heyskapurinn þó vandkvæðalaus. „Í september var þessi fina spá í two daga og við ætluðum að drífa okkur í að klára heyskapinn. Við slögum heilan helling. Æn þá kom sunnanrokk og heyið fauk út í veður og vind. Ætli við höfum ekki orðið af tugum rúlla þar,” segir Jóhannes

og getur ekki varist brosi. „Þetta var skrautlegt sumar.“

Jóhannesi reiknast til að það vanti um 3,5 tonn í beinu innleggí frá þeim í ár miðað við meðalrár, þar sem afföllin eru 180 lömb frá 1. júní sem í venjulegu ári eru um 50 og meðalvigt um tveimur kliflum minni. Honum reiknast til að beint afurðatap verði að lágmarki 4,5 milljónir króna. Þau búast við að eitthvað muni fækka í hjörðinni. Allmargar veturgamlar og ungar ær urðu fyrir júgurskemmdum í ótíðinni og í staðinn freistast þau til

að nota eldri ær lengur en ella. Þar að auki var heyfengur minni og mikill kostnaður fylgir endurræktun túna sem eyðilögðust vegna kals.

Hjörðís segir sáras að sjá eftir skepnunum. „Það er sorglegt að horfa upp á skepnurnar sínar veslast upp og finna þær dauðar. En þótt þetta sé peningalegt tjón og sársaukafullt þá eru aðrir að kljást við mun sterri áföll. Allir í fjölskyldunni eru heilbrigðir og hamingjasamir, við erum mjög stór og samheldin fjölskylda og það er ekkert annað í boði en að bera sig vel,” segir Hjörðís.

Deplarnir góðir grannar

Brúnastaðabændur standa því keikir. „Við erum náttúrlega með mörög egg í okkar körfu, sem hjálpar okkur,” segir Hjörðís. Þá hafi fækkuð búa í sveitinni, og þar með aðgangur að fleiri túnum, einnig komið til bjargar eins og áður var nefnt.

Við eignum mjög góða nágranna, allt í kringum okkur, við erum einstaklega heppin með það. Þá nefna hjónin sérstaklega góða samvinnu við forsvarmenn lúxushótelssins Deplar Farm, „Deplana“ eins og þau kalla nágrannana. Hótelid er í eigu bandarískra ferðaþjónustufyrirtækisins Eleven Experience og hefur það keypt allmargar jarðir í Fljótunum. Hjónin segja þá leggja sig fram við að eiga góða samvinnu við sveitungana og eru til dæmis kappsamir kringum göngur. Þá útvegi þeir bíla og fólk til fjárlutninga og grilli ofan í göngufólk svo mikil stemming myndast sem geri það að verkum að þægilegt sé að fólk til að taka þátt í þeim.

„Pegar við fluttum hingað um aldamatin var mikil af ungum fjölskyldum með börn. Við stofnuðum leikskóla í sveitinni og hér var einnig grunnskóli. Með tímanum hefur búum fækkað en að sama skapi kom gríðarleg atvinnuuppbygging í sveitina með tilkomu Depla. Hér eru tugir manns í vinnu – þetta er næststærsti vinnumeitandi Skagafjarðar. En það

er svo sorglegt að þrátt fyrir það rýrna alltaf innviðirnir. Leikskólanum var lokað, grunnskólanum var lokað og fjölskyldufólk sem hefur reynt að búa hér hefur gefist upp á því að þurfa að keyra börnin á Höfsos，“ segir Hjörðís.

Þeim reiknast til að búrekstur sé stundaður á fimm býlum í Austur-Fljótum. Peir sem hafa brugðið búa hafi selt jarðirnar. „Jarðirnar hafa selst til fjárásterkra aðila sem eru kannski ættaðir héðan og vilja hafa hér sumarafrep. Deplarnir hafa keypt annað. Venjulegt fólk á erfitt með að keppa við verðið sem þeir bjóða,“ segir Jóhannes. Þróunin sé tvíeggja sverð. „Það er tvennt í þessu. Peir sem selja hafa meiri vissu um að fá ásættanlegt verð fyrir jörðina sína. En að sama skapi er hún ekki að fara til búskapar og það rýr samfélagið í sveitinni. Fyrir vikið eru fleiri verkefni sem við sem eftir erum þurft að sinna.“

Pau nefna sem dæmi aðstoð við þá sem fara um sveitina. „Okkur finnst að það mætti ívílna bændum fyrir að vera á ákveðnum veðurfarslega erfiðum svæðum af öryggisástæðum. Óft er illfært hér á veturna og um leið og Vegagerðin haettir að þjónusta veginn klukkan sjö á kvöldin, eða það er ekki þjónusta vegna veðurs, þá byrjar síminn að hrингja og við erum farin að bjarga fólkí um allt. Við vitum að Neyðarlínan gefur upp símann hjá Jóhannesi,“ segir Hjörðís og Jóhannes segist aldrei hafa gefið sig út fyrir að vera í björgunarsveit. Hins vegar rennur þeim blöðið til skyldunnar að aðstoða fólk sem er í vandræðum.

„Einn daginn þá fór heill tankur á dráttarvélinni til að bjarga fólkí héna úti um allt. Jóhannes rukkar aldrei fyrir þennan greiða,“ segir Hjörðís enda fólk oft dauðhrætt og miður sín, á ekki von á svona akstursskilyrðum.

Pau nefna þetta sem dæmi um hið mikilvæga samfélagslega hlutverk sem bændur í sveitum landsins gegna.

Framhald á næstu síðu.

Joskin haugsugur

Þegar þú þarft áreiðanlega og kraftmikla haugsugu


JOSKIN

PÓRF

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500

Við fjármögnum landbúnaðartæki





Í Vietnam á Tröllaskaga

Ferðapjónusta hefur vaxið mikið á Tröllaskaga síðustu ár, séi í lagi vegna uppgangs þýrluskíðaferða í fjallgarðinum fyrir ofan Brúnastaði. Fjölskyldan verður sannarlega vör við það.

„Þetta er svoltið eins og villta vestrið hér á vorin þegar þýrlufyrirtækin keppast við að komast á hreina tinda. Þetta byrjaði af alvöru fyrir svona fimm árum síðan en í dag eru allavega fimm fyrirtæki sem sum gera út nokkrar þýrlur hvert Á fallegum kyrrum vormorgni þegar stílt er í veðri er mjög hljóðbært. Mætti bá stundum halda að við værum stödd í Víetnamstríðinu, þýrlunar fljúga hér stanslaust yfir og hljóðin bergmála milli fjalla. Þetta skemmir upplifun okkar af vorkomunni og er mjög þreytandi, ef ég á að segja eins og er,“ segir Hjörðís.

Þótt bau viti að slískar ferðir séu komnar til að vera þá vonast þau til að settar verði reglur eða aðgangsstjórnun á svæðið. „Við búum við þennan breytta veruleika enda eru ekki margir staðir á landinu sem bjóða upp á svo svakalegan fjallgarð með mikill snjósöfnun. En við erum hrædd um slysahættu líka,“ segir Jóhannes.

Hann útskýrir að tveir mismunandi hópar ferðafólks sækji í fjöllin á Tröllaskaga. „Fólk sem kemur og gistir hjá okkur tilheyrir þeim hópi sem er að sækja í kyrðina og kys að ganga á fjöllin með skinn undir skíðunum og renna sér svo niður. Þau eru auðvitað ekki spennt fyrir öllum þessum þýrlum yfir sér.“

Þá hafi ásýnd landsins, með gróðursælum sveitum og lifandi dýrum, einnig mikið vægi fyrir ferðamennsku. Umraðan beinist þá að algengu þrætuepli.

Samfélagsleg skylda jarðareigenda

Lausaganga búfjár er ásteytingarefni, sérstaklega milli þeirra sem stunda sauðfjárbúskap og þeirra sem eiga jarðnaði sem þeir vilja ekki að sé beitt vegna skógræktar.



Brúnastaðir í Fljótum eru úr alfaraleið en þó staðsettir við þjóðveg 76. Bærinn er á sveitarfélags- og kjördæmamörkum. Það tilheyrir sveitarfélaginu Skagafirði og Norðvesturkjördæmi þótt það sé í raun nær Siglufirði en Fjarðabyggð sem tilheyrir Norðausturkjördæmi.

Mynd / Einkaeign

„Fólk á kannski jarðir og notar húsnaðið sem sumarbústað, en á ekki lögheimili þar og gefur lítið af sér til samfélagsins. Vilja svo ekki girða, því það segist ekki þurfa þess. Sumir setja upp öryggismyndavélar og hringja svo í tíma og ótíma í bændur og búalið til að smala því það sýnist sjá kind í mynd,“ segir Jóhannes og undir það tekur Hjörðís.

„Þetta er ekkert sérstaklega flókið, það þarf einfaldlega að girða og þeir sem eru í landshlutabundinni skógrækt fá til þess styrk. Þegar við komum í Brúnastaði voru hér engin tré. Við erum búin að planta tugum þúsunda trjáa hér á svæðinu og upp í fjallið samhlíða því að vera með eitt stærsta sauðfjárbú á Norðurlandi og geitur. Þetta eru engin geimvisindi og trjárækt og búfjárrækt eiga að geta farið fram í sátt og samlyndi sé vilji til.

Þau telja nauðsynlegt að skýra betur regluverkið bæði fyrir búfjár- og jarðareigendur. „Það þarf að útskýra hvað lausaganga er og skilgreina skyldur þeirra sem eiga jarðir. Í Noregi eru reglur um að þú fáir ekki að kaupa jörð nema þú takir þátt í samfélagini. Hér ættu kannski líka að hvíla ákveðnar samfélagslegar kvaðir á þeim sem kaupa eignir í gamalgrónum sveitasamfélögum,“ segir Jóhannes.



Hjónin eiga fjögur börn, Ríkeyju Þóll, Kristin Knörr, Ólaf Ísar og Leif Hlíé. Öll taka þátt í búskapnum á einn eða annan hátt.

Mynd / Einkaeign

Meira frelsi í búvörusamningum

Eitt af þeim málefnum sem skipta bændur meginmáli er hvernig stuðningskerfi landbúnaðar verði til framtíðar. Þó hjónin séu samtaka eru þau ekki alltaf sammála.

„Ef ég mætti ráða þá myndi ég vilja að bændur hefðu meira val, þannig að stuðningurinn yrði ekki bundinn við tiltekna framleiðslu eða búgrein, heldur yrði gefið meira frelsi svo fólk gæti gert fleiri hluti en samt fengið stuðning. Það myndi skapa fleiri tækifæri til dæmis til nýsköpunar,“ segir Hjörðís.

Jóhannes segir að slíkt kunni ekki góðri lukku að stýra nema að meira fjármagn sé sett í stuðningskerfið. „Stórkostlegur samdráttur hefur verið á fjármagni til landbúnaðar undanfarin ár. Þú styrkir engan með því að taka frá einhverjum sem er á horriminni og setja á annan. Það skapar bara meiri óánægju milli bænda og það er ekki það sem við þurfum. Við vitum að sauðfjárræktin er komin á þann stað að við erum rétt að ná að framleiða fyrir innanlandsmarkað. Nautakjötsframleiðslan hefur verið í basli, þegar það hrugast hér inn innflutt kjöt. Við erum með eitt besta grasræktarland Evrópu, sem er hentugt til að framleiða kjöt og hey á sjálfbærar hátt. Það er fáranlegt að verið sé að flytja hér inn fullt af matvælum sem eru framleidd á korni sem fólk gæti borðað. Í mínum huga væri miklu næra að framleiða kjöt á grasi sem manneskjan getur ekki borðað.“

Í þessu samhengi setur Jóhannes spurningarmerki við kolefnisútveikninga kjötframleiðslu. „Sauðfjárbændur bera svo líttinn áburð á túnini að það varla telur og lömbin éta bara gras sem annars nýtt ekki og yrði að sinu. Ótækt er að bera saman umhverfisáhrif þess við innflutt kjúklingakjöt og svínakjöt, þar sem kolefnissporið hverfur um leið og þú flytur það yfir hafið, vegna þess að það er skráð í einhverju öðru landi. Æg held við verðum að horfa á

hvað við þurfum til að brauðfæða þjóðina. Hvernig ætlum við að sjá fram á að það verði einhver nyliðun í landbúnaði og að fólk geti lifað á búskap? Hvernig getum við nýtt allar þessar auðlindir okkar sem best? Hvernig ætlum við að tryggja það að hér sé framleitt nóg af matvælum?“ sprýr Jóhannes.

Hvernig sem stuðningskerfi í landbúnaði verður þurfi það að tryggja að stuðningurinn rati til þeirra sem sannanlega búa á landsbyggðinni og framleiða landbúnaðarvörur. Stuðningurinn eigi að fara til þeirra sem framleiða og tryggja eðlilega tekjumöguleika þeirra sem stunda landbúnað.

Hjörðís segir bændur þurfa að vera iðnari við að koma lífinu í landbúnaði á framfæri. „Við erum ekki nágu dugleg að segja frá því sjálf hvað við erum að gera, hvers vegna við gerum það, hvaða sýn við höfum á framtíðina og hverju við brennum fyrir.“

Brúnastaðir er nýtt þátttökubýli í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins heldur utan um. Markmið þess er að auka þekkingu bænda á loftslags- og umhverfismálum en í gegnum verkefnið setja bændur sér mælanleg markmið hvernig þeir minnka kolefnisspor á sínu býli. „Þetta er frábært verkefni og í raun ótrúlega holtt fyrir hvaða býli sem er að skoða búreksturinn með tilliti til loftslagsmála en um leið með tilliti til fjárhagslegrar hagræðingar. Því þetta skilar ekki bara miklu meiri hugsun í því hvernig við komum í veg fyrir sóun heldur skilar þetta sér í beinhörðum peningum í rekstri hvers býlis,“ segir Hjörðís.

Pau hafa alltaf haft sjálfbærni og umhverfismál að leiðarljósi í sínum búrekstri og þrátt fyrir að búa á harðbýlum stað sjá þau endalaus tækifæri til vaxtar og meiri grósku. „Ef þú ætlar að setja þig niður á svona stað þá þarfum fyrst og fremst að horfa á möguleikana sem svæðið hefur en ekki takmarkanir þess.

Hér er allt haegt að gera, ef þú bara nennir því,“ segir Jóhannes.

Allt fyrir búreksturinn!

Bovisal bætiefnalínan



Phosphor Bovisal - bætir upp fosförskort og flýtir fyrir bata eftir doða í kúm

Bovisal Pearls - bætiefni til að meðhöndla og fyrirbyggja doða í kúm

Rumen Bovisal - minnkar líkur á súrdoða hjá nautgripum, sauðfé og geitum og styrkir vambastarfsemi

Keto Bovisal - bætiefni sem minnkar líkur á súrdoða í mjólkurkum og ám

Bovi Paste



RumenBooster - pasta sem örvar vambarstarfsemi og eykur lyst, inniheldur selen og kalk, minnkar líkur á röskun á vambarstarfsemi

Heatwave kálfa-og lambafóstra

Fóðrar allt að 30 kálfa eða 50 lömb. Enginn flókinn tæknibúnaður!

ProLac Paste

þykki til styrktar þarmaflóru húsdýra. Fyrir dýr með meltingartruflanir og veikburða ungvíði

Calcium Plus - kalkpasta með násíni og seleni, minnkar líkur á doða

Carbon - kolpasta með tanníni, minnkar líkur á meltingartruflunum

Phosphorus Calcium - fosför, kalk og orkuríkt pasta með selen, getur minnkað líkur á duldum doða og súrdoða

Ketosis Plus - orkuríkt pasta með seleni og násíni, minnkar líkur á súrdoða



SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG VERÐ Á
WWW.KB.IS



Ágraenu þjóssi landbúnaðarins

Bændasamtök Íslands skora á frambjóðendur allra flokka að kynna sér helstu áskoranir og tækifæri í landbúnaðarmálum.

Brýnustu áskoranir landbúnaðarins þola ekki lengur bið.

ÁHERSLU- OG FORGANGSMÁL BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

- ✓ Leiðandi hlutverk íslensks landbúnaðar í fæðuöryggi þjóðarinnar
- ✓ Trygg afkoma og öryggi
- ✓ Bætt rekstrarumhverfi bænda
- ✓ Nauðsyn nýliðunar og kynslóðaskipta
- ✓ Mikilvægi tollverndar
- ✓ Samspil þekkingar og verðmætasköpunar
- ✓ Loftslagvegvísir bænda
- ✓ Orðspor og uppruni matvæla
- ✓ Auknar kröfur um umhverfisþætti, gæði og hreinleika
- ✓ Traust umgjörð um verkefnin sem eru framundan

Sjá nánar á bondi.is



**BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS**



Verið að dreifa úr fyrningarúllum yfir nýslegna grasið.



Nýslegið gras og fyrningar búnar að fara í gegnum söxun í rúlluvélinni.



Örverunum dreift yfir.

Myndir / Aðsendar

Bokashi-verkefni hjá bændum í Döldum

– Ætlunin að búa til jarðvegsbæti fyrir kál- og túnrækt

**Sigurður Már
Harðarson**
smh@bondi.is



Í sumar hafa tveir 25 tonna safnhaugar lífræns úrgangs verið í gerjun á Magnússtöðum 3 í Döldum, þar sem japónsku aðferðinni Bokashi hefur verið beitt til að búa til jarðvegsbæti.

Líklega er þetta í fyrsta skiptið sem aðferðinni er beitt af þessari stærðargráðu á íslenskum sveitabæ. Tilraunir hafa þó viða verið gerðar, bæði í smáum stíl með lífrænar matarleifar frá heimilum og í sterri verkefnum; til dæmis á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og hjá fyrirtækinu Meltu í Rangárvallasýslu. Niðurstöður úr þeim verkefnum hafa leitt í ljós að Bokashi-aðferðin, sem gengur út á

loftfirlægilegt lífverum sem þrífast í jarðvegi. Ég held það þurfi að breyta almennt hugsunarhættinum þannig að bændur hætti eingöngu að hugsa um að næra plönturnar heldur fari líka að næra jarðveginn. Næringarríkari jarðvegur er líklegri til að nýta allan áburð betur og vonandi með til og tíma er hægt að minnka áburðargjöf á tilbúnum áburði.“

Það þarf að breyta hugsunarhætti

Á Magnússkógunum 3 búa þau Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson. „Já, við komum þessu ferli af stað í byrjun sumars en erum ekki farin að kíkja undir þetta og taka sýni. Á tímabili leit þetta út eins og góðir hoppubelgir þar sem stæðan blés út, en nú í dag er eins og allt loft sé úr stæðunni og er ég nokkuð viss um að gerjunarfelið sé búið,“ segir Anna Berglind þegar hún er spurð um framvinduna.

„Hugsunin hjá okkur var að reyna að nýta betur afgangs heyríllur og allt sem fellur til á jörðinni, til að umbreyta í næringarefnini sem er

aðgengilegt lífverum sem þrífast í jarðvegi. Ég held það þurfi að breyta almennt hugsunarhættinum þannig að bændur hætti eingöngu að hugsa um að næra plönturnar heldur fari líka að næra jarðveginn. Næringarríkari jarðvegur er líklegri til að nýta allan áburð betur og vonandi með til og tíma er hægt að minnka áburðargjöf á tilbúnum áburði.“

Hraðvirkari aðferð en moltugerðin

Aðferðin er að sögn Önnu mun hraðvirkari en til dæmis moltugerð og loftslagsvænni. „Næringarefnini og kolvetni varðveitast líka betur og því verður endurnýting á lífrénum verðmætum betri en ella. Gerjunarfelið tekur bara um sex til átta vikur. Við fengum mjög góða

Öll efni komin í taðdreifaranum.



Losað úr taðdreifaranum.

aðstoð frá Cornelis Aart Meijles, sem var ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, en hann pekkir þetta ferli mjög vel. Hann sá um pantanir fyrir okkur á réttu magni af efnum í þetta; skeljakalki, leir – og svo þessa hvata eða örverur sem koma ferlinu af stað. Einnig þurftum við plastdúk og hlífðardúk. Allt þetta kom frá Hollandi. Svo er nú margt gagnlegt að finna á veraldarvefnum sem nýttist okkur.“

Lítio haft fyrir hinum haugnum

Hinn hauginn ákváðu þau að prófa að hafa mjög lítio fyrir.

„Við mokuðum heyinu fyrst í smálag, svo skíntum yfir það og síðan íblöndunarefnunum – og endurtökum þannig leikinn nokkrum sinnum þar til haugurinn náði stærð sinni. Allt þjappaað saman og gengið frá haugnum eins og hinum. Munurinn felst aðallega í því að þetta fór ekki í gegnum taðdreifaran. Okkur langaði til að sjá hvernig þetta kæmi út í samanburði, því ef þetta virkar svipað þá er svo miklu fljótlegra að vinna þetta svona fyrir bændur, heyið átti það nefnilega til að vilja vöðlast svolítið utan um færibandið.“

Uppskriftin er nú nokkuð auðveld en fyrir hvert tonn af lífrænu inngangsefni sem fer í hauginn þá þarf maður að setja 12 kíló af Edasil-leir, 12 kíló af Aegir-skeljakalki og tvo lítra af örverur. Skeljakalkið og leirinn varðveita næringarefnin og halda sýrustiginu innan æskilegra marka. Örverurnar eru oft nefndar „effective microorganisms“ og innihalda meðal annars mjólkursýrugerla, ígulgerla og gersveppi sem sýra lífræna úrganginn og koma í veg fyrir að hann rotni. Örverublandan styttr einnig gerjunartímann og minnkar líkurnar á að óæskilegar örverur fylgi sér.“

Næst skárum við þessar rúllur með rúlluskeranum og mokuðum þessu í taðdreifaranum okkar. Saman við þetta settum við sauðdatað og

Í SKOTVEIÐINA

Benelli **SAVAGE ARMS** **BERETTA** **FRANCHI**



Benelli M2 Euro
kr 195.000



Pallas Zelos Matrix One
Camo Max5 3.5" 28"
kr 80.000



Savage Stevens 320 Field Grade pumpa
kr 69.900



Beretta A400 Lite Max-5
kr. 335.000



Franchi Affinity 3 Elite Cobalt
kr. 196.900



Bettinsoli Xtrail S Tvhleypa 12 GA
kr.198.000

High Pheasant Extreme
Rjúpnaskot kr 3990
kr.3,990

Vesturrost

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is



Haugurinn þjappaður.



Haugur að verða tilbúinn.



Gerjun hafin.

Einnig í þágu annarra bænda

Anna og Ólafur fengu styrk frá bæði Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Frumkvæðissjóði Dala Auðs til að vinna þetta verkefni. „Við erum afskaplega þakklát fyrir þann styrk sem hefur verið okkur mikil hvatning í að vinna þetta áfram. Við munum skila skýrslu um árangurinn úr verkefnum, sem við vonumst einmitt eftir að aðrir bændur geti nýtt sér.

Pað hefur verið mikil umræða í gangi um kolefnislosun og mér er svo minnisstætt námskeið sem ég sótti um loftslagsvænan landbúnað fyrir nokkrum árum síðan. Ég man enn í dag hvað ég var svekt þegar ég kom heim af því námskeiði, því ég var svo viss um að ég myndi læra alls konar aðferðir til að taka þátt í þeiri þróun, en svo var nú aldeilis ekki. Eina lausnin var að planta bara nögu mikil af trjám. Þegar þú býrð með stórt bú þá veitir þér ekkert af öllu þínu landi undir þinn búpeming og því engin lausn fyrir mig að fara út í skógrækt. Ég er sannfaerd um að það eru til svo miklu fleiri lausnir sem bændur geta nýtt til að draga úr kolefnislosun en vandamálið er að það er ekki verið að prófa marga hluti og mætti ríkið alveg setja meiri þunga á önnur verkefni en það er eins og skógræktin sé eina lausnin.“

Horfa verður til margra lausna

Anna telur að horfa þurfi til margra lausna, svo bændur geti valið hvað þeir geti tileinkað sér út frá þeirra bústærð og landi.

„Bokashi er klárlega ein af þessum lausnum því þú ert að nýta það sem fellur til, á jákvæðan hátt, sem hefði annars bara rotnað einhvers staðar.

Mörgum finnst þetta kannski hálfgalið og mér fannst það líka svölitið fyrst. Sérstaklega þar sem hlutföllin af nýslegnu grasi í haugnum eru frekar há. En það skiptir miklu máli að hlutfallið á milli kolefnis og köfnunarefnis í haugnum sé rétt. En við erum með um tíu tonn af nýslegnu grasi, sex tonn af fyrmingum og svo níu tonn af sauðataði í hverri staðu. Það er svölitið skrýtið að slá nýtt gras og maka það í skít. Það er ekki alveg það sem maður er vanur. En auðvitað mætti gera svona hauga á miklu betri forsendum og sennilega með miklu öflugri tekjum. Um allt land er verið að slá gras af tjaldsvæðum og umferðareyjum sem eru bara hent og látið rotna og úrgangur sem fellur til í grænmetisréktun er tilvalinn, þetta myndi allt nýtast vel í hauginn. Þannig það mætti alveg hugsa þetta sem samstarf við sveitarfélagið til dæmis,“ útskýrir Anna.

Hún bendir líka á auðæfin sem felast í þanginu sem rekur í ómældu magni á fjörnar.

Hægt að þurru Dalaleir

„Ég sé fyrir mér að það sé hægt að taka þetta verkefni svo miklu lengra,“ heldur Anna áfram.

„Til dæmis væri frábært að prufa að þurru Dalaleir og nota í staðinn fyrir þennan innfluttur leir og íslenskan skeljasand í staðinn fyrir skeljakalkið. En við þorðum því ekki nána þar sem nauðsynlegt er að vita hvernig upprunalega uppskriftin kemur til með að líta út.“

Næstu skref eru að taka sýni úr haugnum og greina hvaða

næringarefni eru í honum og í hve miklu magni. „Svo ætlum við sjálf að nýta þetta núna til að dreifa á flag og athuga hvernig kárlæktin

fyrir lömbin muni þrifast á þessu. Gera þá tilraunir með mismunandi áburðargjafa og sjá hvernig þetta kemur út – hvort ekki sé hægt að

spara talsvert í áburðarkaupum. Auk þess væri verið að undirbúa jarðveginn undir túnræktina sem tæki við af kárlæktinni.

En ég held við gerum okkur alveg grein fyrir því að svona ferli er langhlaup, rétt eins og öll önnur kolefnisbinding,“ segir Anna.

**STERKUR OG TILBÚINN Í VERKIN!****KÄRCHER****FJÖLNOTATÆKI - ALLT ÁRIÐ.
EIN VÉL - ENDALAUSIR MÖGULEIKAR****BÚVÉLAR**Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

Hrossarækt:

Fylgja eigin sannfæringu



Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is

Hrossaræktarbúið Skipaskagi var útnefnt ræktunarþá ársins 2024 en að baki ræktuninni eru þau Sigurveig Stefánsdóttir, Jón Árnason og fjölskylda. Petta er í tólfra sinn sem búið hlýtur tilnefningu en í fyrsta sinn sem það hreppir hnossið.

Þau Sigurveig og Jón hafa ræktað hross frá árinu 1986 en stofnhryssa búsin er Rakel frá Akranesi. „Rakel var prettan vetrar þegar hún eignaðist sitt fyrsta folald. Ecta grásrótarhryssa, gott reiðhross, hreingeng og vökur,“ segir Sigurveig en sýnd voru fimm afkvæmi undan Rakel sem öll hlutu fyrstu verðlaun í kynbótadómi, þar af fjórar hryssur sem urðu stofninn í ræktun Skipaskagahrossa.

Undan Rakel eignuðust þau líka sinn fyrstu verðlauna stóðhest, Hrókur frá Akranesi. „Hrókur, sem var sýndur í sumar, er nefndur í höfuðið á Hrók frá Akranesi, en hann var líka svona rauðjarpur. Það er mjög gaman að bera saman myndir af þeim, þeir eiga ekki mikið sameiginlegt nema litinn, nafnið og það að vera báðir flugvakrir, þá sér maður þróunina í byggingu og hæfileikum frá þessum tíma. Sem daemi þótti Hrókur eldri ekki líttill á þeim tíma en mældist 138 cm á herðar,“ segir Sigurveig og dóttir þeirra, Ólöf, bætir við að hún muni vel eftir því þegar hann var sýndur en þá þótti það stórt afrek að eiga stóðhest með fyrstu verðlaun. Stærðin er eitt af því sem þau hafa lagt mikla áherslu á í sinni ræktun enda Jón hávaxinn maður og kann betur við sig á stærri hrossum. „Svo verð ég bara að gjöra svo vel að klifra á bak og halda mér í formi, við það komin á átræðisaldur,“ bætir Sigurveig við.

Hrossarækt er langhlaup

Áður kenndu þau hrossaræktina sína við Akranes eins og svo margir aðrir



Hann er vígalegur hestakostur hjónanna á Skipaskaga sem taka hér two stóðhesta til kostanna. Sigurveig Stefánsdóttir er á Veigari og Jón Árnason situr Skagann.

Mynd / Ásönd

og til þess að skera sig úr keyptu þau ræktunarnafnið Skipaskagi. „Akranes var alltaf kallað í gamla daga Skipaskagi en það var í

kringum 2006 sem við breyttum um nafn,“ segir Jón.

Sigurveig og Jón eru sammála um það að til að ná góðum árangri í

hrossarækt skiptir ræktunarhryssan mestu máli. Þannig sé betra að vera með færri góðar heldur en margar miðlungs. Þau fá um 10–12 folöld á ári.

„Ræktunarmarkmið hjá okkur á Skipaskaga er að rækta stóð, falleg og léttbyggð hross sem að sjálfsögðu hafa hæfileika og gott geðslag,“ segir Jón.

„Við erum þó ekki að segja að allar okkar hryssur uppfylli öll þessi skilyrði, maður er ekki alveg svo heppinn, petta er ekki svo einfalt,“ segir Sigurveig.

„Svo verð ég bara að gjöra svo vel að klifra á bak og halda mér í formi, við það komin á átræðisaldur ...

Alhliðahrossin heilla þau meira en klárhross þótt þau séu með klárhryssur líka í ræktun. Í gegnum árin hafa þau mikið notað heimaræktæda stóðhesta en gæta þess þó að taka inn nýtt blóð til að koma í veg fyrir skyldleikaræktun.

„Við höfum eignast góða stóðhesta eins og Skagann, Eldjárn, Veigar og Hrók og þar sem hrossin hjá okkur eru ekki það skyld höfum við getað notað þá mikið á hryssurnar okkar. Petta er orðið í nokkra ættliði hrossa frá Skipaskaga. Við pössum þó alltaf upp að leita í eitthvað nýtt líka og ekki lokast inni í okkar eigin ræktun,“ segir Sigurveig og Ólöf bætir við að það sé dýrmætt að geta notað hesta sem þau þekkja út og inn og vita þá vel hvernig þeir passa á hryssurnar.

„Í hrossaræktini er mikilvægt að setja sér markmið og vera trúr því. Vera polimómör því hrossaræktin er langhlaup. Vissulega er frábært að fara stuttu leiðina og kaupa sér topphryssu og byggja ofan á það en hjá flestum er þetta langhlaup. Það er líka bara enn ljúfara að uppskera. Það er gaman að vinna þetta frá grunni,“ sammælast þau um.

Hrókur alls fagnaðar

Að öðru ólöstuðu var Hrókur frá Skipaskaga stjarna búsin í ár. Hann var sýndur á Landsmóti þar sem hann fór í sinn hesta dóð, 8,86 í aðaleinkunn. Hlaup hann 9,05 fyrir hæfileika en hann hlaut m.a. 9,5 fyrir tölt og samstarfsvílja. Athyglisverðar blöðlinur eru í Hróki, en hann er undan Eldjárn og Visku frá Skipaskaga og er hann því náskýldur Örnú frá Skipaskaga (föðursystir), Ábjenu frá Þjóðolfshaga (Örnudóttir) og Veigari frá Skipaskaga (móðursystursonur).

„Við erum búin að sýna fyrstu fögur afkvæmi Visku og hafa

Afkvæmaorð Skagans

Skaginn frá Skipaskaga gefur stóð hross með frítt og finlegt höfuð. Frambyggingin er úrval, hálsinn er langur og finlegur, með klipna kverk og háar herðar. Bakíð er breitt, stundum svagt með langan spjaldhrygg en lendin er afar öflug. Afkvæmin eru myndarleg; afar fótahá og léttbyggð með sívalan bol. Fætur eru sterkir; burir með öflugar sinar, hófar eru efnisgróðir með þykka hæla og prúðleiki er góður. Afkvæmin eru yfirleitt alhliðageng, takthrein og skrefmikil á tölti, brokkid er skrefmikil, stundum ferðlitið. Skeiðgeta er mikil og skeiðið er takthrein, rúmt og skrefmikil. Stökkið er teygjugot og hreyfingamikil en mætti vera svifmeira, fetið er takthreint, skortir stundum framtak. Afkvæmin eru viljug, þjál og yfirveguð, þau eru reist og hágeng og fara vel í reið. Skaginn gefur stórglæsileg hross á velli, frið og framfalleg, alhliða garpa á gangi, hann hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

Efsti fimm hrossin sem sýnd voru í ár frá Skipaskaga:

Hrókur Skipaskaga	8,50	9,05	8,86
Skyggnir Skipaskaga	8,76	8,32	8,47
Snerting Skipaskaga	8,33	8,48	8,43
Sjafnar Skipaskaga	8,34	8,48	8,43
Snekjja Skipaskaga	8,49	8,36	8,41

þau öll farið í góð fyrstu verðlaun. Viska er undan Adli frá Nýjabaé og Von frá Litlu-Sandvík en við vorum svo heppin að fá hryssu ættaða frá meistara Óla Pétri, sem er greinilega með gott blóð í ræktuninni hjá sér. Viska er gullfalleg og við heldum henni undir Eldjárn. Sáhestur er búinn að reynast okkur alveg svakalega vel og ég vona að Svífar noti hann þar sem við teljum að hann eigi eftir að skila mörgum frábærum hrossum,“ segir Jón en Eldjárn var seldur út til Svíþjóðar árið 2021. „Einstakt geðslag kemur undan Eldjárn og hefðum við gjarnan viljað nota hann meira en svona er þetta stundum, maður þarf að selja líka,“ bætir Sigurveig við.

Ólöf, dóttir þeirra hjóna, þjálfadi Hrók í vetur áður en Árni Björn Pálsson tók við honum þegar fór að voru og sýndi hann í kynbótadómi. Þau Jón, Sigurveig og Ólöf eru öll sammála um að Hrókur búi yfir einstakri geðprýði. „Þvílkur höfðingi. Barnabörnin geta örugglega skriðið undir hann og upp á hann og hann hreyfir sig ekki. Geðslagið er einstakt í honum. Ég kom alltaf brosandi af honum og það voru algjör forréttindi að fá að þjálfá hann,“ segir Ólöf.

Framhald á næstu síðu.



Jón dustaði rykið af jakkanum eftir 30 ára pásu og sýndi Skagann sjálfur þegar hann tók á móti heiðursverðlaunum á Landsmótinu.

Mynd / Jón Björnsson

TUDOR KRAFTUR

Ekki láta frostið koma þér á óvart

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is



Borgin er
ekkert án
bænda

VERUM
VINSTRA
MEGIN



Dagar einhleypra

Vinsælar vörur á 11% afslætti
9.-12. nóvember

 Yale Home Snjall verðmætaskápur Fullt verð: 57.040 Afsláttarverð: 50.766	 Yale Linus Snjalllás fyrir ASSA læsingar svartur Fullt verð: 79.732 Afsláttarverð: 70.961	 TESLA Öryggis myndavél 360 2K Fullt verð: 9.765 Afsláttarverð: 8.691	 TESLA Lofthreinsitæki Fullt verð: 16.089 Afsláttarverð: 14.319
 CHAMBERLAIN ML810EV Bílskúrshurðaropnari með 2 fjarstýringum Fullt verð: 65.100 Afsláttarverð: 57.939	 AXA Gluggamótor 2902 Hvítur með fjarstýringu Fullt verð: 27.590 Afsláttarverð: 24.555	 SKIL Skrúfjárn hleðslu 4V + aukahlutir 2714GA Twist 100 ára afmælisútgáfa Fullt verð: 6.138 Afsláttarverð: 5.463	 SKIL Borvél hleðslu 12V 2060DA 1x2.0Ah rafhl. BORVÉL HLEÐSLU Fullt verð: 19.840 Afsláttarverð: 17.658
 MASTER LOCK Hengilás 57mm Bluetooth Fullt verð: 9.920 Afsláttarverð: 8.829	 KAPRO Laser Fjöllínu með graenum geisla 962GS Sett Fullt verð: 40.300 Afsláttarverð: 35.867	 DeWALT Rafstöð inverter 4200/4200w Fullt verð: 156.240 Afsláttarverð: 139.054	 TECNOLUMEN Borðlampi WAGENFELD Króm/Glær 1924 Fullt verð: 95.480 Afsláttarverð: 84.977

Hrókur mun verða í þjálfun hjá þeim í vetur en ekki er stefnt með hann í neinar sýningar á næsta ári. „Við vinirnir, ég og Árni Björn, stefnum frekar með hann í A-flokk eða fimmgang með tíð og tíma,“ segir Jón en feðginin ætla að njóta Hróks sem reiðhests í vetur.


„Skaginn hefur verið aðal reiðhestur Jóns og nú bætist Hrókur við. Jón er þannig að ef hann er að fara á bak sér til ánaðju þá fer hann ekki fyrr en í lok dags. Ólöf græðir kannski á því að Jón er að verða gamall og verður orðinn breyttur þegar líður á daginn,“ segir Sigurveig og fara þær mæðgur að hlæja.

Hrossin hafa að mestu verið þjálfuð á Skipaskaga og hafa þau síðan sent frá sér sum hross þegar líða fer nær kynbótasýningum. Fyrnefndur Árni Björn og Daníel Jónsson hafa sýnt flest hrossin frá þeim á síðustu árum og ráðlagt þeim með þjálfun. Þau hafa yfirleitt haft tamingamann í vinnu og einnig fengið góða aðstoð gegnum tíðina. „Maggi Ben hefur reynst okkur rosalega vel og meðal annars benti hann okkur á Glímu frá Kaldbak og Von frá Lítlu-Sandvík á sínum tíma sem hafa heldur betur styrkt okkar ræktun. Við fáum líka gríðarlega góðar ráðleggingar hjá Loga Laxdal allan veturninn um hvað sé best að gera en við gerum aldrei neitt rétt samkvæmt honum. En að öllu gríni slepptu þá er hann okkur mjög mikið innan handar og hefur reynst okkur ofboðslega vel. Hann og Beggi á Minni-Völlum hafa komið og frumtamið fyrir okkur ásamt Reyni syni okkar. Logi stjórnar og Beggi og Reynir eru kúrekarnir og allir smillingar á sínu sviði. Það er oft ansi glatt á hjalla á þessum tíma og mikið að gera í eldhúsini hjá Sigurveigu til að halda Loga í góðum gír,“ segir Jón.

Brekkan tæmdist

Draumur margra hrossaræktenda er að rækta stóðhest sem hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Sá draumur rættist hjá þeim hjónum í sumar þegar Skaginn hlaut þá viðurkenningu á Landsmóti. Hann á 54 sýnd afkvæmi. Jón sjálfur sat hestinn í sýningu Skaganum til heiðurs.

„Ég viðurkenni að það var mjög erfitt fyrir mig að fara þarna í braut. Ég var á nálmum yfir þessu en fékk miklu hvatningu frá Loga og Begga að láta vaða og skila skömmanni frá því ég var síðast í braut á Landsmóti



Jón og Reynir, sonur hans, sitja Rakel frá Akranesi sem var fyrsta ræktunarhryssa búsin.

Mynd / Einkaeign

árið 1994 á Hellu. Þá var ég einmitt á Hrók frá Akranesi. Gustur frá Höli var á undan mér í braut. Hrókur var góður hestur en bar mig engan veginn því ég er svo stór, og ég hugsaði með mér að það yrði svakalegt að koma á eftir Gusti sem var á toppnum þá og brekkan péttsætin. Ég held ég sé ekki að ljúga nei, og það var bráðfundið, en þegar ég kem í braut að þá tæmist brekkan, eftir var Sigurveig, Elli vinur okkar og örfáir í viðbót sem voru stirðir til gangs. Ég hugsaði, vá, djöfull var þetta lélegt hjá mér, en komst seinna að því að Gýmir var í braut hinum megin. Ég hins vegar fór ekki aftur í brautina fyrr en nú,“ segir Jón sem ákvað að dusta rykið af jakkanum þrjátíu árum seinna og taka Skagann til kostanna við verðlaunaafhendinguna. „Það tæmdist ekki brekkan núna, þeir gátu sennilega ekki farið neitt.“

Ólöf bætir því við að þær mæðgur

hafi verið að rifna úr stolti yfir Jóni, enda meira en að segja það að ríða fyrir framan fulla brekku af fólk.

Fyrst og fremst góð reiðhross

Þau Jón og Sigurveig eru hvergi nærrí hætt enda þykir þeim fátt skemmtilegra en hrossarækt.

„Hrossaræktinni hefur farið mikið fram og til eru óhemju mörg góð hross í dag. Við erum ekki að rækta út frá einhverjum víssindaleiðum heldur fórum eftir eigin sannfæringu. Við viljum að hrossin séu stór og falleg, geðgóð og góð á öllum gangtegundum, en leggjum áherslu á tölt og skeið. Við viljum líka að þau séu viljug en þjál. Fyrst og fremst mjög góð reiðhross,“ segir Jón, sem telur hrossaræktina vera ákveðna hugsjón. „Við kynntumst í gegnum hrossin og hafa hrossin og börnin verið stærstu partarnir í okkar lífi. Þetta veitir manni



Hrókur frá Akranesi, fyrsti stóðhesturinn sem þau rækta sem hlaut fyrstu verðlaun í kynbótadómi. Jón heldur í hann á myndinni.

Mynd / Einkaeign



Hrókur frá Skipaskaga. Knapi Árni Björn Pálsson.

Mynd / Jón Björnsson.



Það er stórvundin í lifi hrossaræktandans að taka á móti heiðursverðlaunum stóðhests úr sinni eigin ræktun. Hér hlýtur Skaginn frá Skipaskaga heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á Landsmóti 2024.

Mynd / Jón Björnsson.

ánægju og lífsfyllingu. Við reynum að gleyma því ekki að þetta er ekki alltaf dauðans alvara. Bara stefna á toppinn og sætta sig við brekkurnar á leiðinni. Að öllum öðrum ólöstuðum held ég að Hrókur sé besti hestur sem við höfum ræktað hingað til og sýnir að lengi getur gott batnað og við stefnum ótrauð áfram,“ segir Sigurveig.

**SLITSTERK OG SÉRSAUMUD
SÆTISÁKLÆÐI**

pebe®

**SÆTISÁKLÆÐI ERU
EINFÖLD LEIÐ TIL
PESS AÐ HALDA Í
VIRÐI BíLSINS OG
LENGJA LÍFTÍMA
SÆTANNA**

SKRALLI

779 1886
skralli@skralli.is



Pólár hestar fyrirtæki ársins

Markaðsstofa Norðurlands hefur valið hestaleiguna Pólár hestar sem fyrirtæki ársins 2024.

Pólár Hestar eru á bænum Grýtubakka II í Grýtubakkahreppi. Fyrirtækið hefur verið starfandi frá 1985 og býður upp á langar og stuttar hestaferðir um Höfðahverfi, Látraströnd og austur í Þingeyjarsýslu. Í umsögn Markaðsstofu Norðurlands um Pólár hesta kemur m.a. fram að fyrirtækið bjóði upp á hestaferðir allan ársins hring og leggi áherslu á persónuleg samskipti og góða tengingu við sína gesti til að tryggja að þeirra upplifun verði sem allra best. Pau atrið skipti höfuðmáli þegar kemur að þróun afangastaðarins Norðurlands og

eiga sinn þátt í því að stuðla að minni árstíðarsveflu þegar boðið er upp á afþreyingu sem innlendar og erlendar ferðaskrifstofur geta boðið upp á í sínum vetrarferðum.

A meðfylgjandi mynd eru þau Stefán Kristjánsson og Julianne Brigitte Kauertz, eigendur fyrirtækisins, með viðurkenninguna og blóm, ásamt Arnheiði Jóhannsdóttur, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands og Halldóri Óla Kjartanssni frá markaðsstofunni. Lengst til vinstri er svo Katrín Harðardóttir, sem er einnig starfsmaður markaðsstofunnar. Hjá Pólár hestum eru oftast yfir 100 hestar á járnnum og hestar við allra hæfi.

/mhh

Framúrskarandi sérlausnir

fyrir bændur, fyrirtæki, stofnanir og viðbragðsaðila.

Hafðu samband til að fá kynningu og ráðgjöf.

DJI MATRICE 30T



DJI DOCK



DJI MATRICE 350 RTK



REYKJAVÍK

AUTHORIZED RETAIL STORE

Lækjargötu 2a

sími 519 4747

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða



Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir



Dóra frá Helgafelli með lömbin sín; svartbotnóttur, svartbotnublesótt og hreinhvít.

Myndir / Aðsendar

Litafjölbreytni og æði skrautleg litaheiti

Í íslenska sauðfjárstofninum finnast ótal litaafbrigði sem Karólína Elísabetardóttir hefur gert skil í bók sinni Litadýrð.

Karólína er sauðfjárbondi í Hvammshlíð í Skagabyggð, sem leggur í sinni ræktun áherslu á litafjölbreytileika og ullanframleiðslu. Hún er aðflutt frá Þýskalandi og tók eftir að mikill áhugi er á litum í íslensku sauðfé og að óvenjulegir litir veki mikla athygli, en fólk virðist alls ekki sammála um litaheitin.


Við nánari athugun fannst henni furðulítið til af upplýsingaefni og ákvað því sjálf fyrir nokkrum árum að safna markvisst myndum og lýsingum af alls konar litaafbrigðum og gefa út í bók, sem kom út síðasta vor.

Hér eru nokkur sýnishorn af litafjölbreytileikanum í íslenska sauðfjárstofninum og viðeigandi litaheiti, sem mörg hver eru einnig æði skrautleg.

/smh



Svartgolsugláblesótt eða svartgolsubaugótt. Hanna frá Gróustöðum, forystuær.



Þrír sauðir. Sá efsti er hélusvartbotnuarnhofðóttur, sá í miðið mógolsubotnóttur og svo grámóraður.



Hrúturinn Hjörtur Elsuson Seladóttur Nikulássonar er svartbotnustjörnóttur.

SUZUKI
kynnir

Við hjá Suzuki erum spennt að tilkynna að við höfum tekið að okkur að vera umboðsaðili Zodiac báta á Íslandi.



ZODIAC





Suzuki hefur alltaf staðið fyrir áreiðanleika og trausti. Zodiac merkið fellur vel að þessu. Samstarfið markar spennandi tímamót fyrir fagfólk í siglingum og sjómennsku á Íslandi.

Suzuki utanborðsmótornar passa fullkomlega við Zodiac.

suzukisport@suzuki.is + 354 568-5100



Rós er grábotnuflekkótt.



Heiðar Mattason frá Straumi er móbaugóttur.

Weckman stálklæðningar




H. HAUKSSON EHF.

• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •

Bárujárn

Verð kr. 3.600 m² með vsk.




Stallað stál

Verð kr. 4.900 m² með vsk.



Trapisustál

Verð kr. 3.600 m² með vsk.



H. Hauksson ehf. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN



Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna Trowel
BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfssög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna FS400
LV gólfssög
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Skógrækt kemur öllum bændum við

– Hægt að skapa tekjur af ræktun trjáa á næstum öllum bújörðum



Ástvaldur Lárusson

astvaldur@bondi.is

Hjörtur Bergmann Jónsson var kjörinn formaður deildar skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands (BÍ) í febrúar á þessu ári, en hann hefur stundað skógrækt á landi Lækjar í Ölfusi í rúman aldarfjórðung ásamt eiginkonu sinni, Hrönn Guðmundsdóttur.

Hann segir starf formannsins vera gefandi en eitt af mikilvægustu verkefnum hans er að fá hinn almenna skógarbóna til að skrá sig í Bændasamtök Íslands. Hlutverk deildar skógarbænda í BÍ samkvæmt Hirti er að halda utan um þá sem rækta skóg á bújörðum. „Mikilvægt er að skógarbændur sameinist undir einu merki, þannig verðum við sterkari,“ segir hann.

Óbilandi áhugi Hrannar

Hjörtur segir að helsta ástæðan fyrir því að hann leiddist út í skógrækt sé óbilandi áhugi Hrannar eiginkonu hans. Hún er skógræðingur og starfaði um árabil hjá Suðurlandsskóum og Landssambandi skógar eingenda. Hrönn er fædd og uppalin í Kópavogi og flutti með Hirti til Þorlákshafnar árið 1979. Hjörtur ólst upp á Læk og starfaði sem sjómaður að mestu fram að aldamótum.

Að túnða áratugnum skiptu nokkrir landeigendur í Ölfusinu með sér óskiptu landi sem hafði verið í lítilli notkun. Þar með eignaðist Lækur 80 hektara landskika við rætur Hellisheiðar sem hjónin ákváðu að nýta undir skógrækt. „Ég hef alltaf haft áhuga á búskap og að rækta tré er ekkert öðruvísi en að rækta hross eða kindur. Þetta er lifandi vera og þú getur plantað þúsund trjám og þegar þau vaxa upp eru þau mismunandi einstaklingar.“ Rétt eins og bændur velja búfé til ásetnings þurfa skógar eingendur að grisja og ákveða hvaða tré verði látin lifa.



Hrönn Guðmundsdóttir og Hjörtur Bergmann Jónsson hafa stundað skógrækt í aldarfjórðung í landi Lækjar í Ölfusi. Með því segjast þau vera að nýta landsvæði sem gagnaðist ekki neinum öðrum búskap og græða upp rýrt land.

Myndir / ál

Eftir að Hjörtur kom í land fór hann að vinna með föður sínum í plastverksmiðju á Læk, þar sem framleiddir voru meðal annars girðingastaurar og vegstíkur. Verksmiðjan var seld árið 2006, en Hjörtur hafði stofnað Girðingajónustu Suðurlands tveimur árum áður. Hjörtur seldi frænda sínum girðingaverktökuna árið 2014 þegar hann hóf störf sem hafnarstjóri í Þorlákshöfn. Þar kláraði Hjörtur sinn starfsferil þegar hann fór á eftirlaun árið 2023.

Burðarviður og jólatré

Meðal þeirra verkefna sem eru í gangi núna hjá deild skógarbænda

að fá viðurkennda CE-merkingu á burðarvið úr íslensku hráefni. „Í dag megum við framleiða þiljur, gólf og fjalir, en til þess að hönnuðir og byggingameistarar megi nota íslenskan burðarvið þarf hann að vera með CE-vottun. Síðan erum við að fá í gegn að jólatré verði merkt „Íslenskt staðfest“ þannig að fólk geti séð með öruggum hætti þegar það er að kaupa jólatré hvort það sé íslenskt eða innflutt,“ segir Hjörtur.

Deild skógarbænda vill jafnframt stuðla að því að fleiri viðarvinnslum verði komið upp viðar um landið til þess að jafna flutningaskostað. „Nú eru það mest Skógarafurðir á Austurlandi sem eru að vinna

timbur úr íslenskum við, en það er fullt af timbri að verða klárt til vinnslu í öðrum landshlutum.“

Pá er unnið hart að því að koma Kolefnisbrúnni á laggirnar, en hún miðar að því að bændur geti ræktað skóg til að framleiða kolefniseiningar. „Þetta þarf að þróast mjög hratt núna af því að þessi kolefnisbindingarmál koma miklu fleirum við en bara skógarbændum,“ segir Hjörtur. Hann segist andsnúinn því að erlend stórfyrirtæki kaupi upp heilu jarðirnar hér á Íslandi til að dæla til trjám og kaupa sér friðhelgi í mengun.

„Þetta á að vera tekjustofn fyrir íslenska bændur, af því að á hverri einstu bújörð er hægt að finna einhver svæði sem ekki nýtast í annað en skógrækt,“ segir Hjörtur. Bændur eigi frekar að sameinast í staðinn fyrir að skipta sér í tvær andstæðar fylkingar þar sem önnur berst fyrir skógrækt og hin fyrir sauðfjárrækt.

Fékk skógrækt í hjartað

Hrönn fór á kynningarfund hjá

Suðurlandsskóum á tíunda áratugnum og segist hafa fengið áhugann á skógrækt í hjartað og verið stöðugt með annan fótinn hjá þeim. „Svo endaði það þannig að Suðurlandsskógar réðu mig bara í vinnu,“ segir hún. Síðar varð hún framkvæmdastjóri Landssambands skógar eingenda.

Hjörtur lýsir skógræktarsvæðinu á Læk sem melum og rofabörðum sem nýttust ekki í neinn landbúnað annan en skógrækt. Hjónin byrjuðu prófanir árið 1997 og gerdu samning við Suðurlandsskóga árið 2000. Stærstur hluti plantanna fór í jörd á árabilinu 1999 til 2005.

Hjörtur bendir á að hið opinbera hefur gert samning við hátt í sjö hundruð bændur um nytjaskógrækt á lögbýlum. Markmiðið með skógræktarsamningum er að græða upp land, gera landið verðmætara, binda kolefni, framleiða við og viðhalda dreifðum byggðum.

„Af því þetta var eitt af fyrstu skógræktarsvæðunum á Suðurlandi var verið að prófa sig áfram með tegundir, kvæmi og ýmislegt svoleiðis.

Framhald á næstu stöu.

YAMAHA GRIZZLY FJÓRHJÓL

— Litið notuð hjól á tilboðsverði!

Afsláttur frá 350.000 - 890.000 kr.


EKKI MISSA AF ÞESSU!
hafðu samband og kynntu þér málid

- GÖTUSKRÁD, HVÍT NÚMER
- KRÓKUR, DRÁTTARGETA 680 KG
- ULTRAMATIC SJÁLFSKIPTING
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á REIM,
5 ÁRA ÁBYRGÐ Á HJÓLI
- RAFMAGNSSTÍRI
- HÁTT OG LÁGT DRIF
OG DRIFLAESINGAR
- WARN SPIL
AD FRAMAN
- EINUNGIS 315 KG
MED BENSIÐI OG OLÍUM

YAMAHA Á ÍSLANDI

Kletthálsi 3, 110 Reykjavík
S 540 4980 | www.yamaha.is

Umboðsaðili
YAMAHA



Hrönn segir dásamlegt að týnast í skóginum, en þar sem trén eru víðast ekki mjög há þurfir að leggjast.



Husqvarna - feel the power



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



Husqvarna Rider RC320TS AWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW



Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm



Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m² - 20% halli



Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m² - 45% halli



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m² - 40% halli

MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



VIÐ DALSKÓLA



VIÐ BREIÐHOLTSSKÓLA

Færanlegar húseininger til sölu

Reykjavíkurborg óskar eftir tilboðum í færanlegar húseininger

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að sérstakrar árvekni sé gætt við skoðun og úttekt á einingunum og veitir Reykjavíkurborg allan nauðsynlegan aðgang til þess.

Nánar á reykjavik.is/athafnalif

Áhugasamir geta skoðað aðra hvora eininguna eða báðar í einu samkvæmt samkomulagi við seljanda og skal beiðni þess efnis send á esr@reykjavik.is



Reykjavík

5 hlutir sem Hrönn og Hjörtur geta ekki verið án



1. Húsið: „Við getum gist þarna og eldað okkur mat.“



2. Rafmagnskejusögin: Hún er létt og meðfærileg í notkun.



3. Kurlarinn: Hann breytir ónýtum greinum og afskurði í hráefni í göngustíga og fleira.




4. Sexhjólið: „Það er rosa gott fyrir fótafuna konu sem er með ónýtt hné.“



5. Traktorinn: Hann er öflugur í jarðvegvinnu og drætti.



Mest af útplöntuninni fór fram á árunum 1999 til 2005. Síðan þá er komið að umhirðu og grisjun til að viðhalda verðmæti skógarins. Hér standa hjónin við kurlaðan við sem nýttist í stígagerð og sem áburður.



Vegslóði í gegnum skógræktina. Á sínum tíma var beitt svokölluðu TTS-herfi til að auðvelda gróðursetningu. Mólendið greri upp á skömmum tíma.

Sumt er fínt en annað drapst,“ segir Hjörtur. Lerkitegundir stóðu sig illa á meðan fura, greni og birki hafa lifað betur. Nú hafa hjónin plantað talsvert af hrym, sem er kynblendingur af rússalerki og

evrópulerki sem vex mjög vel. Skógræktin var að mestu plægð með svokölluðu TTS-herfi, sem er traktorsknúið tækji þar sem tveir diskar með áföustum spöðum snúast og hreyfa við efsta

jarðvegslaginu. Þetta er ráðandi aðferð í nytjaskógrækt á Íslandi, en fékk talsverða athygli í tengslum við stórt skógræktarverkefni í nágrenni Húsavíkur núna í haust. Hjörtur bendir að jarðvegurinn hjá þeim hafi gróið upp og jafnað sig á örfáum árum.

Tekjur eftir áratugi

Hjónin viðurkenna að það sé ekki mikið upp úr skógrækt að hafa, heldur sé þetta meira hugsjón. „Þú hættir ekkert að vinna til að gera þetta,“ segir Hrönn. Þegar þau voru að planta sem mest voru styrkirnir nálægt lágmarkslaugnum fyrir einn einstakling í eitt mánuð ári.

„Tekjurnar hjá okkur koma ekki fyrr en eftir 40 til 80 ár,“ segir Hrönn. Þeir sem fara út í skógrækt gera það ekki til að græða á því, heldur er þetta fólk sem ber virðingu fyrir náttúrunni. „Það er svo margt annað sem gefur manni gott í hjartað og andann en peningar.“

„Þetta á að vera tekjustofn fyrir íslenska bændur, því að á hverri einustu bújörð er hægt að finna svæði sem ekki nýtast í annað en skógrækt ...“

Skógarbændur þurfa að byrja árið að gera áætlun um útplöntun til þess að fá plöntur, sama hvort þeir eru hluti af skógræktarverkefni eða á eigin vegum.

Þegar fer að vora hefst jarðvinna og undirbúningur fyrir gróðursetninguna sem er að mestu framkvæmd á vorin og haustin. Grisjun fer að mestu fram á veturna, en Hrönn tekur þó fram að góður skógarbóndi eigi alltaf að vera með klippurnar í vasanum þegar gengið er um skógin til að snyrta greinar.

Skógarreiturinn hjá Hirti og Hrönn hefur orðið fyrir bardinu á snjósöfnun frá Hellisheiðinni sem hefur leitt að sér talsvert snjóbrot. Þá gengur sjávarrokið upp í hlíðina og eftir einn vetur með metfjöldi lægða var skógunn saltbrunninn en jafnaði sig þegar leið á vorið. „Maður þarf að hafa tröllatrú á þessu og vera bjartsýn og jákvæður. Þetta kemur bara. Það er dásamlegt að týnast í skóginum – þú leggst bara út af. Þú þarf ekkert að hafa hann margra metra háan,“ segir Hrönn.

Samfélag:

Nægjusemi í nóvember

Landvernd og Grænfánaverkefnið standa fyrir átakinu Nægjusamur nóvember.

„Nægjusamur nóvember er hvatningarátask. Mótsvar við neysluhyggju og hugmyndinni um að okkur vanti stöðugt eitthvað“, segir í kynningu Landverndar. Nægjusemi sé jákvæð, auðveld, valdeflandi og nauðsynleg. Tilgangur verkefnisins er að upphefja nægjusemi sem jákvætt skref fyrir einstaklinga og samfélög til að stuðla að góðu og heilbrigðu lífi og minnka um leið vistspor okkar.

Nægjusemi er þannig mótsvar við gífurlegri neyslu í nóvember sem er neysluríkasti mánuður ársins. Þá nálgast jólín og verslanir keppast við að bjóða tilboð á svörtum föstudagi, netmánudegi og degi einhleypra.

„Við erum stöðugt mótuð á því að okkur vanti hitt og þetta og að lífið yrði betra ef við eignumst þetta allt saman. Krafan um endalausan hagvöxt og að framleiða alltaf meira



og nýtt er innbyggt í kerfin okkar. Allt er gert til þess að fólk kaupi meira. Það er aldrei nóg, orðið er ekki til í núverandi hagkerfi. Í staðinn kallar kerfið fram í okkur tilfinninguna um að okkur skorti alltaf eitthvað,“ segir Guðrún Schmidt hjá Landvernd. Mótefnid við ofneyslu og skortstilfinningu sé nægjusemi.

Landvernd og Grænfánaverkefnið, í samstarfi við Norræna húsið og Saman gegn sóun, standa í mánuðinum fyrir viðburðum, greinum, viðtölum, erindum og fræðsluverkefnum fyrir skóla þar sem vakin er athygli á kostum nægjuseminnar sem mótsvari við neysluhyggju.

/sá

SNJÓKEÐJUR Í MIKLU ÚRVALI



862 4046

skralli@skralli.is

SKRALLI

Lilleseth
Kjetting

Norsk framleiðsla í 75 ár

Límtréshús, bogahús og færanlegar byggingar

Hýsi.is



Færanlegar byggingar



Bogahús



Límtréshús



BYGGJUM BETUR



Leiktæki & Sport ehf



Buglo 9508 Bubbles verð 2.390.000 kr



Buglo 5103 gormatæki verð 98.000 kr



Buglo 5016 gormatæki verð 177.000 kr



Buglo 8047 Blandaðir leikir með hjólastóla aðgengi 2.680.000 kr



Buglo 00302 Róla 290.000 kr



Buglo 4078 Hringekja með hjólastóla aðgengi verð 1.980.000 kr



Buglo 2007 klifurkofi verð 390.000 kr

- Gervigras fyrir sparkvelli og leiksvæði
- Gummí grasmottur og gummihellur fyrir undir leiktæki
- Náttúrulegt Kork- yfirborð fyrir leiksvæði og hlaupabrautir
- Plast körfuboltavellir ásamt körfum, mörkum, girðingum, hjólabogum og hlaupahjólastöndum
- Gúmmýfirborð (Tartan) undir Leiktæki og td körfuboltavelli



www.leiktæki.is sími 454 0077

www.buglo.pl

Við bjóðum upp á breitt úrval af leik- og íþróttatækjum fyrir leikvelli og á garðinn þinn.

Tryggjum góða bjónustu um allt land

Sjóvá opnar ný og betrumbætt
útibú víðsvegar um landið

Akranes

Stærra húsnaði á Smiðjuvöllum 28

Húsavík

Á besta stað á Garðarsbraut 26

Stykkishólmur

Í hjarta bæjarins á Aðalgötu 10

Vestmannaeyjar

Opnum í nóvember á Strandvegi 52

Gott aðgengi að persónulegri
bjónustu um allt land





SJÓVÁ

Sjóvá | sjova.is | 440 2000 | sjova@sjova.is



Tekjur bandaríksa ríkisins af tollum á Kína fóru í að greiða bændum bætur.

Mynd / Loren King - Unsplash

Bandaríkin:

Bændur búast við viðskiptastríði

Eitt helsta kosningaloferð Donalds Trump var að hækka tolla á innfluttrar vörur í Bandaríkjunum.

Begar hann var síðast við völd hafði sú stefna neikvæð áhrif á bandaríksa bændur þar sem Kínverjar svöruðu í sömu mynt. Þar í landi er stærsti markaðurinn fyrir bandarískar sojabauunir og eru Kínverjar stór kaupandi af maís. The New York Times greinir frá.

Á árunum 2018 og 2019 voru tollar á bandarískt soja hækkaðir verulega í Kína og misstu bandarískir bændur stórnarr hluta sinna viðskipta til starfsbraðra sinna í Brasilíu og Argentínu. Bandarísk stjórnvöld brugðust við með því að greiða bændum bætur sem kostuðu ríkið

nánast sömu upphæð og fékkst með tollum á kínverskar vörur.

Hagfræðingar hafa varað við að tollastefna Trumps geti aukið verðbólgu og hægt á hagvexti. Hagsmunasamtök bända búi sig undir það verste með endurkomu Trumps, en samkvæmt þeim munu bandarískir sojabauuna- og maísræktendur verða af þúsund milljarða króna viðskiptum ári ef innflutningstollar í Kína verða hækkaðir upp í 60 prósent. Það muni hafa keðjuverkandi áhrif um allt hagkerfið.

Fulltrúar í kosningateymi Trumps hafa ýmist sagt að forsetinn til vonandi muni grípa strax til tolla eða láta fyrst reyna á viðræður um viðskiptasamninga. /ál

Bretland:

E.coli og blý í kannabis

Rannsókn háskólangs Manchester Metropolitan University sýnir að kannabis sem verslað er með á götum Bretlandiinniheldur skaðlegar örverur.

Háskólinn kannaði sextíu sýni sem löggreglumenn á stórborgarsvæði Manchester og í Norðymbralandi höfðu gert upptæk í störfum sínum. Níutíu prósent af þeim inniheldu ýmist myglu eða sveppagró, átta prósent inniheldu blý og fundust bakteríur af salmonellu- og E.coli stofni í tveimur prósentum. Í rúnum fjórðungi sýnanna fundu rannsakendur jafnframt gervikannabínóða, eins og



Spice og KT, sem geta verið skaðlegir. Frá þessu er greint í breskum miðlum eins og Mirror og Metro. Rannsóknin var gerð í samstarfi við fyrirtækið Curaleaf Clinic sem ræktar kannabis til lækninga. Þar kom jafnframt fram að tveir þriðju þeirra sem kaupa ólöglegt kannabis nota efnid til að glíma við heilsufarsvandamál, eins og kvíða, þunglyndi og langvinna verki. Fulltrúar Curaleaf Clinic vilja með þessu vekja neytendur til umhugsunar um mögulega skaðsemi ólöglegs kannabis og benda á að í Bretlandi sé hækgt að fá marijúana gegn lyfseðli. /ál

Írland:

Gálgafrestur írskra mjólkurkúa

– Áform um að farga 195 þúsund gripum í biðstöðu

Írskir bændur þurfa ekki að fækka mjólkurkum sínum að svo stöddu. Fyrirhugaðar aðgerðir um stórfellda fækkan felu um sig sjálfar.

Í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030 gerðu írsk stjórnvöld ráð fyrir að hluti aðgerðanna gæti mögulega orðið að fækka mjólkurkum í landinu um allt að 65.000 á hverju ári í þrjú ár, með bótageiðslum til bænda upp á um 600 milljónir evra alls.

Farming Independent birti vorið 2023 upplýsingar úr minnisblaði frá írsku landbúnaðarráðuneytinu þar sem þessi áform voru reifið og hafa geisað hatrammar deilur um málið síðan. Um þetta er fjallaði í The Journal/FactCheck.

Ekkert fjármagn

Setja átti upp sérstakt kerfi fyrir mjólkurbú sem gerði þeim kleift að minnka hjardir sínar en hugmyndin hlaut mikinn andbyr, ekki síst frá bændaforyrstunni. Stjórnvöld höfðu í hyggju að koma kerfinu á koppinn fyrir síðustu áramót en þegar til kom reyndist ekkert fjármagn til verkefnisins að finna í ríkisfjármálaáætlun yfirstandandi árs. Fækkunarhugmyndin er því í uppnámi og ekki ljóst hvernig henni reiðir af.

Hollendingar hafa verið að velta svipuðum hlutum fyrir sér og hefur því verið varpað fram að fækka þurfí nautgripum, svínum og hænum um priðjung þar í landi.

Írsku kýrnar yfir sjö milljónir

Um 135 þúsund býli eru talin vera á Írlandi um þessar mundir. Um 280 þúsund manns unnu á sveitabæjum árið 2020, þar sem 88% þeirra störfuðu annaðhvort sem eigandi eða fjölskyldumeðlimur.

Í fyrra voru 7.341.500 kýr á Írlandi, sem er 0,7% samdráttur frá fyrra ári, en fjölgun um rúmlega 1,4 milljónir gripa síðan 2011.

Yfir 80% af írskum landbúnaðar-



Írskir kúabændur eru með böggum hildar vegna stórfelldra niðurskurðaráforma á hjörðum þeirra. Ekki verður þó aðhafst að sinni. Mynd / The Journal

afurðum er flutt út, í formi mjólkurdufts, osta, nautakjöts, lifandi nautgripa og annarra vara.

Hægt á samdrætti losunar

Landbúnaðargeirinn er sagður stærsti einstaki losandi gróðurhúsalofttegunda á Írlandi, með um 38,4% af allri losun árið 2022. Þetta er nokkuð a skjön við afganginn af ESB-ríkjunum, þar sem landbúnaður er talinn valda um 11% af losun að meðaltali en meirihluti losunar frá öðrum ESB-löndum er vegna brennslu jarðefnaeldsneytis, að sögn The Journal. Yfir 62% af losun Írlands í landbúnaði koma frá lofttegundum sem losna út í andrúmsloftið þegar kýr og önnur jörturdýr (eins og sauðfé) ropa.

Eftir langvarandi samningavíðræður á síðasta ári, milli landbúnaðarráðherra Írlands og landbúnaðargeirans, var samþykkt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir greinina um 25% fyrir árið 2030. Þó að losun landbúnaðar hafi dregist saman um 1,2% árið 2022, aðallega vegna samdráttar í notkun köfnunarefnisáburðar, var það eftir sífélfa aukningu undanfarin ár. Losun jókst um 14,1% á 10 árum til 2022.

Bændur áhyggjufullir

Írskir bændur og hagsmunasamtök þeirra hafa miklar áhyggjur af þeim mórgu mismunandi ráðstöfunum frá ESB sem koma samhlíða til framkvæmda. Þar á meðal eru markmið um að draga úr losun og verulegar breytingar á sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB (CAP). Bent er að fremur en að fækka kum sé nær að leggja meiri áherslu á mótvægisáðgerðir, svo sem að bæta skilvirkni búskaparháttu og fjárfesta meira í rannsóknum á kolefnisbindingartækni. /sá

ERTU MED RÉTTU TÆKIN?

Vakúmpökkunarvélar í öllum stærðum og gerðum.
Hakkavélar og hamborgaravélar.
Erum með lausnir fyrir alla. Stór fyrirtæki, minni fyrirtæki, veiðimenn, búskap og heimili. Vertu klár fyrir haustið!

PMT - Sími: 567 8888 - www.pmt.is



Nú hafa 22 lönd í Evrópu lagt bann við loðdýrarækt. Mynd / á

Minkarækt bönnuð í Rúmeníu

Samkvæmt nýrri löggjöf í Rúmeníu mun loðdýrarækt haetta í landinu árið 2027.

Rúmenska þingið samþykkt breytingu á dýraverndarlöggjöfínni þar sem dregið verður úr ræktun minka og silkkianíu til þess að nýta af þeim feldinn. Með þessu verður Rúmenía 22. landið í Evrópu til þess að banna loðdýrarækt. /ál

Bændablaðið
www.bbl.is

Allt til merkinga og pökkunar

PMT
PLAST, MIDAR & TÆKI



Á COP29 í nóvember verður leitast við að ná fram auknum fjárhagslegum skuldbindingum, frá bæði opinbera- og einkageiranum, til að flýta fyrir framförum.

Einkageirinn brýndur til einbeittari verka

Á COP29 á m.a. að hvetja einkageirann til meiri samvinnu við hið opinbera og loftslagsfjármálín verða tekin til kostanna.

Aðildarríkjajing loftslags-samnings Sameinuðu þjóðanna, COP29, fer fram 11. til 22. nóvember í Bakú í Aserbaísjan. Helstu umfjöllunaratriði þingsins nú, hins 29. í röðinni, eru að brúa bilið í loftslagsfjármálum fyrir sprota- og þróunarmarkaði, lausnir í hreinni orku og samgöngum, að efla hrинглага hagkerfishætti, þróu umbreytingarleiðir í hreint nálluhagkerfi og sjálfbær landnýting og skóvernd.

Flýta verður framförum

Heimsloftslagsráðstefnan 2024 fer svo fram 17. nóvember. Lykiláherslan verður á loftslagsfjármál og framkvæmd þess að halda 1,5 gráða markmiðinu innan seilingar. Talið er að knýja þurfi hratt fram auknar fjárhagslegar skuldbindingar, frá bæði opinbera- og einkageiranum, til að flýta fyrir framförum. Þá er stefnt að sameiginlegri ákvörðun

/sá


COP16 lokið

COP16, aðildarríkjajing rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, fór svo fram í Kólumbíu, 21. október til 1. nóvember undir yfirskriftinni Friður við náttúruna. Hún þótti skila takmörkuðum árangri og tókst aðildarríkjum t.d. ekki að koma sér saman um hvernig herða mætti á fjármögnum til tegundaverndar.

Ísland hefur skuldbundið sig til að vernda 30% land- og hafvistkerfa fyrir árið 2030.

RAFRÆNT ÓSKASKRÍN BEINT Í SÍMANN

Það hefur aldrei verið einfaldara að gleðja starfsfólk!



 Óskaskrín

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

RÝMINGARSALA

Barnahús · Garðhús · Gestahús · Gróðurhús

Allt að 40% afsláttur | Allt á að seljast, fyrstur kemur fyrstur fær | Ekki missa af þessu!



VH/24-09

GARÐHÚS án fylgihluta



BARNAHÚS án fylgihluta

45% afsláttur af FLUTNINGI á allar þjónustustöðvar Flytjanda.



GESTAHÚS án fylgihluta

HÚSIN eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður



GRÓÐURHÚS

Sjá fleiri HÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



volundarhus.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Tilboðin gilda núna í nóvember
eða á meðan birgðir endast.
Afsláttarverð reiknast af verðum á heimasíðunni okkar.
Nánari upplýsingar á heimasíðu og í síma 864 2400.

www.volundarhus.is

MasterCard
Staðgreiðslu

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFFORGANIR



Eru erfðabreyttir nautgripir framtíðin?



Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com

Kynbætur á búfí og plöntum hefur verið stundað í hundruð ára í þeim tilgangi að bæta einhverja valda eiginleika viðkomandi tegundar.


Petta ferli er nokkuð seinvirkt enda byggir það á vali einstaklinga, sem svo eru notaðir áfram í framhaldsrákunum. Þrátt fyrir að bæði plöntur og búfí séu mögulega mjög ólisk forfœðrum sínum í dag en t.d. fyrir einni öld þá er sjaldnast talað um erfðabreyttar tegundir heldur framfarir í kynbórum sem hafa skilað oft á tíðum miklum árangri. Fyrir rétt rúmri hálfri öld var svo stigið nýtt skref að þessu svíði þegar fyrsta erfðabreytta bakterían var búin til í rannsóknastofu, en þá tókst að flytja erfðaefni úr einni bakteríu yfir í aðra.

Síðan hefur þessari teknici fleygt fram og í dag kannast líklega allir við

umræðuna um erfðabreyttar plöntur svo dæmi sé tekið. Þrátt fyrir ýmsa augljósa kosti við erfðabreytingar með þessum hætti hefur þetta verið afar umdeilt víða um heim enda verið að blanda saman tegundum sem margir telja afar varhugavert skref.

CRISPR-tæknin

Með bættri tækni og nýjum möguleikum eru nú aftur á móti komin fram ný tækifæri á þessu svíði þar sem unnt er að ná enn hraðari framförum við erfðabreytingu en áður. Sú mest þekkta er líklega CRISPR-aðferðin en hún gerir í raun vísindafólki kleift að breyta erfðaefni nánast að vild og af mikilli nákvæmni. Aðferðin kemur frá bakteríum og er aðferð þeirra við að verjast árásum veira, er sem sagt einskonar ónæmiskerfi bakteríu sem nú er hægt að nota til þess að breyta erfðaefni allra lífvera. Áður en þessi tækni kom



til sögunnar voru erfðabreytingar gerðar með svokölluðum genaferjum sem byggðist á því að stórir bútar af genum úr t.d. einni lífveru voru faerdir yfir í aðra eins og þekkt er frá t.d. erfðabreyttum matvælum. Pessi leið er hins vegar mun ónákvæmari

en CRISPR-tæknin þar sem með henni má t.d. breyta aðeins örlichtum hluta erfðamengisins. Auk þess er CRISPR-tæknin mun ódýrari í notkun þar sem hún er ekki eins tímafrek og eldri aðferðin þar sem hægt er að fá nokkuð nákvæma niðurstöðu hratt.

Um erfðabreytingar gilda mjög strangar reglur í dag í flestum löndum heims en vegna margra sjáanlegra kosta við CRISPR-tæknina er nú t.d. verið að vinna að breytingum á regluverki Evrópusambandsins, svo dæmi sé tekið, sem mun opna betur á möguleika þess að nota CRISPR.


Hraustari gripir

Á alþjóðavísu hefur mikill kraftur verið settur í rannsókna- og kynbóstarfsemi til þess að efla sjúkóma-varnir búfjár og hefur náðst góður árangur í því á liðnum áratugum. Áhersla á þennan eiginleika hefur bein áhrif á dýravelferð og endingu gripa, sem skilar sér áfram í hagkvæmari framleiðslu. Hér á landi er líklega nærtækasta dæmið val á sauðfé með verndandi erfðaefniseiginleikum gegn riðu. Marga aðra sjúkdóma, sem herja á búfí, mætti nefna þar sem vitað

Varaðu þig á haustlægðunum!

Við sérhæfum okkur í fallvarnar- og öryggisbúnaði

Veldu öruggar lausnir á frábæru verði!



VINNUPALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Skoðaðu
úrvalið til sölu
og leigu á
vpallar.is

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 557 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is



Danskir vísindamenn vinna nú hördum höndum að því að gera prótein úr grasi nýtanlegt fyrir fólk.

Gras fyrir menn

Í Danmörku vinnur vísindafólk á vegum háskólangs í Árósum að einkar áhugaverðu verkefni en það gengur út á að þróa aðferð sem gerir prótein úr venjulegu grasi nýtanlegt fyrir fólk.

Að það að koma í stað annars plöntupróteins, eins og frá sojabauum eða ertum. Samkvæmt frétt Maskinbladet.dk er um gríðarlegt hagsmunamál að ræða, enda má draga verulega úr sótspori plöntupróteins í norðurhluta Evrópu ef árangur næst. Þar er nefnt hátt sótspor sojabaua sem oftar en ekki koma langt að.

Aðferð vísindafólkssins byggist á því að vinna próteinrikan safa úr grasinu sem svo er skipt upp í two hluta. Annars vegar prótein sem nýtist fyrst og fremst einmagadýrum eins og hænum og svínnum og hins vegar prótein sem nýtist fólk.

Vandamálið við framleiðsluna, hingað til, hefur verið sú staðreyni að próteinið sem ætlað er fyrir fólk hefur haft sterkt bragð af grasi.

Nú hefur vísindafólk háskólangs náð afgerandi áfanga í þessari viðleitni, þ.e. að gera grasperótein nýtanlegt fyrir fólk, en áfanginn felst í því að þeim hefur nú tekist að framleiða grasperótein sem ekki bragðast eins og gras. Próteinið er sem sagt bragðlaust og er því mögulega tækt til matargerðar.

Danir horfa hýr auga til vinnslu á próteini úr grasi, ekki einungis til þess að geta nýtt það í matargerð heldur ekki síður sem prótein í fóðri búfjár og munu þarlendir bændur því verða enn sjálfbærari. Fyrir land eins og Ísland, þar sem gras vex í miklum mæli og vífða vannýtt en grasaðt land, gæti þessi nýja aðferð opnað á ótal áhugaverða möguleika fyrir bændur landsins.

/ss

er að sumir gripir eru betur settir til þess að takast á við sjúkdómana en aðrir. Með hefðbundnum kynbótaaðferðum tekur þetta þó gríðlega langan tíma en með hinni nýju CRISPR-aðferð má ætla að flýta megi öllu þessu ferli gríðarlega.

En það eru ekki einungis sjúkdómar sem litíð er til, einnig hefur verið litíð til þátt eins og hitaþols og metanolosunar nautgripa svo dæmi sé tekið. Nú þegar eru til kynbótagripir sem þó mun herra hitastig en almennt þekkist, eiginleika sem skiptir verulegu málí fyrir kúabændur í heitum löndum. Með þennan eiginleika geta t.d. kýr tekist betur á við hærri umhverfishita án þess að lenda í svokallaðri hitastreitu. Talið er að með hinni nýju erfðateknini sé hægt að gjörbreyta stöðunni á skömmum tíma. Þetta getur skipt sköpum fyrir mjólkurframleiðsluna í heiminum enda er talið að hitastreita í kum valdi afurðaminnkun sem nemur milljörðum lístra mjólkur á hverju ári í heiminum.

Viðgerðir á óeskilegum eiginleikum

Það eru ýmsir eiginleikar í búfé sem eru óeskilegir, s.s. óheppilegar júgor- og spenagerðir hjá kum eða hreinlega erfðagallar sem geta jafnvel komið til vegna stökkbreytinga á erfðaefni. Stökkbreytingar koma fyrir regulega, við frumuskiptingar, og geta bæði verið til góðs eða ills. Oft verða bændur ekki varir við nokkur áhrif stökkbreytinga en stöku sinnum verða stökkbreytingar það slæmar að þær geta valdið skaða. Þekkt eru dæmi um þetta svo sem stökkbreytingar sem valda fósturvísisdauða, vansköpun eða einhverjum óeskilegum framleiðslueiginleikum. Stundum hefur einnig komið fyrir að kynbótanaut beri óeskilega eiginleika með sér, sem e.t.v. koma ekki fram fyrr en síðar meir. Hingað til hefur í raun þurft að hætta notkun á afkomendum svona kynbótagripa með tilheyrandi kostnaði og tapaðra framfara í ræktun og jafnvel tapaðs erfðabreytileika. Nú er aftur á móti horft til þess að með einfaldri erfðaefnisbreytingu megi hreinlega gera við erfðaefnið og fjarlægja hinum óeskilega eiginleika svo aðrir kostir kynbótagripanna geti nýst bændum sem best og sem mestum kynbótaframförum sé náð.

Auka tíðni sjaldgæfra eiginleika

Enn einn mögulegur kostur erfðaefnisbreytinga er að með aðferðinni má auka tíðni sjaldgæfra eiginleika án þess að eiga á hættu að auka skyldleikaræktun. Í dag er þetta ákveðið vandamál og t.d. erlendis, þar sem kollótt naut eru sjaldgæf öfugt við að Íslandi, eru bændum settar skorður við notkun á þessum nautum enda hætt við of

mikilli skyldleikaræktun ef nautin eru notuð í miklum mæli. Með því að breyta erfðaefninu, fyrir þessum eina eiginleika, væri í raun hægt að gjörbreyta stöðunni á heimsvisu án þess að lenda í nokkrum vandræðum með skyldleikarækt.

Breytt efnainnihald mjólkur

Í dag er vel þekkt hvernig erfðaefni kúa hefur bein áhrif á efnasamsetningu mjólkur, eitt þeirra sem nefnist DGAT1 stýrir t.d. fitusamsetningu mjólkur. Kýr með þetta gen framleiða meiri mjólkurfitu en aðrar kýr og hafa t.d. norskar rannsóknir sýnt að kýr með þetta gen skila um 40-50.000 ÍKR meiri tekjum á ári en aðrar kýr. Þetta gen er þó mjög sjaldgæft og t.d. í norska kúakyninu NFR er tflönn þess um 0,5%. Eins má nefna einstakar próteingerðir mjólkur, svo sem A2 sem tölveri var til umræðu á Íslandi fyrir aldarfjórðungi og talin einkar eftirsóknarverðr próteingerð. Ef hefðbundnar kynbætur væru notaðar, til þess að fjórla tíðni þessara sértæku gena í kústofnum, án þess að lenda í skyldleikaræktun, er ljóst að slíkt tæki áratugi þ.e. ef tíðnin er lág í upphafi. Gallinn við þá pá tímamengd er að markaðsforsendur gætu hæglega breyst á þessum áratugum og þegar tíðnin væri orðin há er allt eins mögulegt að afurðastöðvar pess tíma myndu kalla eftir annars konar efnasamsetningu mjólkurinnar. Með framangreindri tæknி væri hins vegar einfalt að hafa áhrif á tíðni þeirra gena sem hafa áhrif á framleiðslu einstakra verðefna sem kunna að vera eskilegar í mjólk. Því er talið, að með erfðaefnisbreytingu, megi betur svara kalli markaðarins á hverjum tíma svo hámarka megi mögulegar tekjur bænda.

Siðferðisleg álitamál

Prátt fyrir marga augljósa kosti notkunar á aðferðum sem geta breytt erfðaefnum búfjár eru ekki allir sammála því að vísindafólk eigi yfirhöfuð að breyta erfðaefninu með svona innngripi. Eðlilegra sé að gera þetta með hefðbundinni kynbótastarfsemi, þrátt fyrir að slíkt taki vissulega tíma. Inn í þá umræðu koma m.a. siðferðisleg álitamál s.s. hvort unnt sé að takmarka svona vinnu við búfé eingöngu. Ef tæknin nær mikilli útbreiðslu, og þekkingin á henni eykst og dreifist um heiminn, telja sumir að hætta sé á því að næst fari vísindafólk ið að snúa sér að mannkyrinu með tilheyrandi ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það er flestum ljóst að mikil framþróun á sér stað nú um stundir á þessu sviði og að afar erfitt verði að stöðva þá þróun. Því er dagljóst að mjög mikilvægt er hverri þjóð að setja skýrar reglur um notkun á tæknி sem hefur svona bein áhrif á samsetningu erfðaefnis.



SUPERWINCH – öflug spil á góðu verði

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af öflugum spilum sem henta fyrir jeppa, buggybíla og fjórhjól.

breytir.is



...Gæði þegar að er gáð

Rafstilling



Donaldson.
FILTRATION SOLUTIONS

Rafstilling S: 581-4991 Netfang: Rafstilling@rafstilling.is

Reki S: 562-2950 Netfang: Reki@reki.is

Skemmuvegur 46, Kópavogur

Geymslugámar með rennihurð



stolpigamar.is

Sérútbúnir 20 feta gámar með rennihurð.


Henta vel til að geyma búslóðir, frístundatæki eða lítinn vörulager.

Kynntu þér möguleikana á stolpigamar.is eða hafðu samband í síma 568 0100.

Stólpi Gámar



Rannsakendur á söndunum.



Lesið úr gögnum.



Dróni settur á loft.

Er stærstu eyðimörk Evrópu að finna á Íslandi?

Flest höfum við heyrt um Sahara-eyðimörkina og hvernig hún hefur stækkað undanfarna áratugi.

Sú stækkan er áhyggjuefní út af fyrir sig en afleiðingar stækunarinnar eru meiri en bara þær að stærra landsvæði fer undir sand með þeim afleiðingum sem það hefur á landnýtingu, þ.m.t. á tekifærin til matvælaframleiðslu. Auk þess eru áhrif líka möguleg á loftgæði, heilsu, loftslag, orkuframleiðslu og öryggi þar sem rykmyndunin á sér stað og á nærliggjandi sveði, svo örfá dæmi séu tekin. Til viðbótar getur ryk sem þyrlast upp frá Sahara einnig verið til vandræða langt frá upptökum. Það sama á við hér á landi.

Spurningunni hvort stærstu eyðimörk í Evrópu sé að finna á Íslandi er haegt að svara játandi enda eru stærstu sandauðnir allrar Evrópu að finna hér á landi. Og þær hafa áhrif langt út fyrir Ísland.

Ryk hefur gríðarleg áhrif á loftslagsþætti, vistkerfi og heilsu og öryggi fólks. Stærstu sandauðnir Evrópu eru á Íslandi, um 40.000 ferkilómetrar, og þær eru stærstu

uppsprettur ryks í Evrópu og á heimskautasvæðum (High Latitude Dust, HLD), með um 30–40 milljónir tonna af rykbornum efnunum á ári.

Pavla Dagsson-Waldhauserová, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur meðal annars beint rannsóknunum sínum að rykmyndun og afdrifum ryks frá Íslandi. Pavla hefur áður fengið styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til að vinna að því að svara spurningunni hver séu áhrif ryks frá Íslandi á loftslag heimskautasvæða. Pavla er einnig núverandi forseti Rykrannsóknafélags Íslands (RykÍs), leiðir vinnu undir Copernicusarætlun Evrópusambandsins, CAMS NCP Íslands, sem vinnur að því að bæta loftgæðamælingar og auka vitund á umhverfisáskorunum á Íslandi, til dæmis í tengslum við rykstorma og gosösku. Pavla tekur auk þess þátt í fleiri verkefnum og samstarfsverkefnum á Norðurlöndunum og á evrópskum vettvangi.

Rykstormar eru mjög tíðir hér á landi (fleiri en 135 á ári) og getur rykið borist þúsundir km. Sviðryk frá Íslandi er ekki notað í alþjóðlegum

líkönum og er Landbúnaðarháskóli Íslands eini aðilinn sem spáir fyrir um rykmengun á Íslandi (sjá QR kóða í lok greinar). Einnig skortir mælingar á loftgæðum á svæðum þar sem vöktunarmyndavélar sýna háa tíðni rykstorma, þó betur hafi gengið undanfarin ár að safna gögnum og er 2024 fyrsta árið þar sem samfelldar mælingar hafa verið framkvæmdar.

Mikilvægt er að fylgjast vel með ryki og rykstormum hér á landi því íslenskt ryk er annars eðlis en dæmigert meginlandsryk eða ryk frá Sahara er varðar lit, stærð, lögur og efnasamsetningu, sem breytir áhrifum á loftslag, heimskautasvæði, heilsufar o.fl.

Til þess að sjá heildarmynd rykmyndunar hér á landi er mikilvægt að:

i) nota „rykvöktun“ (dust monitoring) til að auka fræðilegan skilning á heimskautaryki og áhrifum þess,

ii) koma Íslandi inn í heimslíkön um rykframleiðslu og alþjóðlega þekkingu á ryki,

iii) ákvæða eðlisfræðilega

og jarðefnafræðilega eiginleika ryksins og bera það saman við annað heimskautaryk og Sahara-ryk,

iv) ákvæða áhrif íslensks ryks á heimskautasvæði (cryosphere), vistfræði hafsvæða, ský og skýjamynund og efnaræði veðrahvolfsins,

v) vakta flutning Íslandsryks inn á heimskautasvæðin og til Evrópu.

Af hverju eigmum við að safnagögnum um hálloftaryk á norðurslóðum?

Hálloftaryk á norðurslóðum getur haft margvisleg neikvað áhrif.

Ryk sem sest á snjó og ís getur gert yfirborð snjós og jökladekkra sem dregur úr endurspeglun sólarljóss. Þetta veldur því að meira sólarljós og þar með meiri hiti festist í snjó og ís í stað þess að endurspeglast, en það getur leitt til aukinnar bráðnar snjós og jöklar. Þetta stuðlar að hækkan sjávarmáls og flýrt fyrir loftslagsbreitingum.

Auk þess geta rykagnir dregið til sín sólarljós og hita og þar með hitað upp andrúmsloftið, sem getur breytt veðurkerfum og stuðlað að hlýnum

á ákveðnum svæðum, jafnvel langt frá uppruna ryksins.

Enn fremur verður meira af þurru landi berskjallað, þegar ís og snjór bráðna, sem skapar tækifari fyrir ryk að risa upp í andrúmsloftið í enn meira magni. Slíkt leiðir þá aftur til meiri dreifingar og enn frekari mógnunar hringrásaráhrifa.

Fleiri neikvað áhrif eru möguleg svo sem öndunarfæravandamál hjá mönnum og málleysingum jafnvel á svæðum langt frá rykmyndunarstað og áhrif sem snúa að öryggi, til að mynda akstursskilyrði í rykstormum, svo dæmi sé tekin.

Því er mikilvægt að norðurslóðaryk verði rannsakað enn betur og hefur Pavla Dagsson-Waldhauserová ásamt öðrum vísindamönnum verið við störf undanfarna daga á söndunum við Mýrdalsjökul. Þar myndast iðulega rykstormar, einkum þegar vindasamt er.

Höfundar: Pavla Dagsson-Waldhauserová, lektor og Steinar B. Aðalbjörnsson, verkefnastjóri hjá Lbh.

Náttúruperlur í umsjá Lands og skógar

Land og skógar er ný ríkisstofnun sem til varð við sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar í ársbyrjun 2024.

Hlutverk stofnunarinnar er meðal annars skógrækt, endurheimt og varðveisla birkiskóga og landgræðsla um land allt. Alls er vel á annað hundrað svæða um allt land í umsjá stofnunarinnar, samtals hátt í þrjú prósenti landsins að flatarmáli. Mörg þessara svæða eru skógi vaxin og eru því þjóðskógar samkvæmt lögum. Þjóðskógar eru ekki aðeins mikilvægir

fyrir náttúruna og umhverfið heldur einnig fyrir landsmenn alla og ferðafólk. Mörg þessara svæða eru rómuð sem útvistarsvæði í náttúru landsins, hvert með sína sérstöðu og sögu.

Pau skógar- og landgræðslusvæði sem eru í umsjá Lands og skógar bera áratuga starfi starfsfólks gömlu stofnananna, Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, gott vitni. Víðast var þar áður illa farið og jafnvel örfofa land. Með því að graða upp land hefur tekist að rækta upp myndarlega skóga um land allt og endurheimta birkiskóga

og önnur vistkerfi sem höfðu glatast. Þessi vistkerfi veita okkur margvislega þjónustu, svo sem að binda kolefni, nýta til útvistar og draga úr jarðvegsrofni. Pau eru einnig mikilvæg búsvæði fyrir fuglategundir og hafa almenn jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Meðal þessara svæða eru sum vinsælustu útvistarsvæði landsins. Fólk nýtt þau til almennrar útvistar, svo sem gönguferða, hjólaferða og útreiða. Þá eru skógarnir skjólgóð, röleg og friðsel svæði þar sem hægt er að njóta náttúrunnar og slaka á.

Dæmi um náttúruperlur sem eru í umsjá Lands og skógar eru Pórsmörk og Goðaland. Pórsmerkursvæðið er landsvæði sem tekið var til beitarfriðunar og skógværndar að tilstuðlan bænda í Fljótshlíð og kirknanna í Odda og á Breiðabólstað. Hófst verkefnið árið 1920. Skógrækt ríkisins girti svæðið af og græddi upp í samvinnu við Landgræðsluna, einstaklinga og ferðafélög á svæðinu. Svæðið er vinsælt útvistarsvæði þar sem saman blandast birkiskógar og fjölbreytt stórbrotið landslag í skjóli jöklar. Þá eru árið voru litlar birkitorfur á um 200 hektara svæði, umluktar örfofa landi, eru nú nokkuð samfelfdir birkiskógar sem ná yfir hátt í 1.500 hektara. Helstu verkefni Lands og skógar á svæðinu eru að viðhalda og byggja



Hekluskógar. Fræsöfnun af birki haustið 2024 í skógi sem gróðursettur var haustið 2007 á upprædda víkra.

upp gönguleiðir á svæðinu sem er í dag ein af fallegri og vinsælli útvistarperlum landsins.

Annað svæði sem vert er að nefna eru Dimmuborgir sem voru afhentar ríkissjóði til eignar og umráða árið 1942 með sérstökum samningi landeigenda jarðanna Kálfa- og Geiteyarjarstrandar. Sandgræðsla ríkisins, síðar Landgræðsla ríkisins, girti landið af og hafði umsjón með svæðinu um áratuga skeið. Í dag er umsjá svæðisins í höndum Lands og skógar í samvinnu við Umhverfisstofnun, en Dimmuborgir eru friðlystar sem náttúrvætti. Eftir að landið varð friðað fyrir beit og sandfok stöðvað óx upp skógar á svæðinu sem blandast á sérstæðan hátt við hraunmyndanir sem eru einstakar á heimsvisu. Svæðið er afar fjölsótt og hafa verið lagðar vandaðar gönguleiðir um svæðið.

Pessi svæði væru án efa ekki þær útvistarperlur sem þau eru í dag án aðgerða í landgræðslu og skógrækt. Jarðvegs- og gróðureyðing var það alvarleg þegar þau komust í umsjá ríkisins að við nytum þeirra ekki í dag ef ekkert hefði verið að gert.

Land og skógar vinnur að endurheimt vistkerfa og ræktun nýrra skóga á ýmsum stöðum á landinu. Sum svæðanna eru lítt þekkt, en munu án efa verða vinsælli til útvistar samfara auknum árangri. Eitt stærsta verkefnið kallast Hekluskógar og er þar unnið að endurheimta birkiskóga á um einu prósenti Íslands. Svæðið er í nágrenni



Í Dimmuborgum er einstakt samspil uppxaxandi birkiskógar og sérstakra hraunmyndana í 2300 ára gömlu hrauni.



Miklar breytingar hafa orðið á gróðurfari á þórsmerkursvæðinu síðustu áratugi. Fyrri myndin er tekin af Einari Guðjohnsen árið 1966 og sú yngri er frá 2018 tekin af Hreini Óskarssyni.

Heklu og teygir sig allt frá Hellu í suðri upp í Hrauneyjar í norðri. Þar hefur birki verið gróðursett í lundi og stuðlað að útbreiðslu birkiskóga á svæðinu með uppgræðslu lands. Hólasandur norðan Mývatnssveitar er annar eyðisandur þar sem unnið hefur verið að endurheimt vistkerfa og skóga á síðustu áratugum, fyrst með uppgræðslu og svo með gróðursetningu birkis og annarra tegunda. Straumshraun í nágrenni Hafnarfjarðar, Hvítstaðir á Mýrum, Arnaldsstaðir í Fljótsdal og Langehra við Odda á Rangárvöllum eru dæmi um lítt þekkt svæði í umsjá Lands og skógar sem engu að síður eru opin almenningi, jafnvel þótt gönguleiðir og merkingar þeirra séu skammt á veg komnar. Sumir kjósa að sekja sílf svæði heim og njóta útvistar á fáförmum slóðum frekar en á þeim fjölmennari, en meðal þessara svæða gætu hæglega verið náttúruperlur framtíðarinnar.

Svæðin í umsjá Lands og skógar eru ómetanlegur þáttur í verndun náttúru á Íslandi. Þau eru mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni, jarðvegsvernd, vatnsvernd og loftslagsmál. Með því að vernda og þróa gróðurfar pessara svæða og aðgengi að þeim tryggjum við að komandi kynslöðir geti notið þeirra engu síður en við sem nú lifum.

Höfundar: Hreinn Óskarsson, Gísta Magnús Ásbjörnsson og Pétur Halldórsson.



Heyskapur á Miðfossum. Ein af grunnstoðum þróunar íslensks samfélags er öruggur landbúnaður.

Nýtt meistararanám í sjálfbærum landbúnaði og byggðaþróun

Öflugur landbúnaður, í sátt við umhverfi og samfélag, er ein af grunnstoðum þróunar íslensks samfélags til framtíðar, ekki síst með tilliti til fæðuþryggis og byggðaþróunar.

Pekking sem samtvinnar grundvallaraðri landbúnaðarvínsinda við umhverfisvínsindi, nýsköpun, félagsvíndum og þróun byggðar er því mikilvæg fyrir okkar samfélag. Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskóli Íslands ákváðu því að taka höndum saman og fengu styrk frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu til þess að skipuleggja nám á meistarastigi á þessu svíði. Niðurstaða þess er sú að haustið 2025 verður hægt að hefja meistararanám sem hefur fengið nafnið Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun. Námið er ætlað bæði innlendum og erlendum nemendum og verður kennt á ensku. Skráning í námið verður opnuð í vetrur. Nemendur munu annars vegar geta valið um það að innrita sig í þverfræðilegt meistararanám í umhverfis- og auðlindrafræði við Háskóla Íslands og tekið þar kjörsviðið Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun, og hins vegar í meistararanám í búvíndum við Landbúnaðarháskóla Íslands með áherslusviðið Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun. Með þessu samstarfi er hægt að byggja á grunni beggja háskóla og auka samstarf þvert á stofnanir þar sem kennarar beggja háskóla munu koma að kennslu og leiðbeiningu í náminu. Fjölmörg þemu tengjast umræddu kjörsviði/áherslusviði sem hafa mikilvæga skírskotun til áskorana nútímans, t.d. landbúnaðarkerfi og framleiðsla, fæðukerfi og fæðuþryggi, stefna og stuðningur stjórnvalda, þar með talið stjórnkerfi

og stjórntæki hins opinbera, hagsæld og hringrásarhagkerfi, loftslagsbreytingar, byggðaþróun og nýsköpun í dreifbýli, sjálfbær landnýting o.fl.

Par sem hugmyndin var að þetta nám myndi undirbúa nemendum undir raunveruleg verkefni bæði hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu var haldin vinnustofa, sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) skipulagði í ágúst 2024, til þess að kalla eftir hugmyndum og umræðum meðal hagaðila um þætti sem mikilvægt væri að námið næði til. Vinnustofan var vel sótt og voru þáttakendur 43 talsins og mikil breidd var í hópnum. Þáttakendur komu meðal annars frá RML, Umhverfisstofnun, Matís, Bændasamtökunum, Landi og skógi, PWC, Samtökum sveitarfélaga, Deloitte, Eflu, Austurbrú, Eim, Orkideu, Neytendasamtökunum og Byggðastofnun, að ótöldum starfsmönnum Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í kjölfar vinnustofunnar var ljóst að mikill áhugi er á námi af þessu tagi og hagaðilar komu með verðmætar tillögur inn í þá vinnu sem fram undan er við þróun námskeiða. Með þessu nýja námi er verið að sameina krafta beggja skóla í því að mæta eftirspurn eftir mikilvægi þekkingu og byggir á því besta sem báðir skólar hafa upp á að bjóða.

Í verkefnistjórn um undirbúning námsins eru Brynhildur Davíðsdóttir og Jón Geir Pétursson, prófessorar við Háskóla Íslands, Jóhanna Gísladóttir og Jón Hjalti Eiríksson, lektorar við Landbúnaðarháskóla Íslands og Björn Helgi Barkarson, skrifstofustjóri í matvælaráðuneytinu.

Höfundar: Jóhanna Gísladóttir og Jón Hjalti Eiríksson, lektorar við Lbh.

Rafknúnir skrúbbbar

Motorscrubber er kraftmikill og fjölhæfur hreinsibúnaður sem tryggir skilvirk og hröð þrif. Skrúbburinn hefur langt og létt skaft sem auðveldar þrif á svæðum sem erfitt er að komast að.

Öflug rafhlaða skilar allt að 3 klukkustundum af þráðlausum vinnslutíma.

Motorscrubber kemur með fjölbreyttu úrvali bursta sem henta fyrir mismunandi gólfefni og yfirborð, sem gerir hann fullkominn fyrir ýmis verkefni. Hann er frábær fyrir þrif á gólfum, veggjum, stigum og jafnvæl heitum pottum.

Kynntu þér Motorscrubber á Storkaup.is

Stórkau ehf. | Skútuvogur 9 | 104 Reykjavík
Sími 515 1500 | storkaup@storkaup.is

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM**

IS HURÐIR

www.ishurdir.is

564-0013 | 865-1237



SnowEx®

VETRARBÚNAÐUR

Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðatæki sem endast.

Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is




Lífræni geirinn verðskuldar prófessorsstöðu

„Vísindi efla alla dáð“, kvað náttúrufræðingurinn orðhagi, Jónas Hallgrímsson, fyrir miðja 19. öld. Pað reyndust orð að sönnu.

Án margvíslegra vísindarannsókna, búnaðarfraðslu og leiðbeininga til bænda um fjölda ára væri íslenskur landbúnaður ekki sá máttarstólpi bæði fæðu- og matvælaöryggis sem hann er í dag. Þar hafa vísindin komið viða og mikilvægt við sögu. Fjöldi vel menntaðs fólkus hefur starfað á margvíslegum stofnunum landbúnaðarins og gerir enn þótt þeim fræðasetrum hafi faekkað samfara miklum breytingum í hinum ýmsu búgreinum.

Eftir að orkufrek áburðar- og eiturefnanotkun hafði farið vaxandi í landbúnaði um marga áratuga skeið, með mikilli mengun og öðrum umhverfisspjöllum, verður nú viða vart umtalsverðra stefnubreytinga í heiminum. Sem betur fer lagði íslenskur landbúnaður aldrei langt inn á þessar brautir einhæfrar ræktunar nytjajurta og þéttbærar verksmiðubúskapar og því erum við að ýmsu leyti betur í stakk búin til að takast á við loftslagsmálin en flestar aðrar þjóðir. Þá er magn óeskilegra efna í innlendri framleiðslu með því minnsta sem þekkist í landbúnaðarafurðum. Hér varð sem betur fer aldrei sú lyfja- og hormónaveðing við kjöt- og mjólkurframleiðslu sem þekkist víða erlendis. Varphænurnar eru ekki lengur í búrum og verið er að gera rískar kröfur til velferðar búsfjárár.

Mikið starf er þó fram undan í þeiri viðleitni að gera landbúnað umhverfisvænni. Pað sést m.a. glögglega á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins að þar er lífrænum landbúnaði ætlað mjög stórt hlutverk á næstu áratugum. Lífrænn búskapur gengur lengra í átt til sjálfbærni en aðrir



framleiðsluhættir hafa upp á að bjóða, og áhersla er lögð á bæði fæðu- og matvælaöryggi í samræmi við óskir neytenda sem kaupa lífrænt vottaðar afurðir í sívaxandi mæli.

Því miður hefur lífrænum landbúnaði ekki vaxið fiskur um hrygg hér á landi með sama hætti og í nágrannalöndum okkar. Þau þáttaskil hafa þó orðið að 24. ágúst í sumar birti matvælaráðuneytið aðgerðaætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu þar sem sú stefna er mótuð að 10% íslensks landbúnaðarlands skuli hljóta lífræna vottun fyrir 2040, mikil breyting frá 1–2%. Áætluninni fylgdi úr hlaði Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir ráðherra. Þar eru kynntar margvíslegar leiðir til að efla lífræna geirann, bent er á veikleika, en jafnframt talin upp margvísleg söknarfari til nýsköpunar, án pess að nota tilbúinn áburð, eiturefni og erfðabreytta sáðvöru.

Pað hefur verið vitað um áratuga skeið að ein helsta hindrun æskilegrar og eðligelegar próunar lífræna geirans hér á landi er alltólf lítið rannsóknastarf í þágu hans með viðeigandi fræðslu og leiðbeiningum í stofnunum landbúnaðarins. Eftir kynni míni af grósku slíkrar starfsemi í mörgum erlendum menntastofnum þar sem lífræna ræktun hefur verið tekin föstum tökum, einkum undanfarin 30 ár, er aðgerðaætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu mikil fagnaðarefn. Þar eru stefnumarkandi skilaboð mjög skýr, sérstaklega til Landbúnaðarháskóla Íslands sbr. eftirtalda þrjá liði skýrslunnar:

1) „*Stofnuð verði staða prófessors í svíði lífrænnar framleiðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands og staðan mönnuð sérfræðingi sem uppfyllir hæfniskröfur.*

2) „*I framhaldi af stofnun prófessorsstöðu verði komið á sér takri námsbraut um lífræna framleiðslu á háskólastigi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þannig verði námsframboð skólangs á þessu svíði aukið og aðgangur framleiðenda og annarra að endurmenntun bættur.*

3) „*Gerður verði sérstakur samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands um skyldunámskeið um lífræna framleiðslu við upphaf háskólanáms við skólan“*

Varla verða skilaboðin til helstu rannsókna- og kennslustofnumnar landbúnaðarins skýrari. Nú þurfa vísindin vissulega enn að efla alla dáð.

Að mínum dómi verðskuldar lífræni geirinn svo sannarlega prófessorsstöðu við Landbúnaðarháskólann sem allra fyrst.

Ólafur R. Dýrmundsson, fulltrúi Íslandsdeilda Evrópuhóps lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM Organics Europe). oldyrm@gmail.com



Saga skógræktar á Íslandi

Fyrir langa löngu uxi alls konar plöntutegundir á Íslandi, sem nú pykja framandi, svo sem risavaxinn mammútviður, degli, beyki og eik. En svo kom ísöld.

Pegar Norðmenn gáfu Íslandi fyrst auga var landið þakið þókkafullum birki- og reynitrjám, alla leið frá fjöru til jökla. Landið var svo búsaðarlegt að þeir hófu landnám.

Fyrir old síðan hafði folk áhyggjur af jarðvegi sem fyki á haf út. Pað þótti augljóst að svörðurinn var að gefa eftir og yfirborðsgróðurinn var mjög viðkvæmur.



Skógrækt og landgræðsla á vegum ríkisins rekja upphaf sitt til laga um skógrækt og varnir gegn uppblestri lands sem sett voru árið 1907. Samkvæmt þeim átti hvort tveggja að vera verkefni embættis skógræktarstjóra, og svo var til ársins 1914 þegar umsjón með landgræðslu var flutt til Búnaðarfélags Íslands. Eftir það þróuðust verkefni í skógrækt og landgræðslu í sitt hvoru lagi í 110 ár. Nú er nýtt upphaf og

Áhugaleikhús:

Listin að lifa

Nýverið frumsýndi Leikfélag Selfoss leiksýninguna Listin að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Jónheiðar Ísleifsdóttur sem eingir er formaður félagsins.

Verkið skrifði Sigríður Lára upphaflega í tilefni 40 ára afmælis Leikfélags Fljótsdalshéraðs árið 2006 og í kjölfarið var pað valið sem áhugaleiksýning Þjóðleikhússins veturninn 2006–2007. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem Sigríður Lára sest við að semja en hún hefur skrifð leikrit síðan 1999 fyrir ýmis leikfélög, m.a. Stúdentaleikhúsið og Hugleik.

Alls taka fimm leikarar þátt í sýningunni, sumir að stíga sín fyrstu skref á meðan aðrir eru heldur sjóaðri. Verkið fjallar um vinina þau Didda, Duddu og Dúu en þeim er fylgt gegnum lífið frá barnæsku til grafar. Má nærrí geta að gengur á ýmsu sem lífið byður upp á, ástarmál, Alzheimer og allt þar á milli.

Leikfélag Selfoss hefur verið starfrekt frá ársþyrjun 1958, en var sett á fót fyrir tilstöðlan Kvenfélags Selfoss. Síðan 1988 hefur leikfélagið haft til fullra afnota gamla iðnskólahúsið á Selfossi sem nú er kallað Litla leikhúsið við Sigtún.


Sjötta sýning er í dag, fimmtudaginn 7. nóvember, kl. 20.00 en alls verða tíu sýningar og því hver að verða síðastur að festa sér miða. Naestu sýningar eru þann 8., 10., 15., og 16. nóvember – allar klukkan 20 nema sýningin þann 10. nóvember sem er klukkan 17. Sýnt verður í Litla leikhúsini við Sigtún, miðasala fer fram á tix.is og miðaverðið 3.500 kr.



Í aðalhlutverkum eru Guðrún Ósk Guðjónsdóttir, „Dudda“, Ársæll Hjálmarsson, „Diddi“ og Sigríður Hafsteinsdóttir, „Dúa“. Mynd / Guðmundur Karl Sigurðrússon.

**BETRA
FYRIR PIG,
VÉLINA PÍNA
OG NÁTTÚRUNA**

Hreinna eldsneyti
0% etanol



Finndu þinn söluaðila á
www.aspenfuels.is

ASPEN®
FUEL FOR PROFESSIONALS



erfitt að segja til hvers það leiðir eða hversu lengi það stendur.

Bökk sé Dönum, snemma á tuttugustu öldinni, barst nægileg þekking til Íslendinga til að reyna notadrjúgar trjátegundir til ræktunar. Fjölmargar tegundir og ýmiss konar tilbrigði við ræktunina voru prófaðar. Árangurinn var upp og niður, en þó kom það oftar en ekki á óvart hvað hrjóstrutt landið okkar gat gert til að fóstra þessar litlu plöntur.

Skógrækt ríkisins, sem ádur og eftir hét Skógræktin, hélt ræktuninni til streitu í öllum landsfjórðungum, á landi sem nú gegnir hlutverki þjóðskóga. Í þjóðskógunum eru nú okkar stærstu og tigarlegustu tré, þar sem mörg vaxa með sama þrótti og þau gera í Skandinávium.

Ahugi meðal almennings óx og í ungmannafélagsanda voru gróðursettir enn fleiri skógar undir merkjum Skógræktarfélags Íslands. Skógrauðlind Íslendinga var að vaxa úr grasi. Seint á öldinni sem leið hófst skógrækt á bújörðum. Ríkið hvatti bændur til nytjaskógræktar og fjármagnaði að mestu nýskógrækt á þeirra landi. Bændur fengu fyrir vikið uppvaxandi skóg og allar þær nytjar sem af þeim hlutust, skuldaust.

Nú hefur Landgræðslan, Skógræktin og skógrækt á bújörðum verið sameinuð undir einn hatt, sem heitir Land og skógr. Sú stofnun mun vera þekkingar og rannsóknarbrunnur inn í komandi framtíð. Skógarbændur,

sem ádur stóðu saman undir flaggi „Landssamtaka skógar eingenda“, eru nú vaxandi búgrein innan Bændasamtaka Íslands.

Ávinnungur skógræktar er ótvíraður. Hann er raunverulegur. Á Íslandi ræktum við margar álitlegar trjátegundir. Búpeningur nýtur skjóls í bodi trjánna. Almenningur nýtur útvistar. Uppskera er tryggari og meiri með skjólbelтum. Og ótal margt fleira.

En tímarnir breystast á meðan skógrinn vex. Meginbyggingar efni trjánna, kolefnið sem fyrirfinnst í andrúmsloftinu, er nú einnig orðið meginþjármögnum nýskógræktar víða um veröld. Sjónarmið nytjanna, landbottanna, skjólsins, viðarins og útvistarinnar eru nú komið í önnur sæti.

Er markaður kolefnisbindingar að taka yfir? Hvernig lítur framtíð skógræktar út fyrir næstu kynslóðir Íslands? Sagan segir okkur að þótt ný tegund skógar yntja líti dagsins ljós hverfa þær gömlu ekki þar með. Timburframleiðsla, útvist, jarðvegsvernd o.m.fl. hætta ekki að vera mikilvæg hlutverk skóga þó að kolefnisbindingar bætist við.

Kúnstein mun felast í því að láta öll hlutverkin vinna saman á sem hagfeldastan hátt fyrir skógar eingendur og samfélagið allt.

Höfundur er starfsmaður búgreinadeilda skógarbända.

VERSACE
CERAMICS

Flisabúðin

Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfjörður
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

**VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“**



EXIDE rafgeymar

Með tilkomu sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækja sem eru búin sérhæfðum rafbúnaði, hefur þörfin fyrir öfluga og trausta rafgeyma aukist.



Skannaðu QR kóðann og finnud rétta rafgeyminn fyrir þitt farartæki

Fyrirtækjajónusta Olís
Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu
Hafðu samband við sérfræðinga Olís
í síma 515 1100 eða pontun@olis.is

olis

Hreinir gripir – til hvers?

Hreinleiki dýra á búi getur haft áhrif á bæði matvælaöryggi og á velferð dýra. Matvælastofnun skoðar hreinleika dýra í reglubundnu eftirliti á búi og daglega í sláturhúsi og telur þörf að skýra mikilvægi þessara atriða.

Bóndi getur spurt sig: „Hvaða máli skiptir að gripir séu ávallt hreinir og að hverju fæ ég minna greitt fyrir skrokk af óhreinum grip?“

Til að svara þessu þarf að skoða málið frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, þ.e. frá matvælaöryggissjónarmiði og frá dýravelferðarsjónarmiði.

Matvælaöryggissjónarmið

Með óhreinum sláтурgrípum er heilbrigði manna ógnað og rétt meðferð við slátrun skiptir miklu máli. Í umhverfi gripa og meltingarvegi finnast E. coli bakteríur, sem eru flestar skaðlausar, en sumar eru Shigatoxin myndandi E. coli (STEC) sem bera gen sem skrá fyrir eiturefnum sem geta valdið veikindum (meinvirknigen). Matvælastofnun greindi frá skimun á tilvist sjúkdómsvaldandi baktería í íslensku óhitameðhöndluluðu kjöti á markaði hérlands árið 2018. Þar kom fram að STEC meinvirknigen fundust í tæplega 30% sýna af lambakjöti og 11,5% sýna af nautgripakjöti. Óhreinindi í umhverfi geta fundist á óhreinum gripum.

Verkun í sláturhúsi

Fyrir sláturhúsini er gerlegt að slátra óhreinum gripum á snyrtilegan hátt, en það er mun kostnaðarsamara en að slátra hreinum gripum. Til þess að ná sömu gæðum á afurðum af óhreinum grip og af hreinum



Dýralæknir í sláturhúsi gerir athugasemdir þegar óhreinir gripir koma í sláturhús og skýrla er senda á viðkomandi bónda.

Mynd / Mast

einnig krossmengunarhætta með mögulegri mengun frá óhreinum afturfótum niður fyrir skrokk og með mögulegri svífmengun af rökudum óhreinum hárum. Auk þess þarf að verja töluverðum aukatíma í að snyrta skrokkinn í lok slátrunar.

Það er að ábyrgð sláturhússins að meta hættuna af mengun og í ákveðnum tilvikum þarf að taka sýni af skrokk og mæla hvort það greinist óæskilegt magn örvera. Því þarf að horfa vel yfir grip sem er á leid í sláturhús, sérstaklega á kvið, lærí og afturfætur.

Tulkun gagna

Samkvæmt gögnum Matvælastofnunar vegna skoðunar á búum með mjólkurkýr og/eða nautgripi fyrir árið 2024 var tíðni athugasemda um hreinleika gripa á viðkomandi búum 2 %, þ.a. 2% alvarleg tilvik og 2023 var tíðni 23%, þ.a. 1% alvarleg tilvik. Oftast bregst eigandi dýra við og hreinsar gripina.

Yfirlit yfir fjölda óreinna sláтурgrípa sem er slátrað í íslenskum sláturhúsum liggur ekki fyrir hjá Matvælastofnun sem stendur, né heildaryfirlit yfir hversu óreinir sláтурgríp eru. Í leiðbeiningabæklingnum „Eftirlit með velferðarpáttum og merkingum slátdýra“, sem Matvælastofnun gaf út 2023, er hreinleiki flokkaður í 4 flokka með skýringarmyndum (sjá mast.is, matvælafyrirtæki, sláturhús, hreinleiki dýra).

Í Noregi hafa óreinir sláтурgríp fengið mikla athygli þar sem E. Coli (STEC) sýklar hafa mengað nautahakk og valdið sýkingum í mönnum. Þar er tíðni óreinna sláturgrípa 7% að meðaltali af öllum slátrúðum stórgripum. Tíðnin er háð því um hvaða nautgripakyn er að ræða. Hæst er tíðnin í holdanautum og blendingum af þeim, en lægst í léttari kynjum. Hefðbundnar mjólkurkýr eru með miðlungs tíðni.

Athyglisvert er að í Noregi eru flestar athugasemdir gerðar vegna hreinleika í kjótflokkunum O og P fyrir kálfa og ungneyti en í flokkunum U og R fyrir kýrnar. Að mati Animalia, ráðgjafarsamtökum fagaðila í Noregi, er dæmigerður órein sláтурgrípur; gripur sem er í frekar lökum holdum og hefur vaxið hægt. Einnig virðist vera að flestir óreinir gripir komi oft frá sama aðila.

Fyrir utan þá ágalla sem verða við slátrun á óreinni gripum og hafa verið nefndir, þá er vitað að geymslupol afurða af skrokk frá óhreinum grip er skemmi en afurða af hreinum skrokk.

Matvælastofnun stefnir að skerpa á eftirliti með verklagi um vinnslu gripa sem flokkast óreinir í sláturhúsum og bæta gagnasöfnun til að fá betri mynd af stöðunni.

Erlendis er verið að þróa notkun á flúorgerislataknii til að mæla mengun á skrokum strax eftir fláningu og stofnun fylgist með þeiri þróun.

Dýravelferðarsjónarmið

Í nútímasamfélagi er vitund almennings um dýravelferð að aukast til muna. Þolmörk almennings fyrir lélegri dýravelferð og óreinindum á dýrum hefur minnkað og tengir almenningur gjarnan óhreinindi við sláma búskaparhætti. Vitundarvakning hefur einnig orðið í þekkingu almennings á hættunni sem getur fylgt óreinindum, bæði fyrir gripinn sjálfan og einnig þá sem neyta afurða hans, kjöts eða mjólkur.

Óhreinn feldur hefur áhrif á velferð dýranna eins og fram kemur

hér að ofan. Óhreinindi í feldi minnka einangrunargildi hans þannig að viðkomandi gripur á erfiðara með að halda á sér hita. Þetta á við hvort heldur sem feldurinn er þurr eða blautur, en það segir sig sjálf að sé feldurinn bæði blautur og óhreinn er einangrunargildi hans nánast ekki neitt og viðkomandi gripur getur ekki varist kulda. Þegar einangrunargildi feldar er orðið lítið þannig að gripurinn er óvarinn fyrir hitabreytingum vegna þess, má leiða getum að því að það geti farið að hafa áhrif á vöxt og jafnelv afurðamagn. Ef feldurinn er mjög óhreinn getur það einnig valdið kláða í húðinni, í slænum tilfellum geta óhreinindi í feldi valdið húðbólum og jafnelv brunasárum þegar skítakleprar ná alveg inn að húð.

Fyrirbyggjandi aðgerðir á búi

Hvað er hægt að gera til að bæta ástandið? Ljóst er að sláтурgrípmir geta orðið óreinir í eldi hjá bónda. Því er eðlilegt að skoða við hvaða aðstæður sláтурgríp eru aldir heima á bæ.

Nokkur atriði sem ber að huga að til að fyrirbyggja óreina gripi:

- Hvernig er húsnæðið, er til staðar húsnæði fyrir gripina, eru stífur í vel loftræstu fjósi sem uppfylla kröfur reglugerðar? Eða er það gámur, gömul hláða, skúr, fjárhúskró fyrir nautgripi sem þarf að bæta?

- Hvernig er ástandið á húsnæðinu? Er því vel halddið við, er það hannað fyrir dýrategundina og er húsnæðið einangrað, hafa gripimir aðgengi að þurru legusvæði?

- Hvernig er þéttleikinn á gripunum í rýminu – fjöldi gripa á fermetra? Hvað er opíð milli rimlanna í gólfini breitt – hentar það fyrir dýrategundina? Eru gripirnir á heilgölfí og undirburði, s.s. hálmi? Er undirburðurinn nægilegur? Er svæðið þurr eða veðst það upp í á hluta gólfflatar eða öllu gólfini? Er loftræsting til staðar – er hún nógur öflug? Eru viftur tengdar og er öruggt að þær virki sem skyldi?

Fóðrun – nokkur atriði:

- Er notað kjarnfóður fyrir gripina – og þá hvaða? Hvernig er heyið – gæði, innihald trénis? Hvernig beitarland er notað fyrir gripina? Eru þeim beitt á tún, grænfóður eða úthaga?

- Hafa allir gripir stöðugan aðgang að hreinu, ómenguðu drykkjarvatn?

Aðrir þættir – nokkur atriði:

- Eru gripir rakaðir að hausti – er



Freydis D.
Sigurðardóttir.



Jarle Reiersen.



Sigurbjörg Ó.
Bergsdóttir.

ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI

- Hönnun og ráðgjöf
- Framleiðsla
- Uppsetning
- Verkefna- / byggingastjórn



Súlur
stálgrindarhús
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og
íbúðarverkefni

669 0803

kristjan@sulurehf.is

www.sulurehf.is



Það er auðvelt að halda gripum hreinum í sumarhögum en meiri fyrirhöfn þegar þeir eru á húsi.

það framkvæmanlegt? Er gerlegt að þrífja óhreina sláturgripi áður en þeir fara í slátrun? Hefur bóndi komið sér upp aðstöðu til þess að geta meðhöndlað sína gripi við t.d. rakstur, endurmerkingu eða meðhöndlun sjúkra gripa, s.s. eins og læsigrindur eða tökubás?

- Hefur bóndi möguleika á að beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir óhreinindi?

Áframhaldandi aðgerðir

Animalia í Noregi er að fara af stað með átaksverkefni þar sem bændur sem skila reglulega óhreinum gripum til slátrunar er veitt ráðgjöf. Einnig eru sláturleyfishafar í Noregi að hækka verðfellingar vegna óhreinna sláturgripa til þess að

hvetja til að sláturgripum sé skilað hreinum til slátrunar. Hérleidis eru sláturleyfishafar að verðfella afurðir af óhreinum sláturgripum eins og áður kom fram og við kjótskoðun eru gerðar frávikaskýrslur vegna alvarlega óhreininda sláturgripa og skýrsla send til bónda.

En betur má ef duga skal og hérleidis stöndum við frammi fyrir áskorun við að taka betur á þessum málum. Til þess að árangur náist, þarf gott samstarf milli bænda, ráðgjafa í landbúnaði, sláturleyfishafa og heilbrigðisfyrvalda.

Fyrir utan ofantalið má taka fram að húdir af óhreinum sláturgripum eru almennt verðlagðar lakara en húdir af hreinum gripum, þar sem sár og húðbólur geta veikt húdina í vinnslu.

Niðurstaðan er að slátrun á hreinum gripum eykur matvælaöryggi og felur í sér sparnað í sláturkostnaði og aukin verðmæti afurða.

Pannig að þegar bóndi spryr sig; hvaða máli skiptir að gripir séu ávallt hreinir og af hverju fæ ég minna greitt fyrir skrokk af óhreinum grip? er ljóst að hann ætti frekar að spryja sig; hvernig tryggi ég að mínir gripir séu hreinir, og þar með sem best matvælaöryggi og góða dýravelferð? Margir eru með þetta allt á hreinu og njóta góðs af.

Heimild: Janne Holte: Fyrirlestur á fagfundí í Animalia 11.09. 2024

Höfundar: Jarle Reiersen, Sigurbjörð Ó. Bergsdóttir, Freydís D. Sigurðardóttir, starfandi hjá Matvælastofnun.



Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða 2024/25

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300
Borgarnes	Biggi Upp ehf	691-4995	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Görðum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Saurbær	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Króksfjarðarnes	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Barðaströnd	Biggi Upp ehf	691-4995	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Þingeyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Flateyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Ísafjarðardjúp	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Hólmavík	Biggi Upp ehf	691-4995	Kristján Guðmundsson	892-4646
Bitrufjörður	Biggi Upp ehf	691-4995	Kristján Guðmundsson	892-4646
Borðeyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Hvammstangi	Ullarpvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarpvottastöð	483-4290	Lífland Blönduósi	540-1155
Sauðárkrúkur	Ullarpvottastöð	483-4290	Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Eyri	455-4610
Akureyri	Bændaverk ehf	865-0240	Bústólpí Oddeyrargötü	460-3350
Húsavík	Bændaverk ehf	865-0240	Heimamenn ehf	891-8800 464-2100
Mývatn	Bændaverk ehf	865-0240	Heimamenn ehf	891-8800 464-2100
Kópasker	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Jón R. Gíslason, Fjarðarvegur 25	892-0632
Vopnafjörður	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Bændaverk ehf	865-0240	Landstólpí	480-5610
Höfn	Biggi Upp ehf	691-4995	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Biggi Upp ehf	691-4995	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Biggi Upp ehf	691-4995	Verslunin Aldan	696-6816
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840
Selfoss	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840

Vinsamlega gætið að því að hafa aðeins 20-25 kg í hverjum ullarpoka. Ullarpokar eru aðeins fyrir ull!

www.istex.is og www.ullarmat.is

DÆLUR FYRIR KRÖFUHARÐA



FÁLKINN **ÍSMAR**
IDNVÉLAR

DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 510 5100 | FALKINNISMAR.IS
IDNVELAR.IS

Fóðurgildi (g/kg þe)	Fjöldi	Þurrefni	Aska	MLE (%)	Prótein	sHP*	NDF	iNDF**	Sykur	AAT20	PBV20	NEL20***
Fyrri sláttur	2024	862	509	75	76,9	156	536	498	148	52	92	14
	2023	1007	558	74	76,2	155	537	506	146	61	91	14
2. sláttur	2024	231	483	88	79,0	170	501	445	155	52	87	31
	2023	282	571	84	79,5	169	509	436	142	63	88	28
Grænfóður	2024	58	310	101	76,3	133	589	447	182	85	81	9
	2023	95	350	98	77,1	149	601	463	202	77	84	17
Rýgresi	2024	28	315	115	78,9	173	504	422	182	73	81	43
	2023	37	379	108	78,8	175	539	431	178	72	79	24

*g/kg prótein, **g/kg NDF, ***MJ/kg þe

Steinefni (g/kg þe)	Ca	P	Mg	K	Na	S
Fyrri sláttur	2024	3,93	2,85	2,36	19,0	1,28
	2023	3,96	2,89	2,38	18,8	1,27
2. sláttur	2024	4,90	3,20	2,99	19,3	1,85
	2023	5,35	2,86	3,05	17,2	2,31
Grænfóður	2024	4,18	2,20	2,14	20,3	4,52
	2023	4,80	2,33	2,34	22,2	4,40
Rýgresi	2024	4,89	2,51	2,45	27,2	4,73
	2023	5,30	2,58	2,62	25,20	4,40

Snefilefni (mg/kg þe)	Fe	Mn	Zn	Cu	Co	Se*	Mo
Fyrri sláttur	2024	237	90	30,9	7,6	0,228	352 0,396
	2023	248	90	32,0	7,7	0,148	371 0,487
2. sláttur	2024	263	103	31,3	8,9	0,332	286 0,471
	2023	257	107	32,0	8,4	0,129	306 0,690
Grænfóður	2024	1079	117	26,1	8,7	0,842	589 0,292
	2023	696	110	32,4	8,2	0,356	553 0,512
Rýgresi	2024	1157	102	27,0	9,9	0,889	538 0,376
	2023	987	105	32,7	9,7	0,528	549 0,594

*µg/kg þe

Frumniðurstöður heyefnagreininga 2024

Hér eru birtar fyrstu niðurstöður heyefnagreininga 2024. Þegar þetta er skrifð er búið að greina tæplega 1.200 heysýni sem gefur mjög góða vísbindingu um stöðuna á heysýnum yfir landið.

Hafa verður í huga að hér er verið að horfa á landsmeðaltal en breytileikinn á milli landshluta getur verið mjög mikill.

Fyrri sláttur

Að bera saman árin 2023 og 2024 sýnir ekki mikinn mun. Fyrri slátturinn er nokkuð blautari í ár en heyið er heldur orkurnakara með hærri meltanleika lífræns efnis (MLE). Prótein er mjög svipað milli ára en tréni (NDF) aðeins lægra í ár þó aðeins stærri partur af því sé ómeltanlegt (iNDF) en það gæti skýrt af erfiðara veðurfari í sumar.

Sykur er heldur lægri í ár en þar hefur sólarleysið nokkur áhrif. Kalsíum, fosför og magnesíum mælist ögn lægra í ár en kálium ögn herra. Heilt yfir virðist fyrri slátturinn vera betri í ár fóðurgildislega en spurning hvort lægra þurrefni og sykur hafi neikvæð áhrif á lytstugleika fóðursins.

Annar sláttur

Það er mjög líttill munur á milli ára á örðum slætti, þá helst meira NDF, herra iNDF og lægri sykur. Sömuleiðis er annar slátturinn tölувert blautari í ár en í fyrra. Ef við hins vegar horfum á steinefnin þá er töluvvert minna af kalsíum í seinni slættinum í ár en meira af fosför og kálium. Því mætti setja spurningarmerki við hvort lytstugleikinn í ár í örðum slætti sé ekki eins góður og í fyrra.

Grænfóður

Í grænfóðrinu í ár sést mesti munurinn milli ára en það er aðeins blautara og MLE töluvvert lægra sem lækkar nokkuð orkuna. Prótein er líka töluvvert lægra en við hjá RML höfum verið að sjá nokkuð af próteinlágum grænfóðursýnum. NDF er lægra í ár og sömuleiðis iNDF. Ef við horfum á steinefnin þá eru öll helstu steinefnin lægri í ár en í fyrra nema natrúum ögn herra. Hér sjáum við svona stærsta muninn á milli ára þar sem grænfóður er töluvvert lakara í ár en í fyrra.

Rýgresi

Líkt og í hinum tegundunum þá er rýgresið í ár nokkuð blautara en í fyrra en að örðu leyti mjög svipað og hér sjáum við ekki lækkun í

sykri og orkan er aðeins hærri í ár. NDF er aðeins lægra og er AAT20 og PBV20 nokkuð herra í ár í rýgresinu.

K a l s í u m , magnesíum og brennisteinn er heldur lægra.

Samantekt

Miðað við svona fyrstu niðurstöður heyefnagreininga er fóðurgildi gróffóðurs í ár svipað eða betra en í fyrra ef við horfum fram hjá grænfóðri. Þetta var krefjandi heyskaparár og greinilega hefur grænfóðrið átt erfitt uppdráttar en mönnum tekist að ná ágætum

gæðum í heyinu. Svo er spurning hvort til sé nægilegt magn af þessu heyi. Sömuleiðis er fóðrið blautara í ár sem getur komið niður á lytstugleika fóðursins og þar af leiðandi á fóðurinntökunni. Gripirnir þurfa þá einnig að innbyrða meira magn af fóðri til að ná sama þurrefni. Heilt yfir er tréni aðeins lægra í ár nema í seinni slættinum og getur það reynt meira á vambarumhverfið. Jórturdýr þola ekki eins vel kjarnfóðurgjöf og þurfa því meiri tíma og hægari upptröppun til að venja vambarumhverfið við kjarnfóðurgjöfina. Þegar fleiri niðurstöður liggja fyrir verður gert grein fyrir þeim niðurstöðum skipt upp eftir landshlutum.

Höfundur er ráðunautur í jarðrækt hjá RML.



DRAUMA SUMARHÚSIÐ Á NOKKRUM VIKUM

Í BYKO færðu CLT einingahús, áralanga reynslu, aðstoð við teikningar og margt fleira sem auðveldar þér lífið í framkvæmdum!

BYKO GERUM ÞETTA SAMAN



Frá undirritun viljayfirlýsingar um að styðja við uppbryggingu starfstöðva Náttúrufræðistofnunar á Vesturlandi.

Mynd / Stjórnarráðið

Nýjar höfuðstöðvar

Samkvæmt ákvörðun Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra verða höfuðstöðvar Náttúrufræðistofnunar á Akranesi og starfstöð á Hvanneyri.

Í júlí sameinuðust Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn í eina stofnun sem nefnist Náttúrufræðistofnun. Starfsmenn eru samtals áttatíu og dreifðir víða um landið. Frá þessu er greint í frétt á vef Stjórnarráðsins. Þar kemur jafnframt fram að

sameining stofnana hafi verið hluti af heildarendurskoðun og einföldun stofnanaskipulags ráðuneytisins. Sérstök áhersla var lögð á að fjölgja störfum utan höfuðborgarsvæðisins við endurskoðunina.

Hluti starfstöðvanna verður í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Í viljayfirlýsingu sem ráðherra undirritaði við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi segir að á Hvanneyri séu mikil tækifæri til samstarfs og samvinnu milli Náttúrufræðistofnunar og Landbúnaðarháskólags. /ál



Forsíðumyndin á nýrri Hrútaskrá, fallegt vorlamb á góðviðrisdegi.
Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Ný Hrútaskrá og hrútafundir

Von er á prentaðri útgáfu Hrútaskrárinnar mánudaginn 18. nóvember, þar sem 54 sæðingahrútar verða kynntir sauðfjárbændum.

Að sögn Eyþórs Einarssonar, ráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, eru þetta sex fleiri hrútar en í fyrra, þar sem lambhrútar eru 36 og því í meirihluta.

Venju samkvæmt verður útgáfu hennar fylgt eftir með fundum sem haldnir eru í samstarfi við Búnaðarsambandin viðs vegar um landið.

Eyþór segir að í Hrútaskránni séu kynntir 54 hrútar sem skiptist á sæðingastöðvarnar tvær, Sauðfjársæðingastöð Suðurlands í Þorleifskoti og Sauðfjársæðingastöð Vesturlands í Borgarnesi. „Aldrei hafa lambhrútar verið jafnmargir í skránni en nú og ástæðan er að við innleiðingu verndandi arfgerða er lögð áhersla á að stytta ættliðabilið. Öllum hrútum sem báru ARR og T137 arfgerðir og voru á stöðvunum á síðasta ári hefur nú verið skipt út fyrir nýja hrúta.“

„Á síðasta ári var góð aukning í notkun sæðinga miðað við árin á undan, sem væntanlega hefur bæði staðað af áhuga bænda fyrir notkun á hrútakostinum og áhuga fyrir innleiðingu verndandi arfgerða,“ heldur Eyþór áfram.

„Pá greiddi matvælaráðuneytið niður sæðingarkostnað ef sætt var með verndandi eða mögulega verndandi hrútum. Gert er ráð fyrir að bændur verði einnig studdir til sæðinga í ár á hrútum sem bera þessar arfgerðir. Þá var það mjög ánægjulegt að árangur sæðinga tók einnig framförum á síðasta ári en meðalfanghlutfall reyndist þá vera 74 prósent ef horft er til ósamstilltra áa sæddum með fersku sæði.“ /smh

Kynningarfundirnir sem verða haldnir um hrútakost nýrrar Hrútaskrár

Búnaðarsamtök Vesturlands, miðvikud. 20. nóv., Lyngbrekka, Borgarbyggð kl. 20:00.

Búnaðarsamtök Vesturlands, þriðjud. 19. nóv., Árblik, Dalabyggð kl. 20:00.

Búnaðarsamb. Húnab. og Stranda, þriðjud. 19. nóv., Sævangu, Steingrímsf. kl. 14:00.

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda, miðvikud. 20. nóv., Vífahlíð kl. 20:00.

Búnaðarsamband Skagfirðinga, sunnud. 24. nóv., Tjarnarbær kl. 20:00.

Búnaðarsamband Eyjafjarðar, miðvikud. 27. nóv., Búgarður, Akureyri kl. 20:00.

Búnaðarsamband S-þingeyinga, þriðjud. 26. nóv., Breiðamýri kl. 13:00.

Búnaðarsamband N-þingeyinga, mánud. 25. nóv., Svalbarð kl. 20:00.

Búnaðarsamband A-lands, mánud. 25. nóv., Valaskjálf (Þingmúli), Egilsst. kl. 13:00.

Búnaðarsamband Suðurlands, mánud. 18. nóv., Þingborg kl. 20:00.

Búnaðarsamband Suðurlands, þriðjud. 19. nóv., Hótel Smyrlabjörg kl. 14:00.

Búnaðarsamb. S-lands, þriðjud. 19. nóv., Icelandair Hótel Klaustur, Kirkjub. kl. kl. 20:00.



CFMOTO 625
1.289.516,- +Vsk.

Fjórhjól fyrir leik og störf



CFMOTO 450 1.087.903,- +Vsk. CFMOTO 520 1.168.548,- +Vsk. CFMOTO 850 1.595.967,- +Vsk. CFMOTO 1000 Touring Premium 1.934.677,- +Vsk.

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvbremsum, álfelgum og eru tveggja manna götuskráð T3b. Verð er án virðisaukaskatts. Allar nánari upplýsingar er að finna á nitro.is

Umboðsaðilar: KS, Sauðarkróki. Bikevik, Reykjanesbæ. Suður England, Selfossi. Lyngás, Hellu. AB varahlutir, Egilsstöðum. Bílaforritun North-East, Akureyri.



Við þrifum allar stærðir og gerðir af sótsíum



Einhellu 6
221 Hafnarfirði
tel. +354 8961083



Bárujárn, þakrennur & niðurföll



Er geitin með í framtíðinni?

Hvar stendur geitfjárrækt í nútíma landbúnaðri? Að slártíð liðinni flykkast geitabændur á hvers kyns markaði með kjöt sem þeir hafa lagt ómælda vinnu í.

Engin afurðastöð kaupir geitkjöt af bændum, því lendir vinnan á bændum sjálftum, sem telja hana margir ekki eftir sér, en augljóst má öllum vera að hún dregur samt úr öðrum, þeim sem ekki hafa aðstöðuna eða tímann, en einnig dregur það úr enn frekari stekkun stofnsins. Þar eru möguleikar fyrir framsæknar afturðastöðvar með sína þekkingu að koma að borðinu. Afurðirnar eru eftirsóttar hjá þeim sem þekkja til og hafa veitingastaðir tekið afurðir inn á sín bord við góðan orðstír og oftar en ekki eftirspurnin meiri en framboð.

Um síðustu áramót voru opinberlega skráðar 1.835 geitur á 117 búum. Af þeim eru færri en 10 bú með 50 geitur eða fleiri, flestir eru með á milli 10–30 geitur. Fjölgun er um 2 huðnur á hverju búi að meðaltali undanfarin ár.

Stofnnin er í bráðri útrýmingarhættu en hefur fjölgæð hægt frá um 1960 þegar um 65 geitur voru í landinu. Árið 1930 var talið að um 3.000 geitur væru á landinu. Hvað gerðist á þessum 30 árum? Getur það komið fyrir aftur? Svarið er já og það nokkuð auðveldlega.

Hvað ætlum við að gera til að svo verði ekki aftur? Valdið er hjá þeim sem um peningana halda og stefnumni stýra. Hvernig ætla stjórnvöld að styðja við grein í erfði stöðu? Spurning sem hefur legið í loftinu í fjölmög ár án fullnægjandi svars.

Aukið fé þarf að koma af hendi stjórnvalda sem hafa skuldbundið sig til að halda stofninum á lífi. Íslenska geitin er ekki til annars staðar og því einstakur og merkilegur stofn. Íslenskir geitabændur eru þeir einu sem halda stofninum á lífi og það í raun fyrir hönd stjórnvalda. Því verður viljinn að vera skýr frá þeirra hendi ef við viljum ekki lenda í sömu stöðu og 1960 aftur.

Í gegnum búvörusamninga kemur svipuð upphæð og kostnaður við eitt stöðugildi á ársgrundvelli. Hluti þess rennur til hafrastöðvarinnar í eigu Geitfjárræktarfélags Íslands sem tekur og frystir sæði til notkunar handa geitabændum að kostnaðarlausu. Annar hluti fer í gripagreiðslur, innvigtæða mjólk og fiðu. Ekkert fer í kjöt líkt og í öðrum greinum. Upphæðin kemur að einhverju leyt til móts við kostnað geitabænda en hættan á að bændur heltist úr lestinni er rauverulegur og áþreifanlegur á hverju ári.



Um síðustu áramót voru 1.835 geitur skráðar á 117 búum.

Mynd / ál

Fundað hefur verið um fagráð í geitfjárrækt milli Bí og matvælaráðuneytis. Fagráð sem myndi starfa með svipuðum hætti og önnur fagráð búgreina og aðilar eru sammála um að slíkt fagráð væri mikilvægt en peningana þyrfti að finna í verkefni fagráðsins og stendur sú leit yfir enn þá, þó bent hafi verið á hvar væri augljósast og best að leita.

Unnið er að undirbúningi að stærri arfgerðargreiningu á íslenska stofninum til að sjá hvar stofnnin stendur gegn riðu. Niðurstöður af fyrri greiningum sýna að stofnnin er viðkvæmur þó ekki hafi enn greinst riða í íslenskri geit. Mikilvægt er að sjá hvert sé hægt að stefna svo haegt sé að vinna samhlíða sauðfjárbændum. Gangi allt eftir verður vonandi hægt að koma verkefninu af stað nána síthvorum megin við áramót. Kostnaður er ákveðinn þróskuldur sem þarf að yfirstíga og þá hver eigi að bera hann.

Jákvæðar fréttir um framtíð greinarinnar er að nýlega var stofnað Geitavinfelagið Auður af framsýnum nemendum í Landbúnaðarháskolanum á Hvannayri.

Er það skipað nemendum sem eiga eftir að verða öflugir máttarstólpur í framtíð íslenska geitastofnsins ef fram fer sem horfir, ásamt verðandi nemendum. Nafnið gefur góð fyrirheit um þá vináttu sem geitin þarfnað í hvívetna og þann auð sem hún er fyrir íslensku þjóðina.

Vinnum saman að framtíð geitarinnar og bænda.

Því líkt og landnámsmenn og aðkomendur þeirra hafa hugsanlega tautað í aldanna rás:

Með geitum skal land og framtíð byggja.

Höfundur er formaður geitfjárræktarfélags Íslands.



Brynjar Þór Vigfússon.

Pistill formanns

Spennandi samstarf

Pessar línur eru skrifaðar á milli funda

í langþráðri ferð minni og fleiri fullrúa Bændasamtakanna til móts við bændur viða um land. Alls verða fundirnir fjórtán talsins og bað verður ekki annað sagt en að þeir fyrstu fimm sem nú eru að baki lofi góðu um framhaldið. Mætingin hefur verið einkar góð og samræðurnar allt í senn fjörlagar, malefnalegar og uppbyggilegar. Á betra verður ekki kosið.



Trausti Hjálmarsson.

góða fólk kunni skil á öllum smæstu atriðum landbúnaðarumhverfisins en það er verðugt keppikefli okkar bænda að tryggja hjá hverjum þingmanni virðingu fyrir þessari undirstöðuatvinnugrein Íslendinga og þekkingu á aðalatriðum hennar.

Ég hef áður gert ánægjulegum samskipti okkar við stjórnvöld síðustu misserin að umtalsefni. Ég hef verið bjartsýnn á að á því verði engin breyting þrátt fyrir óvæntar kosningar fram undan með stólastiptunum sem þeim munu eflaust fylgja. Síðustu dagana hef ég enn frekari sannfærst um að sjónarmið bænda og brýnar þarfir heilbrigðs landbúnaðar hér á landi muni fá góðan hljómgrunn óháð því hverjir muni taka við stjórnveli þjóðarskútnar að kosningum loknum.

EKKI SÍÐUR HEF ÉG UPPLIFAÐ BAÐ mér til mikillar ánægju á fundaferðinni um landið að bændur eru að hugsa af mikilli yfirvegum til langrara framtíðar þegar samskiptin við stjórnvöld um rekstrarumhverfi landbúnaðarins eru annars vegar. Jarðvegurinn fyrir samhenta vinnu að sameiginlegu markmiði, öflugum íslenskum landbúnaði, virðist einkar frjóð. Skipta þá engu – eða að minnsta kosti litlu – máli þær upphrópanir sem einstaka aðilar grípa til í þeim tilgangi að sá frjókornum efasemda um þann samfélagsstutning sem landbúnaður á Íslandi krefst rétt eins og í öllum okkar nágranna- og samanburðarlöndum.

Þess vegna er samstarfið fram undan við ný stjórnvöld, m.a. um nýjan búvörusamning, afar spennandi. Bændur munu maeta skilningsríku og áhugasömu viðmóti stjórnmálanna og sjálfir munu þeir nálgast viðræðurnar með vel rökstudd langtíma markmið að leiðarljósi. Í þeim efnum skiptir hagur, afkoma og öryggi bænda og bürreksturs auðvitað miklu máli enda mun enginn landbúnaður þrifast í landinu án þess að þau atriði séu viðunandi. Umfjöllunaratriðin verða þó miklu fleiri og flest þeirra eru bæði framsékin og varða að auki þjóðarhag. Það gerir samtalið enn þá skemmtilegra.

Heiti bændafundanna, Á grænu ljósi landbúnaðarins, nær yfir mörg þeirra umræðuefna. Fæðuþryggi þjóðarinnar er þar eðlilega fremst í flokki. Engin leið er augljósari til þess að tryggja mat á hvers manns disk en að framleða hann sjálf. Að hafa fullt vald á framboðinu. Til viðbótar gerum við kröfu um gæði

matvælanna og mér vitanlega hefur engum manni tekist það hingað til að benda á betri landbúnaðarframleiðslu en einmitt hér á Íslandi. Við erum í allra fremstu röð hvað varðar bæði gæði og hreinleika og eftir því er tekið viða um heim.

Þjóðarhagurinn tengist mörgum fleiri þáttum landbúnaðarins. Sóknarfærin á örт stækkanindi innanlandsmarkaði skapa forsendur fyrir aukinni atvinnu og afleiddum störfum með tilheyrandi verðmaetasköpun. Um það er ekki deilt. Væntanlega eru þær raddir heldur ekki til sem draga þátt landbúnaðarins í íslenskri ferðapjónustu í efa. Án blómlægra sveita væri náttúrufegurðin aldrei söm og án fyrsta flokks matvæla nánast úr túnfætinum fengi nútíma ferðapjónusta aldrei þrist.

Í sífellt auknum mæli er einnig horft til menntunar og rannsókna á svíði landbúnaðar í tengslum við tekniferi fyrir þjóðarhag. Nýsköpunartækifæri til aukinnar verðmaetasköpunar, m.a. í krafti nýrrar þekkingar og teknici, eru fjölmörg. Öflug fjárfesting stjórnvalda á þessu svíði þarf ávallt að ryðja brautina og í kjölfarið mun þátttaka sprotafyrirtækjia vart láta á sér standa. Þetta er enn ein ástæða þess hve samtalið fram undan við stjórnvöld í landinu verður spennandi.

Tækni líðandi stundar – og ekki síður framfarir með nýri þekkingu morgundagsins – munu gera upprunamerkingar matvæla stöðugt mikilvægari þátt í markaðsferslu þeirra. Þarna er enn eitt daemið um stórt tekniferi íslenskrar landbúnaðarframleiðslu. Landfræðileg einangrun okkar, aðgengi að sjálfbærum náttúruauðlindum, takmarkanir í sýklalyfjanotkun og ótöl margt fleira skipar matvælaframleiðslu okkar í öndvegi á heimsvísu.

Enda þótt eftirspurn eftir hágaðamatvöru á meðal þeirra neytenda á alþjóðamarkaði sem mest hafa á milli handanna sé stöðugt að aukast ætla eg ekki í þessum pistli að búa til miklar væntingar um útflutningstækifæri íslenskra matvæla. Þáttur þeirra í heilsufari þjóðarinnar er hins vegar án nokkurs vafa mikill og sömuleiðis í því að dráttarafli sem Ísland hefur á meðal ferðalanga alls staðar að úr heiminum.

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Byggingarstjóri.

Ertu í byggingarhugleiðingum, eða kominn af stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfullrúa fyrir ykkur. Hafið samband í síma 8523222 eða netfang: asgeirvil@gmail.com

BÆNDAGEÐ

Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er lettara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is



Framleiðsla eftir hverja kind hefur aukist um 20% á síðustu árum.
Mynd / Jón Eiríksson

Amma þín var sauðfjárbóndi

Ertu enn að hugsa? Allavega hefur einhver nákominn þér verið sauðfjárbóndi, átt kind eða tekið þátt í því fjölbreytta starfi sem tengist sauðfjárrækt. Atvinnugrein sem hefur átt talsvert undir högg að sækja síðustu ár en a ótrúlega margt inni.

Skv. mannfjöldaspa á Hagstofunnar verða íbúar á Íslandi milli 550 og 600 þúsund eftir 30 ár. En hver á að gefa öllu þessu fólk að borða og hvaðan að maturinn að koma?



Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Um allan heim er bændastéttin að eldast og nýliðun er mikilvæg forsenda þess að viðhalda fæðuþryggi og forsenda þess að til sé matur handa okkur öllum eftir 30 ár.

Vissir þú að framleiðsla eftir hverja kind hefur aukist um 20% á síðustu árum? Sá árangur er afrakstur af skilvirku fagstarfi greinarinnar þar sem undirstaðan er þátttaka bændanna sjálfrá og áhugi þeirra að ná árangri. Þarna eignum við talsverð tekifærri á komandi árum sem eru einnig mikilvægur þáttur í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmánum, þ.e. að losun á hverja framleidda einingu fari minnandi.

Fyr í sumar var samþykkt landsáætlun um útrymingu riðuveiki í sauðfé. Markmiðið er að riðuveiki verði útrymt á Íslandi árið 2044 með því að ræktar markvisst inn þolnar arfgerðir. Riðan er vágestur sem hefur í allt of langan tíma hvílt eins og mara yfir sauðfjárrækt er partur af nútíðinni sem og framtíðinni.

Höfundur er formaður deildar sauðfjárbænda við Bl.

TAKTU ÞÁTT

Verkefnið er að hanna og prjóna jólahúfu með snjalltækni og tengja saman hefðbundið handverk, íslenskar jólahefðir og nýja tækni. Raftextíll eru stafrænir íhlutir sem innifela m.a. rafrásabúnað sem feldur er eða saumaður í prjónlesið með tiltekna virkni, í þessu tilfelli er það jólahúfa. Stundum er talað um snjallflíkur eða e-textíl. Með tækninni er t.d. hægt að hafa ljós.

Reglur:

- Húfan skal vera frumhönnun. (Mynstur sem eru hluti af þjóðareign s.s. úr íslensku sjónabókinni eru leyfð).
- Húfan skal vera prjónuð úr íslenskri ull.
- Húfan skal hafa tilvísun í hefðbundið íslenskt handverk og jólahald.
- Húfan skal hafa einhverskonar rafræna virkni.
- Húfan getur verið á hvaða aldurshóp sem er.
- Verkið er metið út frá frumleika, nýtingu raftextíls, handverki og með hvaða hætti hún víesar til hefðbundins íslensks handverks og hefðir við jólahald.
- Myndir af ferlinu og sagan á bak við hönnunina skulu fylgja með.

Upplýsingar um skil:

Síðasti skiladagur er 30. nóvember 2024.

Verkin skal merkja með dulnefni en nafn, heimilisfang, símanúmer og netfang í tilfili fylgja með í lokaðu umslagi merkta dulnefninu.

MINNINGAR PÍNAR

MUNU GLATAST!

SPÓLUR ERU AÐ NÁLGAST ÞAÐ SÍÐASTA

VIÐ YFIRFÆRUM
EFNIÐ Á STAFRÆNT FORM

- Á DVD DISKA
- MINNISLYKLA
- STÆRRI MINNISDRIF

FULLKOMINN TÆKJABÚNAÐUR

MYNDFORM
Trönuhraun 1, 220 Hafnarfjörður. Sími 534 0400
myndform@myndform.is

Vatnshitarar fyrir sumarhús

Ýmsar gerðir af vatnshitum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

HEIMILD: ÍSLENSK SJÓNABÓK 2009

TRACKS4CRAFTS

TEXTÍLMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS KYNNIR
PRJÓNASAMKEPPNI
JÓLAHÚFA MEÐ SNJALLTÆKNI

Senda skal fullunnið verk til:

Textílmíðstöð Íslands
Jólahúfusamkeppni
Árbraut 31
540 Blönduösi

Móttakandi heitir fullum trúnaði við þáttakendur. Úrslitin verða kynnt og verðlaun afhent 12. desember eða sama dag og fyrsti jólasveininn kemur til byggða.

Þrjár húfur koma til með að vera verðlaunaðar.

Fyrstu verðlaun 50 þúsund
Önnur verðlaun 30 þúsund
Þriðju verðlaun 20 þúsund

Samkeppnin er haldin í samstarfi við Fab Lab Ísland. Fab Lab smiðjur er að finna við vegar um Ísland. Sjá staðsetningar miðstöðva á www.fablab.is

FAB LAB ISLAND

Staða og mikilvægi eggjaframleiðslu á Íslandi

Eggjaframleiðsla á Íslandi gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi með því að sjá landsmönnum fyrir næringarríkum og heilnænum matvælum.

Með auknum áhuga á íslenskri framleiðslu og heilsusamlegrí afurð hefur eggjaneysla aukist töluvert á síðustu árum. Íslensk egg eru gæðavara og framleidd í samræmi við ströngustu staðla um dýravelferð og hollustuhætti, sem við framleiðendur erum stolt af.



Hvað skiptir mestu málí fyrir eggjaframleiðendur í búvorusamningum?

Við gerð nýrra búvorusamninga er afar mikilvægt að horft sé til eggjaframleiðslunnar sem sérstakrar búgreinar og að tryggt sé að við getum uppfyllt þarfir neytandum á Íslandi. Til þess að standa undir aukinni eftirspurn, bæta húsakost og aðlaga okkur að breyttum kröfum um dýravelferð og hollustuhætti, þá er það algjört réttlætismál að sömu kröfur séu gerðar varðandi aðbúnað og hollustuhætti við framleiðslu erlendra eggja, séu þau flutt inn. Þá þarf að trygga eðlilegan rekstrargrundvöll, meðal annars með tollvernd.

Skilaboð til nýrra alþingismanna

Alþingismenn, sem taka þátt í að móta framtíð íslenskrar matvælaframleiðslu, ættu að hafa í huga mikilvægi eggjaframleiðslu fyrir fæðuþryggi þjóðarinnar. Framleiðendur hafa staðið í miklum og dýrum framkvæmdum til þess m.a. að uppfylla kröfur um dýravelferð. Það eru krefjandi áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og því er mikilvægt að alþingismenn veiti okkur nægan stuðning, svo við getum tryggt landinu heilnæma og örugga matvöru



Mynd / Siora Photography- Unsplash

um ókomna tíð. Eggjaframleiðsla, eins og aðrar landbúnaðargreinar, þurfa stöðugt rekstrarumhverfi, því myndu skammtíma tollalækkanir, eins og sumir kalla eftir, einungis vinna gagn greininni.

Ef ráðamenn meina eitthvað með því sem þeir segja á tyllidögum og lýsa yfir stuðningi íslensks landbúnaðar, þá verða menn að trygga landbúnaðinum eðlileg rekstrarskilyrði.

Staða eggjamarkaðarins - umræða um eggjaskort

Athyglisverð umræða hefur sprottið upp undanfarið um eggjaskort á markaðnum. Ég vil nota tækifærí til að upplýsa almenning um ástæðurnar að baki, en aðalorsök þessa skorts liggar ekki í framleiðsluvanda heldur í umfangsmiklum breytingum sem bændur hafa purft að ráðast í, m.a. vegna nýrra reglugerða sem skylda þá til að breyta hefðbundnu búreldi í lausagönguhús. Þetta er mikilvægt skref í att að aukinni dýravelferð, en ferlið hefur tekið tíma, m.a. vegna skipulagsmála og annarra ytri þáttar sem tafit hafa framkvæmdir, sem bændur bera ekki ábyrgð á.

Einnig hefur íbúafjölgun og

aakin neysla á mann haft áhrif á markaðinn og ýtt undir aukna eftirspurn. Við leggjum því mikla áherslu að eggjaframleiðsla muni ná jafnvægi á næstu vikum og áætla ég að eggjaframleiðsla muni aukast á næstu mánuðum það mikið að nægilegt framboð verði á eggjum á markaðnum.

Benda má að eggjaframleiðendur geta ekki haft samráð um framleiðsluáætlun og sölu eggja vegna samkeppnislaga, öfugt við það sem tíðkast í mörgum okkar nágrannalöndum þar sem eggjasamlög hafa yfirsýn yfir framboð og eftirspurn.

Við eggjaframleiðendur á Íslandi viljum tryggja neytendum gæðavöru sem framleið er af ástríðu og umhyggju. Þó að áskoranir séu til staðar, er okkar markmið að halda uppi stöðugri og traustri framleiðslu fyrir íslenskan markað. Með réttri stefnumótun og stuðningi frá yfirvöldum getum við áfram staðið undir þeirri ábyrgð að næra þjóðina með nægu magni af heilnænum eggjum.

Höfundur er formaður búgreinadeildar eggjabænda.

100% hækjun á 4 árum

Af hverju getur Landsvirkjun hækkað raforkuverð um 20% næstu áramót og enginn segir neitt?



Axel Sæland.

Eingongu fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu geta hagað sér svona. Má ríkisfyrirtæki í ráðandi stöðu haga sér svona? Hördur Árnason, forstjóri Landsvirkjunar, er búinn að koma fram og segja að það sé ekki orkuskortur í landinu. Orkan sem er til fer til þeirra sem eru í viðskiptum og nýir aðilar komast ekki inn á markaðinn fyrr en virkjað verður meira.

Pá spyr ég aftur, af hverju er þá Landsvirkjun að hækka raforkuverð um 20%? Ef það er eitthvað sem mun hafa aferandi áhrif á verðbólgu þá er það óþarfa verðhækkanir á almenning og fyrirtæki. Þessi hækjun gildir eingöngu á smásölmarkaði.

Stjórmálflokkar verða að sýna þessu meiri athygli og stemma stigu við þessari óþarfa próun. Við eignum Landsvirkjun, það þarf pólitískan vilja til að breyta. Núna um áramótin mun sala á raforku hafa hækkað um 100% á 4 árum til garðyrkjubænda sem stunda ylrækt og miðað við spá markaðarins þá mun hún jafnvel hækka aftur um 100% næstu 4 árin. Landsvirkjun stjórnar þessum markaði alfaríð og að sjálfsögðu elta aðrir orkuframleiðendur. Eru stjórnvöld að búa til nýjan skatt á almenning og fyrirtæki? Arðsemiskrafa rifkisins á Landsvirkjun hefur margfaldast á

fáum árum. Hvað er það annað en skattur á okkur almenning?

Öll framleiðsla sem er háð rafmagni mun hækka í verði á nýju ári vegna þessa, mismikið eftir því hvað hún notar mikið. Þetta mun bitna hvað harðast á ylrekta þar sem raforka er mjög stórv kostnaðarliður í þeim rekstri. Það er ekki í sjónmáli annað en að velta þessum kostnaði beint út við verðlagið.

Raforkusalar bjóða eingöngu samninga til eins árs nema að samningarnir séu verðtengdir uppboðsmarkaði á raforku. Núna fer öll raforka í gegnum uppboðsmarkaðinn Vonarskarð og orkusalar háðir því verði. Því er viðbúið að áramótin 2025–26 verði annað eins upp á teningnum. Það má búast við þessari próun að mati sérfræðinga þar til meiri raforka kemur inn á markaðinn sem er mögulega að gerast 2028.

Gardýrkjan getur ekki ár eftir ár farið fram á það við almenning að velja íslenskt sama hvað það kostar. Það eru takmörk fyrir því hvað íslensk vara getur kostað mikið meira en innflutt. Við erum og eignum að vera stolt af okkar grænu raforku, hún er auðlind þjóðarinnar og þess eignum við að njóta. Hreinleiki íslenskrar garðyrkju er einstakur en þegar verðbilið er orðið þannig að það sér á veskinu þá fer fólk að velja annað. Stemnum stigu við þessu, þetta er okkar að ákveða. Það sem við þurfum er sterkur pólitískur vilji til að breyta umgjörðinni og koma íslenskum garðyrkjufurðum á betra verði til neytenda.

Höfundur er formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda.

Matur handa öllum

Nýlega hafa Eyjólfur Ingvi, formaður sauðfjárdeilda BÍ og Margrét Ágústa, framkvæmdastjóri Baendasamtaka Íslands, kallað eftir því að stjórmálaöfl skýri sjónarmið sín í málefnum landbúnaðarins.



Jóna Björg Hlöðversdóttir.

Það var athyglisvert að heyra málflokkun þeirra því staðreyndin er sú að bændum á Íslandi hefur fækkað mikið, sérstaklega í mjólkurframleiðslu, þótt á sama tíma hafi orðið talsverð framleiðsluáætlukning.

Staða margra bænda er engu að síður þung. Íbúum í sveitum landsins hefur fækkað gríðarlega síðustu áratugi og rekstrarumhverfið er erfitt. Það getur beinlínis hamlað nýliðun ef fólk óttast að einangrast félagslega við það eitt að verða bændur.

Samtök ungra bænda unnu að því fyrir nýja búvorusamninga 2016 að koma inn ákvæðum um nýliðunarstuðning og forgangi nýliða að úthlutun greiðslumarks mjólkurframleiðslu. Frá þeim tíma hefur upphæð nýliðunarstuðningsins nánast staðið í stað og forgangur nýliða að greiðslumarki í mjólkurframleiðslu minnkaður úr 25% niður í 5%. Þó virðast málefni ungra bænda loksins vera að komast á almenna dagskrá eftir kröftugan baráttufund þeirra í Salnum í Kópavogi, fyrir réttu ári, Laun fyrir lífi, sem kjarnar svo sannarlega stöðu bænda, en sýnir líka stöðuna sem ungt folk er í, að standa frammi fyrir gríðarstórum fjárfestingum til þess að vinna óheyrilega fyrir lífskjör sem eru ekki alltaf sambærileg við aðrar starfsstéttir í landinu.

Það er bæði hægt að auka framleiðslu í landbúnaði umtalsvert ef pólitískur vilji er til staðar og bæta rekstrarumhverfi bænda mikið.

Ef spár um mannfjölda á Íslandi ganga eftir má reikna með að fæðuporf þjóðarinnar muni aukast

um priðjung á næstu 30 árum og þeirri þörf verður tæplega mætt með innflutningi eingöngu og það er alls ekki hægt að stóla á hann, óvissa og óstöðugleiki síðustu missera hefur sýnt okkur það.

Það eru því hagsmunir allra sem búa hér að það umhverfi sem landbúnaðurinn býr við sé fyrirsjáanlegt og best væri að áætlun um það hvernig auka skuli matvælaframleiðslu til samræmis við áætlun um fólkfjölgun næstu áratugi.

Ríkja þarf sátt á milli neytenda og framleiðenda matvæla. Oft er vísað til Evrópu í samanburði en þar fara um 30% af útgjöldum Evrópusambandsins í CAP (common agriculture policy) og er rætt um sem sáttmála á milli neytenda og framleiðenda um matvæla, í sátt við umhverfið og þróttmikið dreifbýli. Oft er klifað á því í umræðunni að hérlandis sé stuðningur við landbúnað og matvælaframleiðslu meiri en í öðrum löndum, því fer þó fjarri. Hér á landi leggjum við áherslu á að framleiðsla matvæla sé í sátt við umhverfið, stýrji við byggð um allt land og að allir hafi efnin að nauðsynjavörum, t.d. með opinberri verðlagningu á sumum mjólkurvörum. Þegar erum við í fremstu röð í heilnæmi matvæla, velferð dýra en fjölmörg tækifæri felast í nýsköpun, tæknilausnum og notkun viðvænni orkugjafa. Matvælaframleiðsla á Íslandi mun aldrrei verða samkeppnishæf í kapítalísku markaðshagkerfi þar sem eina markmiðið er lágt verð, án alls tillits til aðstæðna, kjara þeirra sem framleida, lyfjanotkunar og hvaðan maturinn kemur.

Ég tek heilshugar undir þau sjónarmið sem Baendasamtök Íslands benda á og hvet aðra framþjóðendur og stjórmálaöfl til að huga vel að því að við getum öll borið íslenskar landbúnaðarafurðir á borð eftir 30 ár!

Höfundur er bóndi, fyrrum formaður Samtaka ungra bænda og situr í 2. sæti á lista VG í Norðausturkjördæmi.

TRANEMO
ADVANCED WORKWEAR

KULDAGALLAR OG VINNUFATNAÐUR FÆST Í BYKO

Í BYKO færðu endingargóðan og sterkan vinnu- og öryggisfatnað frá Tranemo.

Kæri lesandi, vissir þú að ...

- Geldingar grísa voru að mestu aflagðar hérlandis árið 2016, bændur nota þess í stað bóluefni gegn galtarbrágði, ekki eru gerðar sambærilegar kröfur til samkeppnislanda okkar þar sem bændur og starfsmenn svínabúa gelda grísi.



Ingvi Stefánsson.

- Kröfur varðandi aðbúnað og dýravelferð eru mun meiri hérlandis heldur en í þeim löndum sem við erum í samkeppni við um hillupláss.

- Lausaganga gyltna á öllum stigum framleiðslunnar (þ.m.t. í goti) er nú þegar komin í notkun á um 20% íslenskra svínabúa og verður að fullu innleidd á allra næstu árum, engin áform liggja fyrir um lausagöngu í goti í okkar helstu samkeppnislöndum.

- Kröfur um fjarlægðarmörk við íbúðarhús eru langtum meiri hér en í þeim löndum sem við erum í samkeppni við.

- MÓSA (MRSA), sem er meðal algengustu sýkingarvalda í mönnum, er landlæg í svínarækt í mörgum löndum í Evrópu. Þannig mældust mótefnir gegn MÓSA í 88% danska svínabúa árið 2018.

- Árin 2008–2016 voru skráð 7.703 tilfelli MÓSA-sýkinga í Danmörku, þar af voru 918 með uppruna frá svínabúum (MRSA 398).

- MÓSA hefur enn ekki greinst á svínabúum í Íslandi.

- Sökum góðrar heilnæmisstöðu í íslenskri svínarækt getum við einungis flutt inn erfðaefnið frá viðurkenndri kynbótastöð í Noregi, innflutningur frá öðrum löndum er bannaður.

Sýklalyfjanotkun í íslenskri svínarækt er langtum minni en í samkeppnislöndunum

Árið 2003 voru um 4.500 gyltur í landinu og framleidd um 6.200 tonn. Nú, 20 árum síðar, eru um 2.900 gyltur í landinu en framleiðsla síðustu 12 mánaða um 6.700 tonn.

Innflutningur á svínakjöti frá Evrópu hefur á síðustu 15 árum farið úr því að vera nánast enginn yfir í um 2.500 tonn á ári (umreiknað yfir í kjötskrokka).

Pað sem svínaræktin leggur áherslu á við gerð nýrra búvörusamninga árið 2026 er m.a. að:

Jafna leikinn, þ.e. gera sambærilegar kröfur til kollega okkar erlendis varðandi dýravelferð begar kemur að innflutningi á kjöti, 25. grein laga um velferð dýra heimilar einmitt ráðherra að setja ákvæði sem takmarka eða banna innflutning eða dreifingu dýrafurða sem framleiddar eru í andstöðu við íslensk lög.

Auka fyrirsjánleika m.a. með því að minnka óvissu varðandi tollverndina, íslenskur landbúnaður mun aldrei geta þrifist og dafnað án skýrrar langtímastefnu í tollvernd.

Tryggja bendum aðgengi að lánsfé á kjörum sem landbúnaðurinn getur staðið undir. Einnig að koma aftur á fjárfestingarstyrkjum í greininni.

Vera virkir þáttakendur í að efla innlenda kornframleiðslu.

Einfalda regluverkið til að auðvelda endurbætur og frekari uppbyggingu nýrra svínahúsa. Núverandi umgjörð er verulega hamlandi hvað þetta varðar.

Höfundur er formaður
búgreinadeildar svínabænda.



Mannauðsstjóri Lands og skógar

Land og skógur leitar að öflugu starfsfólk til að vinna að uppbyggingu og vernd gróðurauðlinda á Íslandi með landgræðslu, nýskogrækt og friðun skóga til að efla hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning af sjálfbærri landnýtingu. Leitað er að mannauðsstjóra. Starfið er óstaðbundið.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stefnumótun í mannauðsmálum og eftirfylgni, greiningar og mannauðsmælikvarðar, stjórn mannauðsteymis Lands og skógar.
- Mat á mannaflaþörf, umsjón með ráðningum, móttöku og þjálfun nýliða, starfslýsingum, tilfærslum í starfi og starfslokum.
- Ferlar mannauðsmála, þróun, eftirfylgni og umbætur, uppfærsla starfsmannahandbókar, umsjón með starfsmannasamtölum.
- Pátttaka í stefnumótun Lands og skógar og seta í framkvæmdaráði.
- Stjórnendaráðgið – stuðningur við stjórnendur.
- Starfsþróun og fræðsla, öryggis- og vinnuverndarmál starfsfólks, pátttaka í viðburðastjórnun og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur

- Háskólamennntun eða starfsreynsla á svíði mannauðsstjórnunar eða önnur menntun eða starfsreynsla sem nýtist við mannauðsstjórnun.
- Útsjónarsemi, greiningarhæfni og skipulagsfærni.
- Jákvæðni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Þetta er fullt starf sem hentar öllum kynjum. Starfið er óstaðbundið.


Sótt er um starfið á Starfatorgi. Umsóknarfrestur er til 11. nóvember 2024.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Águst Sigurðsson:

august.sigurdsson@landogskogur.is



Land og skógur



Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
Þorgríms Jónssonar ehf.

MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900

Stoð atvinnulífs og lykill að framtíðarfæðuöryggi

Landbúnaður hefur löngum verið ein af burðarstoðum atvinnulífs í Norðausturkjördæmi Hann tryggir ekki aðeins matvælaframleiðslu fyrir landið allt, heldur skapar stórf og stuðlar að lífvænleika í sveitum.

Mikilvægi landbúnaðarins nær þó lengra en það sem snýr að atvinnusköpun og staðbundnu hagkerfi; hann er lyklinn að fæðuöryggi okkar sem þjóðar og framtíð landbúnaðarins er björt í ljósi vaxandi eftirlspurnar á heimsýsú eftir matvælum og hreinu vatni. Í því samhengi er það sláandi staðreynd að á næstu 40 árum þarf heimurinn að framleiða meiri mat en samanlagt síðastliðinn 8.000 ár.



Jens Garðar Helgason.



Mynd / Odd Stefán



Mynd / Ben Shanks, Unsplash

Hnignun ESB

„Evrópusambandið líkist Sovétríkjunum í vestrænum fótum“, á Mikhail Gorbasjov að hafa sagt. Pannig hefst grein Christian Anton Smedshaug, norsks hagfræðings, í Klasse kampen 23. október sl. Hann hefur gefið undirritaðri góðfuslegt leyfi til að þýða hana og endursegja.

Evrópusambandið (ESB) er miðstýrt, skrifræðið er verulegt, og frá Brussel koma áætlanir um efnahag sambandsins, svipað og gerðist í Sovétríkjunum. Þar var sósíalísk útópi markmiðið og til að ná þeim markmiðum í sósíalísku hagkerfinu var beitt hinum svokölluðu fimm ára áætlunum. Metnaður ESB stendur til að verða umhverfis- og loftslagsvænsta hagkerfi heims á sama tíma og samkeppnishæfni ESB verði tryggð gagnvart Kína og Bandaríkjunum.



Erna Bjarnadóttir.

Alþekkt er hvernig fór fyrir Sovétríkjunum og varðandi ESB verður ekki annað sagt en að markið sé sett hátt. Kína er nú orðið næststærsta hagkerfi heimsins og hagkerfi Bandaríkjanна er þriðjungi stærra en ESB í dag. Fyrir fjármálakreppuna 2008–2009 voru þessi hagkerfi hins vegar álfka stórá. Stóra spurningin nú er hvort svokallaður markmiðsstýróur „siðferðiskapitalismi“ ESB getur keppt við raunsæjan kapitalisma USA en þar eru reglurnar færri og fjármagn aðgengilegra bæði á alfríkissiti og frá einkafjáfestum. Þetta þýðir að bæði ný alþjóðleg fyrirtæki og byltingarkennar nýjungar koma fyrst og fremst fram í Bandaríkjunum en að litlu leyti innan ESB. Að mórgu leyti hefur ESB einsleitt hagkerfi og takmarkaðan aðgang að hráefnum. Aðildarríkin eru því háð innflutningi hráefna frá öðrum löndum til að virðiskeðjan virki. Þetta á sérstaklega við um málma og nú líka orku eftir að kjarnorkuverum hefur að mestu leyi verið lokað, að Frakklandi undanskildu. Framleiðslu á orku með kolum hefur sömuleiðis að mestu verið hætt. Leiðslugasið og olfan frá Rússlandi er á svörtum lista og hefur þurft að skipta út fyrir dýrt, en engu að síður nauðsynlegt, fljótandi jarðgas (LNG) frá Persaflóa og Bandaríkjunum.

Afleidningar þessa eru efnahagsleg stöðnun og fátt er alvarlegra en upplausn efnahagsnets Þýskalands sem við verðum nú vitni að, þar sem Volkswagen ræðir í fyrsta sinn um lokanir í Þýskalandi, uppkaup á þýskum idnfyrirtækjum og uppsagnir hjá undirverktökum. M.o. hagkerfið nöttr um þessar mundir. Pannig eiga sér stað verulegar breytingar í evrópskum bílaiðnaði sem er grundvöllurinn í evrópskri framleiðslu. Lítill vöxtur er í hagkerfinu í heild sinni og engar atvinnugreinar virðast geta fyllt það skarð sem samdráttur í bílaframleiðslu

og lokun orkufreks iðnaðar hefur skapað. Flóðbylgja reglugerða frá framkvæmdastjórninni og skipulag innri markaðarins virðist ekki geta brugðist við þessum áskorunum. Á sama tíma tekur Bandaríkjunum Bidens að lokka evrópsk fyrirtæki til Bandaríkjanna með ríkisaðstoð, skattavilnumum og ekki síst minna skrifræði, sérstaklega eftir samþykkt „Verðbólglukkunarlaganna“ (e. Reduction of Inflation Act).

Fyrnefnur „siðferðiskapitalismi“ ESB með há og göfug markmið virðist munu tapa í samkeppnni við raunsæri (niðurgreiddan) kapitalisma sem nú stafar frá Bandaríkjunum. Sérstaða Bandaríkjanна er að banna ekki gamlar lausnir, þ.e.a.s kol og olíu, heldur niðurgreiða nýju lausnirnar með ýmsum hætti. Pannig tekur líkan Bandaríkjanна minni áhettu og nýttir þau verðmæti sem enn eru til staðar í nýverandi fjárfestingum. Hjá ESB er hins vegar tekin mikil markaðsáhætta og menn missa frá sér verðmæti í nýverandi fjárfestingum sem ekki uppfylla „siðferðiskröfurnar“. Einnig aðlagt Bandaríkin sig að breyttum tínum mun hraðar á pólitíkska sviðinu og eru nú að ræða tiltekna verndarstefnu langt umfram það sem ESB gerir, jafnvel þó að ESB hafi nýlega lagt tolla á kínverska rafþila.


Markmiðsstjórnun ESB er frá-brugðin stjórnun Sovétríkjanна að því leyti að engar áætlanir hafa verið uppi um hvernig markmiðunum skuli náð. Búist hefur verið við að markaðurinn myndi skila tilsettum árangri þegar loftslags- og umhverfismarkmið ESB voru hert. Þetta hefur ekki gerst í nægilegum mæli. Þess í stað hefur Kína, með sínum sérstæða ríkiskapitalisma, búið til framleiðsluinnviði fyrir þá rafþila sem ESB þurfti, sem þýðir að landið hefur bæði betri tekni og virðiskeðjur en evrópskir keppinautar og brýstir því verðinu niður. Saman hefur gerst með sólarsellur þar sem afkastageta og verðlag í Kína heldur allri annari sambærilegri starfsemi niðri um allan heim.

Lokaorð Smedshaug eru svo þau að sem betur fer er Noregur líkari Bandaríkjunum en ESB hvað efnahagsstefnu varðar, að því leyti að Noregur hefur ekki breytt virðiskeðjum framleiðsluinaðarins og orkuframboði verulega. Það er góður upphafspunktur fyrir endurskipulagningu. Á áttunda og níunda áratugnum var hugtakið „eurosclerosis“ notað um evrópskt ofeftirlit og stöðnun sem fylgdi í kjölfarið, ástand sem aftur einkennir nú álfuna. Norðmenn ættu því að nýta svigrúmið innan EES-samningsins eins vel og nokkur kostur er og nýta athafnafrelsi utan stjórmálasambands ESB til að þráa eigin virðiskeðjur og framtíðarmiðaðan iðnað.

Það blasir við að svo margt er líkt með Íslandi og Noregi að þessi lokaorð eiga einnig við hér á landi um íslenska þjóðarhagsmuni.

Höfundur er hagfræðingur hjá Mjólkursamsölnum.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

- Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir**
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð**
- Bílskúrshurðir**
- Hurðir í trékarma**
- Tvískiptar hurðir**

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

V HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Læknar á landsbyggðinni

Örugg og öflug heilbrigðisþjónusta er grundvallað fyrir sjálfþærni hinna dreifðu byggða um land allt. Það er jafnframt réttur allra íbúa landsins að hafa heilsugæslu í nærumhverfi sínu enda er það sjálfsagður liður í byggðapróun.

Arið 2018 var lögð fram skýrsla Ríkisendurskoðunar um heilsugæslu á landsbyggðinni. Í niðurstöðum skýrslunnar kom fram að grípa þyrti til markvissra aðgerða til að bregðast við læknaskorti á landsbyggðinni.



Sigurjón
Þórðarson.

Það hefur gengið brösuglega að tryggja fastráðingu heimilislækna á staðsstöðvum heilbrigðisstofnana viða um land. Þessi mönnumnarandi heilbrigðisþjónustu er ein stærsta áskorun íslensks samfélags. Það er áhugaverð staðreynd sem kom fram í framangreindri skýrslu Ríkisendurskoðunar að rétt rúmlega helmingur stöðugilda heimilislækna á landsbyggðinni er mannaður af fastráðnum læknum en verktakar manna rúmlega fjórðung stöðugilda og um fimm tungur stöðugilda er ekki mannaður.

Eins og kom fram í grein sem birtist í Læknablaðinu árið 2022 þá er fyrirséð að árið 2032 verði um 32 fastráðir læknar á landsbyggðinni komnir á eftirlaun og ljóst er að ef ekkert er gert muni staðan á landsbyggðinni versna á næstu árum. Auk þess velja siffell fleiri læknar að starfa erlendis í stað þess að flytjaheim að námi loknu.

Rannsóknir hafa sýnt fram að fólk vill geta sótt sem mesta heilbrigðisþjónustu í sinni heimabyggð. En ríkisstjórnin hefur mætt mönnumnarandanum með því að draga úr nærbjónustu og leggja áherslu á fjarheilbrigðisþjónustu. Flokkur fólksins vill hins vegar tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Úti á landi eru heimilislæknar í dagvinnu á virkum dögum og á

gæsluvökum frá lokum starfsdags til næsta morguns. Þá þurfa þeir gjarnan að mæta til vinnu næsta morgun óháð því hvort þeir hafi þurft að sinna útköllum nótina áður. Slíkt vinnuálag dregur úr vilja lækna til að starfa á landsbyggðinni. Ef okkur tekst að manna stöðugildi lækna á landsbyggðinni með viðhlítandi hætti er mögulegt að hægt verði að draga úr því mikla vinnuálagi sem hefur skapast í þeirri manneklu sem nú ríkir. Yfir 800 íslenskir læknar starfa erlendis og eflaust myndu margir þeirra vilja flytja aftur í sína heimabyggð ef kjör og vinnaðsteður væru viðunandi.

Ekkert er gert þá mun staðan á landsbyggðinni versna þar sem endurnýjun á fastráðnum læknum er ekki nægjanleg. Við í Flokk fólkisins viljum auka fastráðnum læknum með jákvæðum hvotum.

Sveitarfélög á landsbyggðinni hafa kallað eftir samstarfi við ríkið og heilbrigðisstofnanir til að tryggja mönnum læknisþjónustu og koma í veg fyrir að fólk þurfi að ferðast langar vegalengdir til að fá læknispjónustu. Ljóst er að sveitarfélög í sama landshluta eða héraði geta unnið saman að því að laða til sín lækna og ráða þá í fulli starf. Til þess að auglýst læknisstörf á landsbyggðinni verði eftirsóknarverðari þarf að koma á samstarfi milli heilbrigðisstofnana og sveitarfélaga, en það þarf að komu stjórnvalda til að koma á slíku samstarfi með formlegum hætti.

Heilbrigðisþjónustu er að tryggja læknisstörf með góðum launum, samkeppnishæfum vinnuskilyrðum og öðrum hvotum svo að læknar kjósi að starfa á landsbyggðinni. Af þessari ástæðu lagði Flokkur fólksins fram þingsályktunartillögum á síðustu tvemur löggjafarþingum um að heilbrigðisstjórnvöld hefji samstarfsverkefni við valin sveitarfélög á landsbyggðinni með það að markmiði að tryggja að við hverja starfss töð heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni starfi fastráðir heimilislæknar.

Höfundur er oddviti Flokks fólksins í Norðausturkjörðaeimi.

Brennslusalerni

Ekkert vatn

Hvorki rotþró né jarðvinna

Þegar náttúran kallar

Cinderella® Incineration Toilets

516-2600 | vorukaup@vorukaup.is | **VÖRUKAUP**

Málning & Húsaviðhald ehf.

malningoghusavidhald.is

Tökum að okkur vinnu hjá byggingaverktökum o.m.fl.

Málarar, múrarar og smiðir geta bætt á sig verkefnum, hvar sem er á landinu.

Spörlun, málning, mür, smíði, þakskipti, innanhússfrágangur,

Við bjóðum upp á sérfraðiþjónustu í:

- Spörlun
- Málun
- Múrvinnu
- Steypuvíðgerðum
- Smíðavinnu
- þakskiptum og þakviðgerðum
- Flísalögn
- Almennu viðhaldi, innanhúss og utan

Af hverju velja okkur:

- Hágæða þjónusta
- Áreiðanlegar tímaáætlanir
- Áratuga reynsla lykilstarfsmanna
- Samkeppnishæf verð

malningoghusavidhald.is
Rúnar Eldjárn Jóhannsson, múralari s. 774 3800
Ágúst Fjalar Jónasson, málarameistari s. 774 3833

Vegleysur á Vestfjörðum

Sem frambjóðandi á ferð fór ég akandi um Vestfirði um helgina. Vegur um Strandir var fyrstur yfirferðar og þótti mér viðhaldi hans verulega ábótant.

Mögulega er slakt viðhald rökstutt með strjálli byggð en lítið vissi ég um framhaldið og þann skort að vetrarþjónustu sem vegir Vestfjarða líða fyrir þrátt fyrir mikla umferð og þungaflutninga. Á yfirliti Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu milli landshluta er auðséð sú mismunun sem á sér stað í vetrarþjónustu á Vestfjörðum miðað við önnur svæði, þrátt fyrir ákall samfélaganna fyrir vestan um annað.

Samgöngur eru risastórt byggðarmál. Fyrirtæki treysta á skilvirkar samgöngur til að flytja framleiðslu af landsbyggðinni til markaða og íbúar reiða sig á flutning á nauðsynjavörum inn á svæðin. Góðar samgöngur tengja saman ólk byggðarlög viða um land og auka tækifæri fólks til fjölbreyttari atvinnu. Þær bæta aðgengi fólks að menntun og heilbrigðisþjónustu, auk þess sem börn seckja afþreyingu milli byggðarkjarna. Öruggar samgöngur minnka slysahættu, stuðla að tryggari ferðalögum fyrir almenning og eru lifsnauðsynlegar í náttúruhamförum til að tryggja flutning hjálþargagna.

Á Vestfjörðum upplifði ég



Álfhildur Leifsdóttir.

Álfhildur Leifsdóttir er slakt viðhald rökstutt með strjálli byggð en lítið vissi ég um framhaldið og þann skort að vetrarþjónustu sem vegir Vestfjarða líða fyrir þrátt fyrir mikla umferð og þungaflutninga. Á yfirliti Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu milli landshluta er auðséð sú mismunun sem á sér stað í vetrarþjónustu á Vestfjörðum miðað við önnur svæði, þrátt fyrir ákall samfélaganna fyrir vestan um annað.

Samgöngur eru risastórt byggðarmál. Fyrirtæki treysta á skilvirkar samgöngur til að flytja framleiðslu af landsbyggðinni til markaða og íbúar reiða sig á flutning á nauðsynjavörum inn á svæðin. Góðar samgöngur tengja saman ólk byggðarlög viða um land og auka tækifæri fólks til fjölbreyttari atvinnu. Þær bæta aðgengi fólks að menntun og heilbrigðisþjónustu, auk þess sem börn seckja afþreyingu milli byggðarkjarna. Öruggar samgöngur minnka slysahættu, stuðla að tryggari ferðalögum fyrir almenning og eru lifsnauðsynlegar í náttúruhamförum til að tryggja flutning hjálþargagna.

Á Vestfjörðum upplifði ég

öryggisleysi við að aka ýmist í glerhálku eða þæfingi á milli norðanverðra og sunnanverðra Vestfjarða þar sem vetrarþjónustu er ábótant. Slök vetrarþjónustu veldur einangrun og slysahættu og ekki er hægt að treysta á seiglu fólkis til að umbera þetta ástand í nútímasamfélagi. Norðvesturkjördæmi hefur dregist langt aftur úr öðrum kjördænum hvað varðar bættar samgöngur og er nauðsynlegt að setja aukinn kraft í landshlutann. Nauðsynlegt er að klára þau verkefni sem eru ókláruð, samanber Dynjandisheiði, hvar aka þarf örfa en viðsjáverða kílómetra á þróngum og kræklóttum vegi með tilheyrandi hættu.

Til þess að tryggja samgöngur á Vestfjörðum þarf að minnsta kosti þrenn jarðgöng til viðbótar og er löngu tímabært að við lífum til frenda okkar í Færeyjum sem hafa borað áttu jarðgöng á síðustu sex árum. Á sama tímabili hér lendis hafa ein göng verið opnuð, Dýrafjarðargöng, og hvergi er verið að bora sem stendur. Færeyska jarðgangauppskriftin er til, notum hana.

Góðar samgöngur eru grunnþáttur í að byggja upp sterkt, tengd og sjálfbær samfélög og stuðla að efnahagslegrum velmegun og jöfnuði. Fjárfesting í samgöngum getur haft viðtæk áhrif til góðs og er lykilatriði í byggðarmálum. Það er löngu tímabært að Norðvesturkjördæmi sé forgangsraðað efst í samgöngubótum.

Höfundur er oddviti VG í Norðvesturkjördæmi.

Niður föll

fyrir bílaplaníð, fyrir utan bílskúrinn eða í skemmuna

SJÁ NÁNAR Á LOFT.IS

Nicoll

FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR

CLASS A15 **CLASS B125** **CLASS C250** **CLASS D400** **CLASS E600**

Sterkt, létt, og frostþolin

LOFT&RAFTÆKI

Hjallabrekku 1 | Dalbrekkumegin | 200 Kópavogi | S: 5643000 | www.loft.is

Hjúkrunarheimili á landsbyggðinni

Eru hjúkrunarheimili á landsbyggðinni með viðunandi fjármögnum? Er tilefni til að hækka svokallað smæðarálag til minni hjúkrunarheimila? Að breyta fjármögnum minni hjúkrunarheimila til að auka sveigjanleika í greiðslupáttóku hins opinbera?

Petta voru spurningar mínar til heilbrigðisráðherra í óundið búnunum fyrirspurnatíma á Alþingi í mars. Rekstur margra minni hjúkrunarheimila á landsbyggðinni er erfiður og sveitarfélög sem skila rekstri hjúkrunarheimila til ríkisins óttast það mörg hver að hjúkrunarheimili í sveitarfélagini verði lögð niður. Óttinn er líka sá að hjúkrunarheimilin verði sameinuð öðrum heimilum á sama landshluta og að fólk verði jafnvel flutt hreppaflutningum. Hér er um gríðarlega mikilvægt hagsmunamál fyrir íbúa landsbyggðarinnar, ekki síst smærri byggða.

EKKI fer á milli mála að þörf er á gríðarlegri fjölgun hjúkrunarrýma miðað við löngu fyrirséða öldrun þjóðarinnar. Fráfarandi ríkisstjórn hefur ekki tryggt að uppbrygging nýrra hjúkrunarheimila gangi greiðlega. Hún hefur einnig ekki sinnt skyldum sínum um að fjármagna með viðhlítandi hætti rekstur þeirra hjúkrunarheimila sem fyrir eru. Mikilvægt er að uppbrygging og fjármögnum taki til alls landsins og tekið verði til landsbyggðarinnar og smærri hjúkrunarheimila í smærri byggðum.

I áðurnefndum fyrirspurnatíma spurði ég heilbrigðisráðherra einnig um það hvort smærri hjúkrunarrými á landsbyggðinni þurfi ekki aukið fjármagn. Fjárveitingar til hjúkrunarheimila skiptast í



Eyjólfur Armannsson.

nokkra mismunandi þætti, en einn mikilvægur hluti þeirra er hið svokallaða smæðarálag. Fjármunir undir þessum lið fara til minnstu hjúkrunarheimila landsins sem mörg hver eru í smærri byggðum út um landið allt. Smæðarálaginu er ætlað að jafna að hluta mismun í rekstrarkostnaði milli minni og stærri hjúkrunarheimila.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hafa kallað eftir því að smæðarálagið verði hækkað um 150 milljón krónur í umsögnum sínum við bæði fjárlög þessa og síðasta árs. Hækkan á smæðarálaginu myndi renna hlutfallslega meira til allra minnstu hjúkrunarheimilanna. Smæðarálagið hefur hækkað en betur má ef duga skal til að tryggja viðundandi rekstrargrundvöll minni hjúkrunarheimila á landsbyggðinni. Rekstur hjúkrunarheimila á landsbyggðinni er áfram erfiður þratt fyrir greiðslu smæðarálagsins og þurfa sveitarfélög iðulega að leggja hjúkrunarheimilum til viðbótarfjármagn.

Hér er um gríðarlega mikið réttindamál að ræða hvað varðar rétt aldraðra til að dvelja síðasta hluta ævi sinnar í heimabyggð. Við getum ekki horft fram hjá því þegar verið er að leggja niður hjúkrunarheimili á landsbyggðinni á meðan við stöndum frammi fyrir gríðarlegri þörf á fjölgun hjúkrunarrýma.

Ég tel mjög mikilvægt að halda utan um fjölbreytileikann í rekstri hjúkrunarheimila, að þetta safnist ekki allt saman í fá stór stofnanavædd hjúkrunarheimili herna á höfuðborgarsvæðinu.

Við verðum að taka tillit til íbúa héraða úti á landi, fólks sem vill dvelja síðasta hluta ævinnar í byggðarlagi sínu, í sinni sveit, í sínu héraði og þá með sínu heimafolkí.

Höfundur er þingmaður og oddviti Flokks fólkssins í Norðvesturkjördæmi.

Kosningar og hvað svo?

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins birtu Bändasamtök Íslands áskorun til frambjóðenda allra flokka um að setja sig inn í aðalatriðin í málefnum landbúnaðarins í þeiri von að um þau yrði fjallað í aðdraganda kosninga og að þau yrðu jafnframt tekin með í stjórnarmyndunarviðræðum í kjölfarið.



Högni Elfur Gylfason.

Þar voru birt áhersluatriði í ellefu liðum sem samtökini töldu mikilvægt að hlytu umfjöllun og framgang hjá næstu ríkisstjórn landsins. Þessi atríði eru:

- Afkoma og öryggi
- Nauðsyn nýliðunar og kynslóðaskipta
- Rekstrarumhverfi bænda
- Leiðandi hlutverk íslensks landbúnaðar í fæðuöryggi þjóðarinnar
- Kjölfestuframlag landbúnaðar til þjóðarframleiðslunnar
- Nauðsyn tollverndar til samræmis við nágrannaþjóðir okkar
- Menntun og rannsóknir á sviði landbúnaðar
- Auknar kröfur um umhverfisþætti, gæði og hreinleika
- Upprunamerkingar og orðspor íslenskrar landbúnaðarframleiðslu
- Loftslagsvegvísir Bändasamtakanna
- Samstarfsverkefnin með stjórnvöldum

Ég vil þakka stjórn og starfsfólk Bändasamtakanna fyrir þetta frumkvæði til að vekja athygli ráðamanna á alvarlegri stöðu í greininni og lýsi stuðningi mínum við þessi mál. Þá langar mig að benda á að um flest þessara atríða er fjallað í tillögu til þingsályktunar sem þingmenn Miðflokkssins hafa ítrekað sett fram á Alþingi Íslendinga án þess þó að hafa hlotið hljómgrunn hjá ríkisstjórn undanfarinna ára.

Pingsályktunartillagan er í 24 liðum og henni fylgir ítarleg greinargerð.

1. Stuðningur við landbúnað verði stóraukinn og rekstrarafkoma matvælaframleiðenda styrkt.

Fjárfamlög til greinarinnar verði aukin og stefnt að lækkun rekstrarkostnaðar og betri lánskjörum.

2. Gerð verði landsáætlun um aukna sjálfbærni íslensks landbúnaðar, m.a. með tilliti til orkuskipta og áburðarnotkunar.

3. Hvatt verði til aukinnar

lífraennar framleiðslu, m.a. með þróunarstyrkjum.

4. Auknufé verði varið til nýsköpunar og þróunar í hefðbundnum búgreinum og vinnslu með tilliti til þess að í mörgum tilvikum skili ávinningsurinn sé ekki fyrr en að mörgum árum liðnum. Stutt verði við hringrásarhagkerfið í því samhengi og fullnýtingu afurða.

5. Gerð verði áætlun um hvernig stórefla megi nám tengt landbúnaði á öllum námsstigum.

6. Styrktir verði viðurkenndir aðilar sem vinna að markaðsmálum, nýsköpun og þróun, t.d. viðskiptahraðallinn Til sjávar og sveita, Landbúnaðarklasinn o.fl.

7. Tollsamningi sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra frá 17. september 2015 við Evrópusambandið verði sagt upp nú þegar eða óskað endurskoðunar á honum, m.a. með tilliti til útgöngu Bretta úr Evrópusambandinu.

8. Innflutningur á ófrosnu kjöti, eggjum og ógerilsneyddum matvælum verði stöðvaður vegna sérstöðu landsins og mikilvægis matvæla- og fæðuöryggis.

9. Eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu verði einfaldað og kostnaði við eftirlitið létt af greininni.

10. Stutt verði við frekari þróun og aukna markaðshlutdeild innlendrar kjarnföðurframleiðslu og kornréktar sem nýrt innlenda orkugjafa og skapar störf.

11. Gerð verði áætlun um frekari nýtingu orkuauðlinda þjóðarinnar til innlendrar matvælaframleiðslu á sambærilegum kjörum og stóriðjan nýtur. Það taki til allra stiga framleiðslunnar, m.a. ræktunar, húsdýrahalds, kjarnföðurframleiðslu og vinnslu afurða í afurðastöðvum.

12. Veittir verði styrkir til rannsókna og framleiðslu á innlendu eldsneyti fyrir landbúnaðartæki, m.a. til að auka sjálfbærni.

13. Kostnaður við flutning allra aðfanga og afurða sem tengjast matvælaframleiðslukeðjunni verði að fullu jafnaður án þess að hann bitni á greininni og þar með verðlagningu framleiðslunnar.

14. Gerð verði áætlun um aukinn stuðning við innlenda kornrækt, kornþurrkun og nýtingu korns til fóðurframleiðslu og manneldis.



Dóruband er jurtalitað þingborgarband, bæði einband og tvíband. Það er unnið úr þingborgarlopum sem er sérvalin lambsull. Uppskriftin að peysunni hér í blaðinu er með Dórubandi og þingborgarlop. Allt fæst þetta í Ullaversluninni

þingborg, sem er staðsett í Gömlu þingborg og er 8 km austan við Selfoss.

Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17.

Póstsendum.

www.thingborg.is



Þingborg
s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
[facebook/thingborgull](https://facebook.com/thingborgull)



Bændablaðið www.bbl.is

TIL SÖLU - MED ÖLLU SEM PÚ PARFT

SKOTBÓMULYFTARI

21 METRA BÓMA
360° VINNUSVIÐ

21M

Fylgihlutir

- Skófla
- Gafflar
- 3T spil
- Jib með 1,5T spili
- Mannkarfa
- Práðlaus fjarstýring

GOTT VIÐHALD!

862 4046
skralli@skralli.is

Af virðingu við landið

Í aðdraganda kosninga erum við ítrekað minnt á að margar stærstu áskoranir samfélagsins snúast um listina að finna jafnvægispunkta.

Jafnvægi á milli þess að brjóta land undir orkuframleiðslu eða nýta það fyrir landbúnað. Jafnvægi á milli þess að vinna auðlindir úr landinu eða að vernda náttúruna. Jafnvægi til að byggja upp samfélög án þess að ganga of nærrí vistkerfum Jarðar.

Undanfarin misseri hefur jafnvægið aftur á móti verið skekkt og loftslagsmál notuð sem trompssípl til að yta á ýmiss konar nýtingarsjónarmið. Engum dylst að baráttan við loftslagsvána er eitt mikilvægasta verkefni samtímans. En þar þarf líka að gæta jafnvægis svo lausn á loftslagsvandanum valdi ekki nýjum og óafturkraefum vanda. Ef okkur tekst vel upp, þá hefur Ísland allt að bera til að vera til fyrirmynðar sem grænt, sjálfbært samfélag.

Mikil ásókn í landsvæði

Hefðbundinn landbúnaður hefur lengi átt í völk að verjast, en undanfarið höfum við orðið vör við miklu meiri ásókn í landsvæði viðs vegar um landið fyrir óhefðbundin not. Oft eru þar sterk fjármálaöfl að baki, hvort sem það snýst um að mylja niður heilu fjöllin eða grafa upp sand til útflutnings, dæla upp ógrýnni grunnvatns, plægja upp móleni til að planta skógi á iðnaðarskala eða raða vindorkuverum á heiðar og hálsa.

Upplýsingar um ýmsar auðlindir Íslands eru jafnframt af allt of skornum skammti. Hvort sem um ræðir stöðu grunnvatns í hverju héraði til að tryggja að vatnstaka rýri ekki gæði auðlindarinnar eða farleidir fugla svo heilu stofnunum sé ekki stefnt í voða með vindorkuverum, þá hefur ekki verið hlúð nóg að grunnrannsóknunum. Það sem við vitum, vitum við oft vegna þess að framkvæmdaðili hefur fjármagnað rannsóknir í aðdraganda framkvæmda.

Enn vantar reglur um vindorku

Um land allt hafa sprottið upp hugmyndir að vindorkuverum, án þess að ríkisvaldið hafi lokið því sem ætti að vera fyrsta verkefni: Setja skýran lagaramma þar sem saman fari hagsmunir almennings, náttúru og nærsamfélags.

Við Píratar höfum talað fyrir varfärnum skrefum þegar nýr orkukostir eru þróðir, skýru regluverki og að



staðið sé með samfélögum í að vinna úr álitaefnum. Pau vindorkufrumvörp sem fráfarandi ríkisstjórn lagði fram náðu ekki því jafnvægi. Þvert á móti, þá lagði síðasta útfærsla af vindorkufrumvarpinu til hjáleið sem í orði kveðnu átti að einfalda leyfisveitingaferli en hefði semilega bæði gert það flóknara og látið það leggjast af fullum þunga á sveitarfélög sem oft eiga fullt í fangi með flókin og umfangsmikil skipulagsmál.

Píratar svara ákallum langtímahugsun

Ísland þarf að leggja sitt af mörkum í loftslagsmálum og það getum við svo sannarlega. Lítið land með gnött endurnýjanlegrar orku á að geta stokkið hratt í átt að fullum orkusíptum. Undanfarin ár hefur hins vegar lítil áhersla verið lögð á slíkar aðgerðir en fráfarandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt meiri áherslu á að stökkva á vagninni með fjármagnsöflum sem nota loftslagsvána sem réttlætingu fyrir hefðbundnum áróðri fyrir virkjunum, námagreftri og hvers kyns ágengri umgengni við auðlindir landsins okkar. Á sama tíma beitir ráðherrann sér fyrir undanþágum frá evrópskum reglum um orkunýtni, sem er bara eitt lítið dæmi um þann skort á heildarhugsun sem hefur ríkt í stjórnarráðinu undanfarin ár.

Píratar hafa lengi talað fyrir skýrum leikreglum þegar kemur að auðlindanýtingu og mikilvægi þess að standa með almenningi og náttúru Íslands. Atkvæði greitt Pírotum er stuðningur við langtímahugsun í umhverfis- og loftslagsmálum svo Ísland geti verið þetta leiðandi afl – grænt samfélag sem tekur mið af hagsmunum okkar allra, komandi kynslóða og umhverfis.

Höfundur er þingmaður Pírata.

Porrablót og skemmtanir um allt land

Davíð og Stefán eru syngjandi veislustjórar
stefanhelgi@gmail.com eða s. 896-9410.

KOMDUÍ LANDSLAGS ARKITEKTÚR
lbbi.is Kynntu þér BS námið nánar

GOES TERROX 500L

Gæðahjól á góðu verði



1.199.000,-
Án Vsk. 966.953,-

Innspýting, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók og sætisbaki. Hátt og lágt drif með læsingu. CVT kúpling, 25" dekk, 14 l. tankur. USB tengi, stuðarar Götuskráð T3b.

Umboðsaðilar: **Bikevik, Reykjavik, Selfossi.**
KS, Sauðarkróki, Suður England, Lyngás Hellu, AB varahlutir, Egilsstöðum, Bilaforritun North-East Akureyri.

Nitró - Urðarhvari 4 - 557 4848 - nitro.is

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Á Íslandi er allra veðra von



Dekkin eru eini snertiflötur þinn við veginn í akstri og einn mikilvægasti öryggisbúnaður bílsins. Hugum að öryggini í vetur.

Slepptu röðinni og bókaðu tíma í dekkjaskipti á klettur.is

Þú finnur verkstæðin okkar á eftirfarandi stöðum:

- Klettagörðum
- Lynghálsi
- Einhellu
- Hátúni
- Suðurhrauni



Eyrnamörk: Skjaldarmerki hins íslenska riddara

Eyrnamörk eða fjármörk eru, eins og margir þekkja, skurðir í eyru á fó til að skilgreina hvaða bændur eiga hvaða kindur.

Fjármörk hafa fylgt fjárrækt allt frá landnámi. Það var nauðsynlegt að merkja fó sitt vegna samnýtingar afréttu og beitilanda. Um það vitna m.a. frásagnir í fornsgögunum, og ákvæði í lögum eru um þetta bæði í Grágás og Jónsbók. Mörk gengu oft í erfðir og jafnvel kynslóð fram af kynslóð. Töluvart af þjóðtrú tengist mörkun og hvenær átti að marka fó.

Gunnþór afi minn kynti mig fyrir mörkum þegar hann minntist á það að hann átti mark þegar hann var yngri á Hreimstöðum í Norður-Múlasýslu, ég endaði svo á því að taka upp markið hans afa sem er „tvistýft aftan hægra og heilhamrað vinstra“ og fékk það skráð á mig í Vestmannaeyjum 3. mars síðastliðinn og í landnámi Ingólfss Arnarsonar 26. ágúst því ég flutti til að fara í háskóla. Afi lýsti því fyrir mér að ættarmarkið er heilhamrað vinstra og voru/eru flestir ættingjar míni með það mark en hitt markið er til þess að þekkja hver í þessari fjólskyldu á kindina. Svo hjá okkur er vinstra eyrað ættin og hægra eyrað einstaklingurinn. Ég endaði svo á því að rekja sögu marksins alveg að 1811 og komst að því að „tvistýft aftan hægra“ er gamla ættarmarkið frá Geirmundi Jónssyni skráð 1811 að sírka 1890 þá er Pórarinn Porkelsson skráður með „hvatt hægra og heilhamrað vinstra“, eftir það hefur heilhamrað vinstra verið ættarmarkið en markið hjá mér og afa er gamla og nýja ættarmarkið saman.

Með notkun eynarmerkja hefur þörfin fyrir mörk kannski minnkað örliðið og með Evrópureglugerð um merkingar búfjár hafa sumir taloð um að það að ætti að hætta að marka kindurnar, þegar það er skylda að hafa plastmerki í kindunum. En langflestir bændur telja nauðsynlegt að halda áfram að marka lömbin og viðhaldha hefðinni, og þegar reglugerðin tók

gildi hér átti að vera skylda að hafa merki í báðum eyrum en því var breytt vegna þess að við mörkum kindurnar og því er nóg að hafa bara merki í öðru eyranu.

Plastmerki geta dottið úr eða orðið ólesileg en mark endist ævi skepnunnar. Mörkun eða merking fjár tengist ekki aðeins eignarhaldi heldur einnig öryggi, s.s. rakningu vegna sjúkdóma og afmörkun lands sem má nýta til beitar.

Petta er ein elsta hefðin sem við höfum hér á landi og er Ísland eina landið sem heldur utan um markaskráningu og hefur gert síðan 1811 í það minnsta. Mörkin virka dálítið á sama hátt og skjaldarmerki gerðu í Evrópu fyrir á oldum. Þau merktu eignir manna (kindur), táknuð fjólskyldur og enginn mátti vera skráður með sama mark, þetta allt er alveg eins og skjaldarmerkin gömlu en í raun eru mörk mun eldri en skjaldarmerki því eins og kom fram ofar voru mörk til þegar landnámsmennir komu til landsins og eru þau eflaust elstu ættargripirnir eins og kemur fram í „Sagnapáttum Guðfinnu“ eftir Guðfinnu S. Ragnarsdóttur.

Hefðin hefur nú haldist að mestu óbreytt í gegnum aldirnar og eins og ég minntist á er Ísland eina landið sem hefur skrá yfir mörk og eigendur þeirra. Fjármörk voru til á öllum Norðurlöndum og þekkjast enn til dæmis í Færeyjum, Noregi og á Hjaltlandi. Þessi mörk eru ekki aðeins eins og íslensku mörkin er varðar mynstur, heldur heita sömu eða svipuðum nöfnum. Gagnbítar heitir t.d. „gangbit“ og fjöldur „fidder“ á Hjaltlandi. Það er ómögulegt að vita hvað þessi hefð er gömul en við getum miðað við að hún er eflaust eldri en víkingaoldin, sem er alveg ótrúlegt.

Ég hvet bændur og aðra til að halda hefðinni gangandi þar sem þetta er mikilvægur menningararfur. Óll mörk eru skráð á Landmarkaskrá.is og ég ýti á það að fólk skrái og viðhaldi gömlum sem og nýjum ættarmörkum.

Höfundur er Vestmannaeyingur ættaður að austan og sagnfræðinemi við Háskóla Íslands.

Marksaga Hreimstöðarættarinnar (eins langt aftur og heimildir leyfa)




Geirmundur Jónsson (1764-1856)
Tvistýft aftan hægra og sýlt, gat vinstra
Skráð 1811




Hannes Geirmundsson (1797-1869)
Tvistýft aftan hægra og sýlt, biti framan vinstra
skráð 1855




Porkell Hannesson (1831-1924)
Tvistýft aftan hægra og Hvatt vinstra
Skráð 1879



Pórarinn Porkelson (1860-1932)
Hvatt hægra, Heilhamrað vinstra
Skráð 1890



Gunnþór Pórarinsson (1896-1983)
Hvatt hægra og Heilhamrað vinstra



Gunn (barna barn Gunnþórs)
Tvistýft aftan hægra og Heilhamrað vinstra



Breki Einarsson (2004-)
barnabarn Gunna
Tvistýft aftan hægra og Heilhamrað vinstra

Tímalína sem sýnir mörk Hreimstöða frá 1811 til dagsins í dag.

Gróska eða stöðnun?

Árið 2018 vann KPMG skýrslu fyrir þáverandi landbúnaðaráðherra þar sem sviðsmyndir um mögulega framtíð íslensks landbúnaðar voru greindar.

Lykilspurn-ingin sem sett var fram var: Hver verður framtíð íslensks landbúnaðar árið 2040? Frá því þessi vinna hófst eru liðin 6 ár og því rétt að spryja sig hver staðan sé í dag og hvert við viljum stefna.

Þróunin undanfarin sex ár

Árið 2018 var metár í mjólkurframleidslu á Íslandi pégar framleiddir voru 152,5 milljón lítrar til samanburðar við 151,5 milljón lítra árið 2023. Þó lítur út fyrir að metframleidsla verði í ár en fyrstu 9 mánuði ársins er framleidslan 1,8% yfir framleidslunni á sama tímabilinum í fyrra.

Grænmetisframleidsla hefur vaxið á sama tímabilinum; kartöflur, tómatar og paprika um 20% og gúrkur um 9% svo dæmi séu tekin. Mikil söknartækifæri eru fyrir greinina enda sér garðyrkjan einungis fyrir um 43% af framboði grænmetis hérlandis í dag.

En frá árinu 2018 hefur því miður ríkt stöðnum í innlendri framleidslu í svína-, alifugla- og nautakjöti og framleidsla kindakjöts hefur dregist saman um 20% (2018–2023). Á sama tímum hefur innflutningur aukist allverulega, um 60% í svína- og nautakjöti og um 76% í alifuglakjöti. Markaðshlutdeild innflutnings hefur þannig hekkad á tímabilinu og er rúmlega fjórðungur svína-, alifugla- og nautakjöts í dag.

Gróskan tryggð

Undanfarin ár hafa verið landbúnaðinum erfið með hækkandi aðfanga- og vaxtakostnaði og afkoma bænda hefur ekki verið glæsileg. Stjórnvöld hafa gripið til viðbótargreiðslna í lok árs til þeirra greina sem standa hvað höllustum fati og ljóst er að númerandi staða byður ekki upp á mikinn sveigjanleika í rekstri framleidenda til að mæta óvæntum áföllum. Það mun falla í skaut næstu ríkisstjórnar að semja um framtíðar stuðningsfyrirkomulag greinarinnar en nágildandi búvörusamningar renna sitt skeið í lok árs 2026. Á næstu árum munum við einnig sjá auknar kröfur tengdar loftslags- og sjálfbærnimálum og þar er gríðarlega mikilvægt að stíga skynsamleg skref, taka tillit til aðstæðna hér á landi og tryggja að við séum ekki að skapa óþarflega íþyngjandi regluverk sem gengur lengra en þekkist annars staðar og dregur úr getu og hvata til framþróunar og nýsköpunar.

Með heimild til aukinnar hagræðingar í slátrun og vinnslu fyrr á þessu ári voru stigin mikilvæg skref í átt að skilvirkara landbúnaðarkerfi. Við erum einnig að sjá aukið jafnvægi í framleiðslu og sölu kindakjöts sem leiðir af sér hærra afurðaverð til bænda. Gott gengi í útflutningi á skyri skilaði sér í arðgreiðslum til mjólkurframleidenda fyrir á þessu ári og þá hefur útflutningur á grænmeti til Færeyja og Grænlands aukist tölувart á undanförnum árum. Það er því ýmislegt jákvætt í gangi sem gefur til kynna bjartari framtíð.

Hins vegar þarf sífellt að vera vakandi fyrir áskorunum og finna lausnir á þeim jafnóðum. Hér má nefna hækkun raforkuverðs en raforka er einn starsti kostnaðarliður garðyrkjubænda. Í núverandi stjórnarsátmála var lagt upp með að festa niðurgreiðsluhlutfall á dreifingu og flutningi raforku til garðyrkjunnar en það hefur því miður ekki enn verið gert, þrátt fyrir að frumvarp þess efnis hafi verið lagt fram í fjörgang á kjörtímalinu. Þá er nokkuð ljóst að verð á raforku á almennum markaði mun hækka sökum mikillar eftirsprunar og í dag hafa matvælaframleidendor hvorki tryggt aðgengi að raforku né á ákeðnu verði sem gæti stuðlað að því að halda niðri matvælaverði. Stjórnvöld þurfa að huga alvarlega að þessari þróun ef stefna á að áframhaldandi vexti í greininni.

Endurskoða þarf tollasamning Íslands við Evrópusambandið sem tók gildi árið 2018, en eftir því hefur verið kallað frá samþykkt hans. Stjórnvöld hafa viðurkennt að forsendur samningsins hafi breyst og ójafnvægi sé að milli samningsaðila, íslenskum framleidendum í óhag. Reyndar er í núverandi stjórnarsátmála kveðið á um að endurskoðun samningsins skyldi lokið á þessu kjörtímabili en líkt og með niðurgreiðsluhlutfall raforku til garðyrkjubænda hefur ekki enn verið ráðist í það verkefni.

Eftirfylgni er allt sem þarf

Þörf er á mjög svo aukinni matvælaframleidslu í heiminum á næstu áratugum sökum fólkfjölgunar og breyttar neyslu. Það atti því að vera áherslumál fyrir íslensk stjórnvöld að bæta sjálfsaflahlutfall okkar í þeim landbúnaðaryörum sem auðvelt er að framleiða hérlandis. Við þurfum ekki að stefta á að framleiða allt sjálf, enda óraunhæft miðað við legu landsins, en vel er hægt að skapa greininni gott starfsumhverfi sem veitir henni tækifæri til að auka framleiðslu og bæta samkeppnisstöðu sína. Til þess þarf einungis að taka ákvarðanir – og fylgja þeim eftir.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

LÍF OF EICNIR ERU Í HÚFI


[ELDVARNA] bandalagið

Er nægar og greiður aðgangur að slökkvatnini við býlið þitt?

Slökkvítæki þarf að yfirfara og endurnýja í samræmi við ráðleggingar framleiðanda

Eldvarnateppið er ómissandi í eldhúsini

TÚNFÍFILL GUESTHOUSE



Frábær aðstaða fyrir fjólskyldur og litla vinahópa, 230 fm., allt á einni hæð.

Á pallinum er grill, heitur pottur og sauna.

Upplýsingar: Hörður s. 8691526 - Pálína s. 8677159 - netfang. tunfifill@tunfifill.is

Staðsetning: Teigagrund 6 á Laugarbakki/Hvammstangi

Erum mitt á milli Akureyrar og Reykjavíkur



Mynd / Odd Stefán

Sterkur landbúnaður þarf stefnufestu og aftur stefnufestu

Það er stór ábyrgðarhluti stjórnvalda að reyna að tryggja að atvinnugreinar séu byggðar upp á landsbyggðinni með það að markmiði að þar haldist nægilega sterk byggð til að hin félagslega heild samfélagsins haldi velli.

Ef þetta verður ekki gert og stjórvöld gefast upp á að verja byggðirnar með nýjum atvinnugreinum, þá er hætta á að Ísland sé í verulegri hættu með að verða borgríki.



Heiðrún
Ólafsdóttir.

Sú atvinnugrein sem hefur haldið landinu í byggð í meira en 1100 ár stendur á bjargbrúninni þar sem stjórvöld hafa ekki tryggt nýliðun, afkomuöryggi né rekstrarumhverfi bænda en hafa þess í stað aukið íþyngjandi kröfur á íslenskan landbúnað jafnt og þétt með gullhúðun EES-reglna. Það er algjörlega ótækt að bændur landsins búi við þá stöðu að stjórvöld skerði samkeppnisstöðu bænda landsins með því að búa svo um hnútana að bendum er ætlað að starfa undir mun strangara og íþyngjandi regluverki en erlendir samkeppnisaðilar sem virðast geta ótakmarkað flutt inn matvæli til landsins. Fyrir hverja hafa stjórvöld verið að vinna? Innflutningur á nautakjöti var árið 2023 samtals 1.344 tonn þrátt fyrir að úthlutað magn tollkvóta fyrir sama ár var einungis 800 tonn.

Nei, nú er nóg komið

Það er míni von að þjóðinni auðnisti sú gæfa að skynja að við stöndum á tímamótum í komandi alþingiskosningum. Stefna Miðfloksins hefur frá upphafi verið og er enn „Ísland allt“ sem er heildstæð byggðastefna fyrir landið allt sem byggir meðal annars á aðgerðum til

að byggja upp sterkan og sjálfbærana landbúnað sem tryggir matvæla- og fæðuöryggi þjóðarinnar til framtíðar. Stöðva verður innflutning á ófrosnu kjöti, eggjum og ógerilsneyddum matvælum. Vísindamenn hafa ítrekað bent á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu m.a. með hliðsjón af fjölgun sýklalyfjaónæmra baktería. Tryggja þarf landbúnaði sem atvinnugrein skýrt starfsumverfi og langtímasýn byggða á traustum grunni og stefnufestu. Bújörð sem leggst af hefur langtímaáhrif og teikifærni sem ekki eru nýtt tapast hratt ef ekki eru til staðar möguleikar að grípa þau. Miðflokkurinn hefur ávallt talað fyrir mikilvægi þess að stórefla innlenda matvælaframleiðslu, tryggja matvæla- og fæðuöryggi, veita neytendum umhverfisvæna, holla og næringarríka fæðu, treysta afkomu bænda, auka sjálfbærni og umhverfisvernd, varðveisita þekkingu, efla rannsóknir og menntun í landbúnaði, auka skilning á mikilvægi landbúnaðarframleiðslu og verndun landgæða.

Í 1100 ár hefur íslenskur landbúnaður bæði fætt og klætt þjóðina, hér hefði ekkert byggst upp án landbúnaðar og fólksins sem staðið hefur vaktina í áranna rás.

En með óbreyttu stjórnarfari mun Ísland verða borgríki í sinni svörtstu mynd og landsbyggðin ein frístundasvæði erlendra auðmannna.

Miðflokkurinn mun vinna að lausnum sem byggja á raunverulegum aðgerðum til að ryðja veg nýliðunar í landbúnaði og byggja upp sterkan landbúnað. Miðflokkurinn vill tryggja að ljós úthíusa í sveitum landsins munu lýsa um ókomna til Íslandi öllu til heilla.

Undirrituð mun fjalla nánar um þær hugmyndir í næsta tölublaði Bændablaðsins.

Höfundur er kúabondi á Stífl í V-Landeyjum og skipar 2. sæti á lista Miðfloksins í Suðurkjördæmi.

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020,
bjorgvin@eignatorg.is



516-2600
www.vorukaup.is
vorukaup@vorukaup.is



Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítill með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti

wpl
Diamond



IÐNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Segðu BLESS
við óværuna!

YKKAR
pest control

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Andagift

Íslenskrar sveitar og sveitastarfa sér víða stað í menningarskópun landans að fornu og nýju. Andagiftin á þó ekki síst rætur í náttúrunni sjálfri. Hér grípum við sitthvað úr bókmenntum, kvíkmyndum, leiklist og myndlist.

/sá



Sveitastelpan leitar í litadýrð, ró og fegurð

Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir er fædd árið 1966 á bænum Desjarmýri á Borgarfirði eystra og alin þar upp við fjárbúskap og hefðbundin sveitastörf.

„Ég hef búið og unnið ýmis störf víða um land, raunar í öllum landsfjórðungum,“ segir hún aðspurð.

„Ég lauk kennaraprófi árið 2007 og BA í þjóðfræði 2021. Hef starfað sem skólasafnskennari á Akureyri frá 2007. Auk þess hef ég einnig kennit ritlist, bókmenntir, myndlist o.fl. hjá símenntunarstöðvum á Norðurlandi,“ segir Ingunn, sem búsett er á Akureyri.



Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir.

Olía á striga

Ingunn hóf að lara myndlist árið 2014 og áfram, á námskeiðum hjá Lindu Óladóttur, einnig hjá Soffíu Sæmundsdóttur og Zhiling Li. Hún segist tilheyra stórum hópi listafólks sem hafi aðsetur á vinnustofum í Kaupvangsstræti 4 á Akureyri.

„Olía á striga er það sem ég hef unnið mest með og eru það þá einkum myndir tengdar íslenskri náttúru, sveitinni,

gróðrinum og dýrunum sem rata á strigann,“ útskýrir Ingunn. „Sveitastelpan leitar í þá litadýrð, ró og fegurð sem sveitalífið býr yfir og sækir innblástur og vellíðan í rætur sínar. Listskópunin er bæði heilun, jarðtenging og nútíund og rímar vel við ritstörf, ljóðlist og garðyrkjum sem eru meðal hugðarefna miðaldra bónadótturinnar,“ segir hún glettin.

Orðhög og beinskeytt

Nýlokið er fjórðu myndlistarsýningu Ingunnar sem var í Safnahúsi Húsavíkur. Þar sýndi hún úrvall olíumálverka úr náttúru Íslands og lífríki. Hún bjó áður fyrr á Húsavík, um 14 ára skeið.

Ingunn er ekki við eina fjölinna felld í hinum fögru listum því hún hefur einnig sent frá sér ljóðabækurnar Hjörtru í ilmandi umslögum, 1996 og Lausagrjót úr bagnarmúnum, 2011, skáldsöguna Braðarborg árið 2013, ritgerðir, greinar og fleira.

Einnig á hún ljóð í safnritunum Djúpar rætur og Raddir að austan. Pess má og geta að síðustu ellefu árin hefur hún skrifsað árlega jólasögu og lesið upp fyrir ýmsa hópa á Norðurlandi. Þær gætu ratað á bók einn daginn, að sögn Ingunnar.

Skugga-Sveinn hefur lifað með þjóðinni

Auðvelt er að ímynda sér að mýmög leikhúsverk íslensk tengist lífi í sveit og landbúnaði á einhvern hátt.

Ýmis þekkt verk sem snerta á þessu hafa verið sett upp endurtekið hjá áhugaleikfélögum vítt og breitt um landið og sömuleiðis hafa stóru leikhúsin höggvið í þennan knérunn. Því til viðbótar eru útvärpsleikgerðir.

Dæmi um þetta er leikritið Skugga-Sveinn eftir þjóðskáldið Matthías Jochumsson, um einn þekktasta útlaga Íslands og baráttu hans við laganna verði. Verkið var fyrst sett á svíð í Reykjavík árið 1862. Varla hefur nokkurt íslenskt leikrit verið leikið oftar hér á landi, mórgum kynslóðum til óblandinna ánægju.

Fá verk eru sögð verðskulda betur að teljast til sigildra íslenskra leikbómennta. Litrikar persónur þess, Grasa-Gudda, Gvendur smali og Ketill skräkur hafa lifað með þjóðinni og tekið sér bólfestu í hjarta hennar.

Verkið er alþýðlegur gamanleikur með söngvum og efnid hjátrú, ótti við hið ókunna, ást og hatur. Persónurnar eru dregnar skýrum dráttum og kallast greinilega við margt af því sem talið hefur verið einkenna íslenska þjóði í gamni og alvöru. Sögupráðurinn rekur handtöku útlaga sem hafast við í óbyggðum. Inn í hann er fléttat ástarsögu bónadótturinnar Ástu í Dal og Haraldar, ungs pílts sem er í slagtogi með útilegumönnunum en reynist saklaus.

Leikfélag Akureyrar setti Skugga-Svein á fjárlarar fyrir tveimur árum og fóru þá með hlutverk þau Jón Gnarr, Björgvin Franz Gíslason, Sunna Borg, María Pálsdóttir, Árni Beinteinn Arnason, Pórdís Björk Þorfinnsdóttir, Vala Fannell og Vilhjálmur B. Bragason.



Skugga-Sveinn og Ketill skräkur í þjóðleikhúsini 1984. Mynd / Þjóðleikhúsíð

Hörður Sigurðarson hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga var innan handar við að tína ymislegt til í leikritum tengdum sveit og sveitastörfum en segir það vera verl á stangli en alls ekki taemandi lista. Stórt sé spurt begar ná eigi yfirsýn yfir þetta efni. „Pað eru auðvitað fjölmög leikrit sem tengjast íslenskri sveit á einhvern hátt en mun ferri sem tengjast landbúnaði, a.m.k. beint,“ segir hann.

Hér eru nokkur leikrit sem Herði komu til hugar:

- Útilegumennirnir (Skugga-Sveinn) eftir Matthias Jochumsson.
- Útilegumenn eftir Einar Loga Einarsson. Útvärpsleikrit fyrir börn.
- Hrútur stofn til hjónabands eftir Guðmund Gíslason Hagalin. Útvärpsleikrit 1971. Fjallar um mæðiveikina.
- Piltur og stúlka eftir Jón Thoroddsen, leikgerð Emil Thoroddsen.
- Bondinn á Hrauni eftir Jóhann Sigurjónsson.
- Fórunautar eftir Halldór Stefánsson. Útvärpsleikrit 1956.
- Grenið eftir Kjartan Heiðberg. Útvärpsleikrit 1978.
- Gegenum holt og hæðir eftir Herdís Egilsdóttur. Leikfélag Kópavogs 1979.
- 39 og hálf vika eftir Hrefnu Friðriksdóttur. Frumsýnt hjá Hugleik 2008.
- Bjart með köflum eftir Ólaf Hauk Símonarson. Þjóðleikhúsíð 2011.
- Anna frá Stóru-Borg eftir Jón Trausta. Frumsýnt hjá Leikfélagi Austur-Eyfellinga 2014.
- Feigð eftir Ármann Guðmundsson. Hugleikur 2016.



Stíkla úr kvíkmyndinni Svar við bréfi Helgu.

Mynd / Skjáskot



Félagsfundur Slátturfélags Suðurlands svf.

Stjórn Slátturfélags Suðurlands boðar til félagsfundar
6. desember 2024 klukkan 15:00 í félagsheimilinu Hvölví, Hvolsvelli.

Dagskrá:

- Tillaga stjórnar um breytingu á 3. gr. samþykktá félagsins.
- Önnur mál.

Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa fulltrúar sem félagsdeildir tilnefna sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktá félagsins.

Tillaga stjórnar um breytingu á 3. gr. samþykktá félagsins að það starfi sem framleiðendafélag skv. 5. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, að því er varðar afurðardeild félagsins.

Nánari upplýsingar um félagsfundinn, dagskrá og tillögu um breytingu á 3. gr. samþykktá félagsins er að finna á heimasíðu félagsins.

Reykjavík, 31. október 2024
Stjórn Slátturfélags Suðurlands svf.

Fornar ástir og fengitíð

Af mörgu er að taka þegar hugað er að íslenskum kvíkmyndum sem hafa drepið niður fæti í íslenskri sveit og tengjast jafnvæl landbúnaði á einhvern hátt.

Af nýri myndum kemur Svar við bréfi Helgu í leikstjórn Ásu Helgu Hjörleifsdóttur upp í hugann. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Bergsveins Birgissonar frá 2010 og var frumsýnd í sumarlok árið 2022. „Í afskekktum firði á 5. áratug síðustu aldar verður hinn ungi bónið Bjarni ástfanginn af Helgu, konunni á næsta þæ. Þau hefja ástríðufullt, forboðið ástarsamband, og brátt fara tilfinningarnar að flæða jafnhömlulaust og hafið sem umkringir þau“, segir í kynningu á myndinni. Þá er þessi söguþráður aðgengilegur á vef Kvíkmyndamiðstöðvar: „Aldraður bónið skrifar bréf til ástkonunar sem honum bauðst að fylgja til borgarinnar forðum tíð. Gerði hann rétt í að taka sveitina fram yfir kærleikann? Hefði hann fremur átt að flyttast til Reykjavíkur til að moka skurð eða reisa bragga fyrir Ameríkana? Minningar úr sveitinni fléttast inn í safaríkar frásagnir af því sem hann kallar fengitíð lífs síns. Fornar ástir renna saman við sagnir af gleymendum líkum, lágfættum hrúum sem ligga afvelta milli þúfna og því þegar Farmallinn kom.“

Með helstu hlutverk, hlutverk elskendanna Bjarna og Helgu, fara

þau Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Hera Hilmarsdóttir. Eftirfarandi er listi, þó ekki taemandi, yfir íslenskra kvíkmyndir sem komið hafa við í sveit að einhverju eða öllu leyti og getið um titil þeirra, leikstjóra og hvaða ár þær voru frumsýndar.

- Milli fjalls og fjöru, Loftur Guðmundsson, 1949.
- Síðasti bærinn í dalnum, Óskar Gíslason, 1950.
- Niðursetningurinn, Loftur Guðmundsson, 1951.
- Reykjavíkurævintýri Bakkabréðra, Óskar Gíslason, 1951.
- Land og synir, Ágúst Guðmundsson, 1980.
- Soley, Róská, 1982.
- Dalalíf, Þráinn Bertelsson, 1984.
- Eins og skepnar deyr, Hilmar Oddsson, 1986.
- Kristnihald undir Jökli, Guðny Halldórsdóttir, 1989.
- Börn náttúrunnar, Friðrik Þór Friðriksson, 1991.
- Svo a jörðu sem á himni, Kristín Jóhannesdóttir, 1992.
- Hin helgu vé, Hrafn Gunnlaugsson, 1993.
- Agnes, Egill Eðvarðsson, 1995.
- Veðramót, Guðny Halldórsdóttir, 2007.
- Duggholufólk, Ari Kristinsson, 2007.
- Brúdguminn, Baltasar Kormákur, 2008.
- Heiðin, Einar Þór Gunnlaugsson, 2008.
- Sumarlandið, Grímur Hákonarson, 2010.
- Hross í oss, Benedikt Erlingsson, 2013.
- Hrútar, Grímur Hákonarson, 2015.
- Svanurinn, Ása Helga Hjörleifsdóttir, 2018.
- Kona fer í strið, Benedikt Erlingsson, 2018.
- Héraði, Grímur Hákonarson, 2019.
- Dýrið, Valdimar Jóhannesson, 2021.
- Svar við bréfi Helgu, Ása Helga Hjörleifsdóttir, 2022.
- Voláða land, Hlynur Pálsson, 2023

Ort um hvunndaginn og samband kynslóðanna

Jón Knútur Ásmundsson er fæddur árið 1975 í Neskaupstað. Slög er hans önnur ljóðabók en áður kom út ljóðabókin Stím (2022) þar sem ort var um föðurmissi, samband kynslóðanna og veruleika smábæjarins, og smásagnasafnið Nesk (2007).

Dómnefnd Ljóðstafs Jóns úr Vör veitti Jóni Knúti í ársþyrjun sérstaka viðurkenningu fyrir ljóðin Fálæti og Legið yfir gögnum sem er að finna í Slögum.

Ljóð bókarinnar fjalla um hversdagslífið og eru mörg lágstemmd en oft meinfyndin, margræð og afar hnyttin.

Trommari á hlaupum

Jón Knútur segist aðspurður hafa fengist við eitt og annað gegnum tíðina. „Ég byrjaði á að bera út Austurland, málagn Alþýðubandalagsins í Neskaupstað, tíu eða ellefu ára gamall, beitti þegar ég var unglingsur, og svo fór ég í frystihúsíð, netagerðina og allt þetta hefðbundna sjávarþorpsdæmi,“ segir hann.

Hann menntaði sig í félagsvísdum. „Ég fór í blaðamennsku í nokkur ár í framhaldinu, prófaði prent, útvarp og smá sjónvarp en gerðist svo upplýsingafulltrúi sem hafa jú orðið örlog margra blaðamanna á síðustu árum. Hef verið í þannig djöbbi í tíu ár eða svo hjá Austurbrú. Lít samt á mig sem blaðamann fremur en upplýsingafulltrúa, bara svo það sé sagt!“ segir hann sposkur.



Jón Knútur Ásmundsson.

Jón Knútur segist eiga sér líf utan vinnu og leggi áherslu á að sinna því. „Ég á konu, börn og hund. Spila á trommur, sinni skrifum, les bækur og fer út að hlaupa.“

Safnar í sarinn

Hann segist vakna snemma og skrifa daglega. „Ég fær útrás fyrir vitleysisgang á samfélagsmiðlum og svo endar sumt í möppum í Dropboxinu mínu. Þær eru orðnar nokkrar og heita dularfullum nöfnum eins og „Malbik endar“, „Opið skrifstofurými“, „Lokuð búsetuúrræði“, „Brammið í gumiðstígvélonum“ og fleira. Ég veit ekki hvernig þetta þróast. Kannski verður til önnur ljóðabók eftir nokkur ár. Kannski eitthvað annað. Ég bara veit það ekki og það er ekkert að trufla mig,“ útskýrir hann. Jafnframt segist hann enn blogga af og til á jonknutur.is.

Á baksíðu bókarinnar eru ýmsar merkingar orðsins slög að finna: högg með hnfea, sláttur í hjarta og æðum, hljóð í klukku, ásláttur við vélritun eða trommuleik, huppur og skammrif af slátturdýri, mælikvarði á lengd minningargreina í dagblöðum.

Heimaslóð
Austfjarðaþokan víðsfjari
Mjóafirði
sit inni í Sólbrekku
les í slitinni bók
um forfeður mína
sem bjuggu á Krossi
hér hinum megin í firðinum

kuldi
vosbúð
harðindi

þetta er frásögn
af ekta íslenskum barningi

langalangafi minn
leitaði loks betra lífs á Norðfirði
enda virtist sá staður gæddur
öllum þeim kostum
sem verstöðvar þurfa að hafa
bjó þar í húsi
sem hét hinu strangheiðarlega nafni
Harðangur

verandi yfirmáta sjálhvverfur
hugsa ég
um eigin stöðu
meðan ég drekk rjúkandi heitt kaffi
inni í Sólbrekku
og fylgist með börnumum mínum
fyrir utan gluggann að leik
við bæjarseppann

af svona fólk ertu kominn

mundu þetta

mundu þetta

líði þér einhvern tímann
eins og þú sért

ættsmár og einn

Slög, útg. Gjallarhorn, 2024, bls. 58-59



Byltingarkennd hitunaraðferð

Veltron infrarauður hitari er byltingarkennd vara fyrir hraða tímabundna hitun.

Veltron DHOE-120 dísel knúinn far infrarauður hitari notar einungis 50W(sambærilegt við ljósaperu) og 2,3 lítra af eldsneyti á dag.

Hitarinn notast eingöngu við rafmagn við uppkveikju, brennara og tölvustýringu.

Margar stærðir til.



TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Bændablaðið kemur næst út 21. nóvember
Hvar auglýsir þú?

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
fasteignamidstin@fasteignamidstin.is - www.fasteignamidstin.is

**Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS**

KOMDU Í
NÁTTÚRU- & UMHVERFIS-FRÆÐI
Kynntu þér BS námið nánar

Verkefnastjóri - Byggingastjóri - Húsasmíðameistari

**Ertu með byggingaráform
eða ertu í framkvæmdum?**

Tek að mér alla ráðgjöf,
í verkefna- og byggingastjórnun á öllum byggingarstigum, ásamt samskiptum
við hönnuði og byggingarfulltrúa.

**Hafið samband í síma 774-0866 eða á netfangið:
armannsfell@gmail.com**

LED perur fyrir Flúrlampa!
3 Stærðir - Allar perur : **Verð kr. 1.500**
- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít
- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít
- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít

SMH Gróðurhús ehf.
Sími: **866-9693**
Facebook: Gróðurhús SMH ehf

Þriggja arma LED ljós sem skrúfast í venjuleg perustaði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur 80W - 8000 Lumen. **Verð kr. 8.000**



MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn v. 2024.

Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhluta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vörurþróun, kynningar- eða markaðssstarf. Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember nk.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðins fást hjá framkvæmdastjóra haflidi@icelandicclamb.is



Hannyrðir:

Peysan Björk

Stærðir: XS S M L XL XXL.

Yfirvidd: 88 94 100 111 120 128.

Íslenska Björkin er innblástur að þessari peysu. Laufblöð og greinar prýða peysuna og gaman að setja saman litir í hana og það geta verið hvort sem er summar-eða haustlitr. Jurtalitað band er einhvern veginn sjálfsagt í þessa peysu og njóta þeir litir sín mjög vel með náttúrulegum sauðalitum Þingborgar-lopans. Það er auðvitað hægt að nota annan lopa í þessa peysu, plötulopu, léttlopu eða annað garn sem er svipað að grófleika. Þá þarf að gæta að þjónfestu.

Efni og áhöld: 450-450-450-500-550-550 g Þingborgarlopi í aðallit. Jurtalitað tvíband frá Þingborg í laufblöð og greinar: 3 X 20 gr grænir eða aðrir litir í laufblöð 15 gr grænn eða annar litur í efstu laufblöðin 20 gr lopi eða litað band í greinar.

Sokkaprjónar nr 3.5 og 5, hringprjónar nr 3.5 40 og 80 cm langir, hringprjónar nr 5, 40, 60 og 80 cm langir. Uppskriftin er gefin upp fyrir bæði heila og opna peysu.

Prjónfesta: 14 1 og 23 umferðir í sléttu prjóni = 10 x 10 cm Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prfu. Til að fá sem réttasta niðurstöðu er gott að prjóna prfu í hring, að prjóna prfu fram og til baka getur skekkt niðurstöðu.

Prjónað er úr plötulopanum tvöföldum. Peysan er prjónuð í hring, að undanskildu stroffi á bol og hálsmáli á opinni peysu. Lesið uppskriftina yfir áður en hafist er handa.

Bolur á heilli peysu: Fitjið upp 126-133-140-154-168-182 1 með fyrsta mynsturlit á 80 sm hringprjón nr 3.5, tengið í hring og prjónið síðan stroffið fram og til baka. (Mynstur 1) Tengið í hring og skiptið yfir á prjóna nr 5 og fitjið upp 2 lykkjur aukalega í burjun umferðar, sem verða svo prjónaðar brugðnar að hálsmáli. Pessar lykkjur eru til að geta opnað peysuna. Prjónið bol uns hann mælist 38-46 sm. Mælið þann sem á að fá peysuna og metið bolsídd.

Að dömupeysu er fallegt að gera „mitti“ á peysuna með því að taka úr á bol. Setjið merki í báðar hliðar, takið úr 2 1 hvoru megin, *þrj 2 1 saman, þrj 1 1, þrj 2 1 saman*. Fyrst er tekið úr er bolur mælist 8-12 sm og síðan 2x aftur með 5 sm á milli. Alls eru teknaðar 12 1. Prj 5 sm, þá er aukið út aftur samsvarandi og með sama millibili og tekið var úr




130-137-144-158-172-186 1 með fyrsta mynsturlit á 80 sm hringprjón nr 3.5, prjónið síðan stroffið í aðallit 10 sm og prjónið stroffið fram og til baka. (Mynstur 1) Tengið í hring og skiptið yfir á prjóna nr 5 og fitjið upp 2 lykkjur aukalega í burjun umferðar, sem verða svo prjónaðar brugðnar að hálsmáli. Pessar lykkjur eru til að geta opnað peysuna. Prjónið bol uns hann mælist 38-46 sm. Mælið þann sem á að fá peysuna og metið bolsídd.

Á dömupeysu er fallegt að gera „mitti“ á peysuna með því að taka úr á bol. Setjið merki í báðar hliðar, takið úr 2 1 hvoru megin, *þrj 2 1 saman, þrj 1 1, þrj 2 1 saman*. Fyrst er tekið úr er bolur mælist 8-12 sm og síðan 2x aftur með 5 sm á milli. Alls eru teknaðar 12 1. Prj 5 sm, þá er aukið út aftur samsvarandi og með sama millibili og tekið var úr

og endað með sama lykkjufjölda. Mælið ykkur og metið hvað þið viljið hafa bolinn síðan og hvar þið viljið að úrtaka byrji.

Ermar: Fitjið upp 28-35-35-42-42-42 1 með fyrstu mynsturlit á sokkaprjóna nr. 3.5, prjónið síðan stroff í aðallit í hring 10 sm. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 5 þegar stroffi er lokið og aukið um 2 ykkjur í annarri umferð undir miðri ermi, (1 lykkju eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu lykkju í umferð). Endurtakið aukningu 7-8-8-8-8-9 x upp ermi, með u.p.b. 8 umferðir á milli, þar til 44-53-53-60-60-62 lykkjur eru á prjónanum. Skiptið yfir á stutta hringprjónanum nr. 5 á u.p.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist



44-52 sm. (Mælið handlegg og metið hve ermin á að vera löng).

Axlastykki á heilli peysu: Sameinið bol og emrar á langa hringprjóninn nr 5. Setjið 4-5-5-5-6 síðustu lykkjur og 5-5-6-6-6 fyrstu lykkjur á báðum ermum á prjónanælu. Setjið 9-10-11-11-12 fyrstu lykkjur af bol að prjónanælu þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol. Prjónið fyrri ermina við bolinn 35-43-43-49-49-50 lykkjur, prjónið næstu 54-56-60-66-73-79 lykkjur af bol og setjið næstu 9-10-10-11-11-12 lykkjur á prjónanælu. Prjónið seinni ermina við og gerið eins og með hana. Prjónið síðan 53-57-60-66-73-79 lykkjur af bol, þá eru 178-199-206-230-244-258 lykkjur á prjónanum. Áður en byrjað er að prjóna mynstur þarf að stemma lykkjufjölda við mynstur, þessi fjöldi þarf að vera á prjónanum: 176-200-208-232-240-256 lykkjur, aukið út eða takið úr jafnt yfir prjónanum eftir því hvað við á. Prj mynstur eftir teikningu. Notið stytti hringprjóna eftir því sem lykkjur fækkar. Pegar mynstri lýkur er tekið út aukalega þar til 68-76 1 eru eftir á prjónanum. Þá er skipt á 40 cm hringprjón nr 3.5 og þrj 2 garðar. Eins er hægt að hafa hálsmál alls konar eins og hver vill. Fellið laust af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.

Axlastykki á opinni peysu:

Umferðin byrjar næst við brugðnu lykkjurnar, en þær eru þó ekki taldir með í prjóninu. Prj 29-29-31-34-37-41 lykkjur af bol að framan, setjið 10-10-10-11-11-11 næstu lykkjur á prjónanælu og prjónið fyrri ermina við 36-43-43-49-49-51 lykkjur og svo 57-59-62-68-76-83 lykkjur á bol, setjið næstu 10-10-10-11-11-12 lykkjur af bol á prjónanælu og gerið eins með hina ermina og að síðustu 29-29-31-34-37-41 lykkjur af bol. Þá eiga að vera á prjónanum 187-203-210-234-248-267 lykkjur. Áður en mynstur hefst, er bætt við einni lykkju í stærðum M og L og aukið um þrjár lykkjur jafnt yfir í stærð XL = 187-203-211-235-251-267. Prj mynstur eftir teikningu. Notið stytti hringprjóna eftir því sem lykkjur fækkar. Pegar mynstri lýkur er tekið út aukalega þar til u.p.b. 64-72 1 eru eftir á prjónanum. Fellið af aukalykkjurnar tvær sem prjónað voru brugðnar upp. Þá er skipt á 40 cm hringprjón nr 3.5 og prjónað fram og til baka 2 garðar.

Eins er hægt að hafa hálsmál alls konar eins og hver vill. Fellið

af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.

Listar á opna peysu: Saumið í vél með beinu þéttu spori og samlitum tvinna í brugðningu að framan sitt hvoru megin, sem næst sléttu prjóninu. Gott er að sauma tvisvar hvoru megin. Klippið upp á milli saumanna. Snúið réttunni á peysunni að ykkur og notið heklunálina til að taka upp lykkjur í hnepplista þvert á prjónið. Krekið í bandið með heklunálinni í gegnum lykkjurnar, en sleppið alltaf fjórðu hverri umferð, það er ágætis þumalputtareglu, þá er listinn passlega langur.

Farið lykkjurnar jafnöðum yfir á hringprjón nr 3.5 80 sm langan. Listinn á að ná að sléttu prjóninu á kraga. Prjónið stroff 2-3 umf ef það að setja rennilás en 5-6 umf ef setja á tölur og gerið þá hnappagöt með jöfn millibili á annan boðunginn. Passið að affellingin sé mátulega strekkt. Til að fela sárið innan á eftir saumaskapinn, er gott að hekla eina umf. af fastahekli yfir það og varpa því svo niður með einföldu spori. Eins er hægt að hekla framan á boðunginn, eina umf af fastahekli ef setja á rennilás en 2-3 umf fyrir tölur og þá eru sett hnappagöt á annan boðunginn með jöfn millibili. Ef heklað er á boðunginn notið þá heklunál nr. 4.5 og heklið í aðra hverja umf.

Ef settur er rennilás er mælt fyrir honum eftir þvott og hann hafður u.p.b. 3-5 sm stytti en boðungurinn mælist. Præðið hann á og passið að mynstur standist á. Ef hann er saumaður á í saumavél er gott að sauma hann í sömu átt beggja megin og byrja þar sem mynstur byrjar og sauma að hálsmáli og eins þegar saumað er niður. Með þessari aðferð gengur betur að láta mynstur stemma en ef saumað væri sitt í hvora áttina.

Höfundur hefur gefið út tvö myndbönd um frágang á boðung, til að opna peysu og prjóna lista. Setjið inn í leitarvél á netinu „frágangur á lopapeysu“ og þau koma upp, annars vegar „Listi framan á lopapeysu“ og hins vegar „Rennilás á lopapeysu“.

Pvottur: Þvoið flíkina í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og vindið svo í hálfa mínumáti í þvottavél. Mikilvægt er að vélum fari strax að vindu, (þær eru misjafnar að þessu leyti) en sé ekki að veltast með flíkina fyrst, þá getur hún þófnað. Leggið peysuna á handklæði til þerris.

Hönnun: Margrét Jónsdóttir

Taktu bátt!!



Hindranir og hvatar í íslenskum landbúnaði.
Öll þau sem tengjast landbúnaði
á einhvern hátt, langar að verða bændur,
eða stunduðu nám í
búvísindum/búfræði/garðyrkju
eru hvött til að svara könnun
Samtaka ungra bænda.

Könnun má svara með QR kóða hér:



<https://www.surveymonkey.com/r/ZWNFHZ8>
eða fara inná Facebook síðu
Samtaka ungra bænda og finna hlekk.



